# FRÉTTABLAÐIÐ

119. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 21. MAÍ 2016


# Tekur ekki þátt í ranghugmyndum

Tónlistarmaðurinn Unnsteinn Manuel Stefánsson segir mikilvægt að fólk af erlendum uppruna láti ekki fordóma fárra aftra sér. →26



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## Flúði frá Eyjum vegna eineltis →20



## Náttúruperla í hættu →30



## Freknur nýjasta sumartrendið →58

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




ÚTSKRIFT + GJAFAKORT ER GÓÐ HUGMYND

Gefðu ótal valkosti í tilefni af stóra áfanganum.

SMÁRALIND

## Veður




Norðan og norðaustan 3-13 m/s í dag, hvassast við austurströndina og á annesjum fyrir norðan. Skúrir eða slydduél á Norðaustur- og Austurlandi. SJÁ SÍÐU 46



Konu var blekkt til vinnu á hóteli í miðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Blekkt til að starfa á hóteli

**REYKJAVÍK** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú mál konu sem var haldið nauðugri í starfi á hóteli á höfuðborgarsvæðinu. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. Konan var þvinguð til að gista í herbergi með yfirmanni sínum sem hótaði henni að annars yrði hún handtekin.

Hún fékk tæpar 60 þúsund krónur í mánaðarlaun sem er langt undir lágmarkslaunum. Konan sinnti margvíslegum störfum á hótelinu og var við vinnu nánast daglega í fimm mánuði. – **gg**

# Kassabílarallý í miðborginni



**Spennan í hámarki** Um 700 börn af frístundaheimilum nálægt miðborginni tóku í gær þátt í kassabílarallýi. Árlegur viðburðurinn hófst með skrúðgöngu niður á Ingólfstorg. Börnin hafa á vormánuðum smíðað og skreytt kassabíla í frístundastarfinu og kynntu þá stolt til leiks. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lík og brak úr flugvélinni fannst í sjónum

**EGYPTALAND** Reykskynjarar fóru í gang í flugvél Egyptair sem hvarf sporlaust yfir Miðjarðarhafi í fyrradag. CNN greinir frá þessu.

Panos Kammenos, varnarmálaráðherra Tyrklands, tilkynnti í gær að leitarsveitir hefðu fundið líkamshluta, sæti, brak og farangur í Miðjarðarhafinu sunnan við grísku eyjuna Karpaþos.

Nánast öruggt er að brakið tilheyri flugvél EgyptAir. Sextíu og sex manns voru um borð, flestir þeirra Egyptar, og talið er víst að allir hafi farist.

Leitin beinist fyrst og fremst að því að finna flugrita vélarinnar til að varpa ljósi á hvað gerðist.

Stjórnvöld í Egyptalandi telja um hryðjuverk að ræða en stjórnvöld annarra ríkja vilja ekki taka jafn djúpt í árinni. – **srs**

# Mikill hafís miðað við árstíma

**LANDHELGISGÆSLAN** Hafís er nú kominn inn fyrir lögsögumörk Íslands út af Vestfjörðum.

Landhelgisgæslan fylgist vel með ísnum og er farið reglulega í eftirlit um svæðið á eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF.

Flogið var um svæðið á fimmtudag og var ísinn þá næst landi um 35 sjómílur norðnorðvestur af Straumnesi. Talsverður ís er á svæðinu miðað við undanfarin ár á þessum árstíma.

Upplýsingum um hafísinn er miðlað til Veðurstofu Íslands, Jarðvísindadeildar Háskóla Íslands og dönsku herstjórnarinnar sem annast leit og björgun á grænlensku hafsvæði.

Sjófarendur eru hvattir til að fylgjast með hafísfréttum, en á vef Landhelgisgæslunnar má sjá myndir af ísbreiðunni. – **shá**




# Ætla að setja eigendum aflandskróna afarkosti

**Fjármálaráðherra lagði fram frumvarp um skilgreiningu og takmarkanir á aflandskrónueignum á skyndifundi Alþingis í gær. Fá möguleika á að skipta krónum í evrur eða festa eignir á reikningum með lága eða enga vexti.**

**ALÞINGI** Boðað var skyndilega til fundar á Alþingi í gær. Efni fundarins var frumvarp um útboð Seðlabankans á aflandskrónueignum og umgjörð utan um þær eignir.

„Markmið laga þessara er að stuðla að losun fjármagnshafta og skapa grundvöll fyrir frjáls milliríkjaviðskipti með íslenskar krónur með efnahagslegan stöðugleika og almannahag að leiðarljósi. Fundum verður haldið áfram á Alþingi um helgina til að afgreiða frumvarpið fyrir opnun markaða á mánudaginn,“ segir í frumvarpinu en stefnt er á að Seðlabaninn haldi gjaldeyrisútboð þar sem aflandskrónueigendum gefst kostur á að skipta krónum sínum í evrur.

Að sögn Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra eru aflandskrónueignir um 319 milljarðar og til þess fallnar að leita sér útgöngu.

Þær krónueignir sem ekki verður skipt í útboðinu verða fastar á reikningum sem bera litla eða enga vexti. Þannig eru aflandskrónueigendum settir afarkostir með frumvarpinu.

Takmarkanirnar sem skilgreindar eru í frumvarpinu kveða á um að fjármálafyrirtækjum og verðbréfastofnunum sé skylt að flytja aflandskrónueignir fyrir 1. september að viðlögðum dagsektum allt að 50 milljónum króna á dag.

Eignir í formi inneigna flytjast yfir á innlánsreikninga háða sérstökum takmörkunum hjá íslenskum bönkum eða hjá Seðlabankanum óski erlendar verðbréfastofnanir þess.

Aflandskrónueignir í formi rafrænt skráðra hlutabréfa í vörslu innlendra og erlendra fjármálastofnana munu færast á umsýslureikninga í umsjá Seðlabankans.



Bjarni Benediktsson mælti fyrir frumvarpinu á skyndifundi Alþingis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Stjórnarandstaðan vinnur með ríkisstjórninni að greiða för þessa frumvarps í gegn um þingið.



Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar

Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu samráðsleysi við gerð frumvarpsins en hétu því að hindra ekki framgöngu þess.

„Þetta er risavaxið mál,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. „Ég hefði að sjálfsögðu kosið að stjórnvöld hefðu haft miklu meira samráð en haft hefur verið. Það sagði ég þegar frumvörp um stöðugleikaskatt og stöðugleikaframlag voru lögð fram og segi það aftur nú.“

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi að ekki væri búið að samþykkja lög sem færðu Seðlabankanum tæki til að sporna við óhóflegum vaxtamunarviðskiptum fyrir þetta skref en það breytti því ekki að stjórnarandstaðan væri hlynnt frumvarpinu. „Stjórnarandstaðan vinnur með ríkisstjórninni að greiða för þessa frumvarps í gegn um þingið,“ sagði Össur. **stefanrafn@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

60 ÁRA 1956 - 2016

Húsasmiðjan fagnar 60 ára afmæli

20% afsláttur
ÖLL GARÐHÚSGÖGN

Skoðaðu öll tilboðin í Húsasmiðjublaðinu

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
11.670 kr
~~14.590 kr~~
Garðstóll Chamonix
3899590

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
12.900 kr
~~15.900 kr~~
Gaðborð Coral Reef
50 cm.
3899592

Sýpris hæð ca. 100 cm.
999 kr
~~2.490~~

Sólboði, allar stærðir
1.190 kr
~~1.490~~

blómaval

weber

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
76.990 kr
~~99.900 kr~~
Gasgrill Weber Q3200
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, Postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h – 21.700 BTU.
3000380

Broil King

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
49.990 kr
~~59.990 kr~~
Gasgrill Broil King Royal 320
3 ryðfríir brennarar: Dual tube 8,8kW/h, grillgrind úr pottjárni, postulínshúðuð vermigrind.
3000604

Broil King

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
32.990 kr
~~38.990 kr~~
Porto Chef 120
Ferðagrill, 4,1 kw/h brennari, postulínshúðuð grillgrind. Grillflötur: 46x31 cm.
3000612

Nilfisk

21% afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
14.995 kr
~~18.995 kr~~
Háþrýstidæla C110.4-5 X-TRA
110 bör, 440 l/klst., sjálfvirk ræsing/stöðvun, 5 m slanga.
5254233

AUTHOR

Gerðu verð- og gæðasamanburð!

BETRA VERÐ/ BETRA VERÐ
39.900 kr
AUTHOR TROPHY 26”
19” grind úr álblöndu 6061.
Skipting 18 gírar Shimano Revoshift.
Afturskipting Shimano TY21.
V bremsur, þyngd 16,3 kg með fjöðrun.
3901306

## ALLT FYRIR GARÐINN Á LÆGRA VERÐI!

15% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
38.245 kr
~~44.995 kr~~
TEXAS
Sláttuvél TEXAS Razor 4610
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðastillingar.
5085301

23% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
19.995 kr
~~25.995 kr~~
BLACK & DECKER
Rafmagnssláttuvél EMAX32
1200W, 35 cm sláttubreidd, E-Drive mótor sem eykur kraftinn við álag.
5085160

FRÁBÆRT VERÐ
14.495 kr
TEXAS
Rafmagnsláttuvél Texas
1100W, sláttubreidd 32 cm, 6 hæða stillingar.
5085113

Frábært verð
4.995 kr
IKRA mogatec
Rafmagnsorf IGT350
350W, 25 cm sláttubreidd, framlengjanlegt skaft.
5086616

25% afsláttur
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
5.995 kr
~~7.995 kr~~
claber
Garðvagn
5081642

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

Byggjum á betra verði

www.husa.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 15.05.2016 TIL 21.05.2016

**617** krónur fá unglingar í 10. bekk á tímann í Vinnuskóla borgarinnar, en **1.359** í Snæfellsbæ.

**30** **milljarðar** fara í uppbyggingu á **Keflavíkurflugvelli** á næstu tveimur árum.

**565** fengu **rútupróf** í fyrra en **250** árið 2010.

**24** **skógarmítlar**, sem er illvígur bitvargur, bárust frá almenningi til Náttúrufræðistofnunar í fyrrasumar.

**50%** hærra orkuverð fær **Landsvirkjun** í nýjum samningi við **Norðurál**, er talið.

**391** **heimilisofbeldismál** kom upp hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í fyrra.

**130.000** fermetra **landfylling** er fyrirhuguð í **Elliðaárvogi**.

**37,5** **milljónir** má forsetaframboð kosta að hámarki.

## Þrjú í fréttum
## Íslandsmet, falinn sjóður og lægstu launin

**Hrafnhildur Lúthersdóttir**
*sundkona*



vann silfur í 100 metra bringusundi á EM og brons í 200 metra bringusundi. Hún bætti Íslandsmet sitt bæði í 100 metra og 200 metra bringusundinu í úrslitasundinu. Í hundrað metra sundinu var Hrafnhildur 0,28 sekúndum á eftir heimsmethafanum Ruta Meilutyte. „Þrír metrar í viðbót og ég hefði náð henni,“ sagði Hrafnhildur í léttum dúr.

**Júlíus Vífill Ingvarsson**
*fv. borgarfulltrúi*



sagði ásakanir systkina sinna um að hann hefði falið lífeyrissjóð foreldranna illmælgi og algjör ósannindi. Hann sagði að um getgátur og dylgjur væri að ræða sem ekki byggðu á neinum gögnum. Systkinin sögðu Júlíus hafa hringt í þau og viðurkennt að sjóðurinn væri í aflandsfélögum.

**Hjálmar Sveinsson**
*formaður umhverfis- og skipulagsráðs*



sagði það ekkert keppikefli hjá Reykjavíkurborg að greiða börnum í Vinnuskólanum lægstu launin af öllum sveitarfélögum. Það þyrfti hins vegar að sýna ráðdeild í rekstri. Tíundubekkingar í Snæfellsbæ fá 1.359 krónur á klukkustund en í Reykjavík eru greiddar 617 krónur.

# Hvalir virðast góð mælistika á loftslagsbreytingar og hlýnun

**Umtalsverðar breytingar á útbreiðslu og fjölda skíðishvalategunda við Ísland virðast skýr merki loftslagsbreytinga og hlýnunnar sjávar. Hrefnu hefur fækkað gríðarlega á landgrunninu en hnúfubakur tekið yfir.**

**UMHVERFISMÁL** Ein skýrasta birtingarmynd áhrifa loftslagsbreytinga og hlýnunar sjávar á Íslandi virðist mega merkja á umtalsverðum breytingum sem orðið hafa á útbreiðslu og fjölda skíðishvalategunda við Ísland undanfarna þrjá áratugi.

Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur á Hafrannsóknastofnun, fjallaði um efnið á málstofu stofnunarinnar nýlega. Þar birti hann valdar niðurstöður hvalatalninga og -rannsókna og er gróf a myndin sú að frá því að skipuleg hvalatalning hófst árið 1987 hefur langreyði og hnúfubak fjölgað umtalsvert við landið og útbreiðsla steypireyðar virðist hafa færst norðar. Hrefnu fjölgaði einnig fram yfir síðustu aldamót, en hefur fækkað mjög á landgrunninu síðan 2001.

„Á landgrunninu eru það fyrst og fremst hrefna og hnúfubakur sem eru algeng. Hnúfubakurinn hefur í rauninni algjörlega tekið yfir landgrunnið af hrefnunni frá 2001 og til 2007; mikil fækkun í hrefnu á móti mikilli fjölgun í hnúfubak,“ sagði Gísli og sagði hnúfubakinn orðna ráðandi tegund á landgrunninu. Fækkun á hrefnu sé allra helst greinileg við vestanvert landið, þó fækkun sé líka merkjanleg fyrir norðan land.

Þetta tengir Gísli við hrun sandsílastofnsins, en sandsíli var yfirgnæfandi í fæðu hrefnu fyrir aldamótin 2000. Segja megi að hrefnan hafi brugðist við sandsílahruni og tilfærslu loðnu frá Norðurlandi og að ströndum Grænlands með breyttu fæðuvali annars vegar, en ekki síður að stór hluti þeirrar hrefnu sem var á landgrunninu hafi flutt sig um set í fæðuleit. Það er þó óstaðfest.



Hnúfubak fjölgar sem gleður gesti hvalaskoðunarfyrirtækja sérstaklega. MYND/NORÐURSIGLING

> **Hnúfubakurinn hefur í rauninni algjörlega tekið yfir landgrunnið af hrefnunni frá 2001 og til 2007.**
>
> Gísli Víkingsson, hvalasérfræðingur



Niðurstöður rannsókna í hnotskurn sagði Gísli vera að allt bendi til mikilla breytinga í vistkerfi hafsins við Ísland sem komi fram í breyttri fæðusamsetningu, orkubúskap, frjósemi og útbreiðslu hvala. Til viðbótar hafi rannsóknir sýnt að fæðutímabil hvala hér við land nær lengra fram á haustið en áður var talið – hvort sem það er nýtilkomið eða ekki.

„Það virðist sem þessi aukni sjávarhiti sé grunnorsök allra þessara breytinga, þó eftir sé að sanna það. [...] Spurningin er hvort þessarar hlýnunar sjávar sé þegar farið að gæta á Íslandi, en þessar niðurstöður benda sterklega til þess. Á hitt ber auðvitað að líta að þegar farið er aftur í tímann þá erum við ekki enn þá komin langt upp úr þeim hitastigum í hafinu sem þekktust áður fyrr, þannig að hvort þetta mun að einhverju leyti ganga til baka, er erfitt að segja,“ sagði Gísli í erindi sínu. svavar@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ

Veglegt sérblað um
**EM í Frakklandi**
kemur út 10. júní

Fyrir auglýsingar eða kynningar hafið samband við:

**Jón Ívar Vilhelmsson**
Sími 512-5429
jonivar@365.is

**Atli Bergmann**
Sími 512-5457
atlib@365.is

**Bryndís Hauksdóttir**
Sími 512-5434
bryndis@365.is

**Jóhann Waage**
Sími 512-5439
johannwaage@365.is

SUZUKI

Way of Life!

# HJÓLADAGUR SUZUKI

## LAUGARDAGINN 21. MAÍ Í SKEIFUNNI 17
## FRÁ KL. 13-16

- ALLT AÐ MILLJÓN KR. AFSLÁTTUR Á NÝJUM SÝNINGARHJÓLUM
- 15% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM Í BÚÐINNI
- STARFSFÓLK AF VERKSTÆÐI VEITIR RÁÐLEGGINGAR
- BÍLASÝNINGARSALUR SUZUKI OPINN
- LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI

Ekki missa af þessu!



GYÐA SÓL MÆTIR Á SVÆÐIÐ FRÁ KL 13:30-14:30

UNNUR OG HÖGNI KYNNA NÝJU BÓKINA SÍNA

„GÓÐAN DAGINN. VIÐ HJÓNIN HÖFUM Á VSTROM HJÓLUNUM OKKAR Á SÍÐUSTU ÁRUM FARIÐ VÍÐA, Á ÁRINU 2014 FÓRUM VIÐ Í RÍFLEGA 30.000 KM FERÐALAG Á ÞEIM AUSTUR TIL MONGOLÍU OG UM MIÐ ASÍU“

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

## Fleiri fá styrk til heimfarar

**SVÍÞJÓÐ** Það sem af er þessu ári hafa tvöfalt fleiri hælisleitendur í Svíþjóð fengið fjárhagslegan stuðning frá stjórnvöldum til að snúa aftur til heimalands síns heldur en allt síðasta ár, eða 449 á móti 216. Það eru einkum Írakar og Afganar sem fá slíka styrki.

Styrkurinn nemur um 450 þúsundum íslenskra króna fyrir einstakling sem er eldri en 18 ára og 225 þúsundum fyrir barn. Fjölskylda getur í mesta lagi fengið um 1,1 milljón íslenskra króna.

Styrkurinn er veittur þeim sem fara til landa þar sem erfitt getur verið að koma undir sig fótunum. Snúi menn aftur til Svíþjóðar þurfa þeir að endurgreiða styrkinn sem er greiddur út í heimalandi viðkomandi. – **ibs**

## Leggja próf fyrir sænskt bankafólk

**SVÍÞJÓÐ** Fimmtán þúsund bankastarfsmenn í Svíþjóð þurfa að grúfa sig niður í námsbækur í sumar. Samkvæmt nýjum kröfum Evrópusambandsins þurfa þeir bankastarfsmenn sem hafa umsjón með húsnæðislánum sérstakt leyfi til starfsins.

Prófin byrja í ágúst og þeim þarf að vera lokið í mars á næsta ári, að því er greint er frá á vef Dagens Industri. Markmiðið með náminu er að auka þekkingu bankamanna. – **ibs**

## Tala látinna hækkar



Fólk á flótta frá heimilum sínum leitar skjóls í úthverfi Colombo á Sri Lanka í gær, en mikið vatnsveður hefur gengið yfir landið. Almannavarnir þar hafa staðfest lát 20 manna í aurskirðum í Kegalle-héraði og að 17 til viðbótar hafi látist annars staðar í landinu vegna flóða og raflosts. Tæplega 224 þúsund manns úr nærri 50 þúsund fjölskyldum hafa verið flutt í skjól en veðrið hefur haft áhrif á líf 352.374 úr 82.924 fjölskyldum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA






# Ytri Evrópusamvinna gæti tekið við af ESB

**Útganga Bretlands úr ESB hefur töluverð áhrif á Ísland þar sem Bretland er okkar nánasti viðskiptaaðili í Evrópu. Ef af henni verður mun vera minni áhugi á Íslandi fyrir því að ganga inn í Evrópusambandið að mati stjórnmálafræðings.**

**STJÓRNMÁL** Ef af útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu (ESB) yrði í næsta mánuði, gæti á næstu árum orðið til ytra lag í Evrópusamvinnu sem næði yfir Bretland, Noreg, Sviss og Ísland ásamt nokkrum smærri ríkjum. Þetta er mat Eiríks Bergmann, prófessors í stjórnmálafræði. Hann kynnti hugmyndir sínar um slíka samvinnu á opnum fundi á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og Félags stjórnmálafræðinga í gær.

„Bretland er nánasti viðskiptaaðili Íslands í Evrópu, þrátt fyrir þorskastríðin og IceSave. Samband okkar við Bretland er virkilega mikilvægt, ekki einungis þegar kemur að efnahagsmálum, heldur er Ísland að færast meira í átt að Bretlandi menningarlega séð,“ sagði Eiríkur á fundinum.

Kosið verður um áframhaldandi aðild Bretlands að Evrópusambandinu þann 23. júní næstkomandi. Ef af útgöngu verður telur Eiríkur að það muni hafa veruleg áhrif á inngöngu Íslands í Evrópusambandið. „Þá fjarlægist Evrópusambandið okkur og minni áhugi væri á Íslandi fyrir inngöngu,“ sagði Eiríkur. Hann bætti þó við að hann teldi að Bretar muni ekki segja sig úr ESB.

Ef af útgöngu verður telur hann möguleika á nýju tækifæri í Evrópusamstarfi. „Í kjölfar kreppunnar árið 2008 fóru hagsmunaaðilar að skoða möguleikann á því að stofna samtök fyrir smáríki Evrópu, utan ESB, til að auka nánd við ESB.“

Reynt var að fá Noreg til að taka þátt í slíku samstarfi, en ekki Ísland þar sem við vorum í aðildarviðræðum við ESB á þeim tíma.

### Möguleg lönd í ytri Evrópusamvinnu




„Þetta er eitthvað sem gæti verið endurskoðað með nýjum formerkjum ef Bretland yfirgefur ESB að mínu mati. Bretland gæti þá verið stórþjóðin í ytra lagi af Evrópusamvinnu sem myndi líklega ná til EFTA-ríkjanna, Sviss, Andorra, San Marínó og Ermarsundseyjanna,“ sagði Eiríkur. „Ég hef ekki séð miklar umræður um þetta í Bretlandi, en ég held að þessi hugmynd verði viðruð fljótlega ef af útgöngu verður.“

Skoðanakannanir eru tvísýnar um áframhaldandi viðveru Breta í ESB. David Cameron forsætisráðherra beitir sér þó áfram fyrir áframhaldandi viðveru.

**saeunn@frettabladid.is**

> **Bretland er nánasti viðskiptaaðili Íslands í Evrópu, þrátt fyrir þorskastríðin og IceSave. Samband okkar við Bretland er virkilega mikilvægt.**



Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst






ítalskir dagar
ítölsk hráskinka og álegg
1.399 kr/stk.
1.399 kr/stk.
Prosciutto di Parma
Coppa
Prosciutto crudo
Bresaola
Prosciutto di Parma 200gr.
Antipasto Misto 200gr.
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
NAUTAHAKK
1.815 kr/kg
verð áður 2.269
Norður ítölsk
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
NAUTASTEIK
3.839 kr/kg
verð áður 4.799
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
OSSO BUCCO
1.359 kr/kg
verð áður 1.699
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
TILBOÐ 20% afsláttur á kassa
Dececco
Ítalskt pasta síðan1886.
Filippo Berio balsamik
Þrjár öðruvísi bragðtegundir.
Ítalskar olíur og balsamik
Úrval af ítölskum vörum
ítalskir ostar í úrvali
Grana padano gjafaaskja
Grana padano twister
Asiago stagionato
Asiago fresco
Provolone DOP
Provolone Piccante
Pecorino
Parmesan og Grana padano
24 Hagkaup
OPIÐ allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla









Hiti var í þingmönnum á tyrkneska þjóðþinginu í gær þegar gengið var til atkvæða um umdeilt lagafrumvarp. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Kúrdar sviptir þinghelgi í Tyrklandi

**Ákvörðun tyrkneska þingsins getur orðið til þess að hrekja af þingi alla Kúrda og stuðningsmenn þeirra. Þeir eiga nú yfir höfði sér málshöfðun fyrir að taka þátt í réttindabaráttu Kúrda. Rúm 73 prósent þingmanna studdu tillöguna.**

**TYRKLAND** „Þjóðin mín vill ekki sjá afbrotamenn á þingi,“ sagði Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, stuttu áður en þingið samþykkti að svipta suma þingmenn þinghelgi.

Alls greiddu 376 af 500 þingmönnum atkvæði með tillögu þess efnis.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar, einkum Kúrdar, eiga nú á hættu málshöfðun og jafnvel fangelsun fyrir að hafa stutt réttindabaráttu Kúrda.

Alls eru það 138 þingmenn, sem nú verða sviptir þinghelgi. Þeir eiga allir yfir höfði sér dómsrannsókn.

Flestir eru þeir þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna. Þar af er 51 úr CHP, flokki sósíaldemókrata, 50 úr HDP, flokki Kúrda, og einn er utan flokka.

Hins vegar eru 27 þeirra úr stjórnarflokknum AKP og níu úr þjóðernisflokknum MHP, sem hefur ásamt stjórnarflokknum lagt mikla áherslu á þessa lagabreytingu.

**138**

**þingmenn verða sviptir þinghelgi í Tyrklandi og eiga allir yfir höfði sér dómsrannsókn.**

„Þetta er árás á okkur,“ hefur fréttastöðin Al Jazeera eftir einum þingmanna Kúrdaflokksins HDP, Meral Bestas.

Flokkurinn komst í fyrsta sinn inn á þing í tveimur kosningum á síðasta ári, fyrst í júní og svo aftur í nóvember. Kúrdar höfðu áður setið á þjóðþinginu sem óháðir þingmenn, en buðu í fyrsta sinn fram undir merkjum flokks síns á síðasta ári.

Seta þeirra á þingi kemur hins vegar í veg fyrir að flokkur Erdogans forseta hafi nægan meirihluta til að geta komið í gegn stjórnarskrárbreytingum til að styrkja völd forsetans, sem Erdogan hefur ákaft reynt að koma í gegnum þingið.

Meðan þetta gerist er Evrópusambandið að taka ákvörðun um hvort veita eigi Tyrkjum heimild til að ferðast til aðildarríkja sambandsins án vegabréfsáritunar.

Vegabréfafrelsi Tyrkja í Evrópusambandsríkjum er partur af samkomulagi ESB við tyrknesk stjórnvöld, sem gert var nýverið. Tyrkir hafa lofað að taka í staðinn við flóttafólki, sem farið hefur ólöglega í gegnum Tyrkland yfir til Grikklands og þaðan áfram til Evrópu.

Auk þess að veita Tyrkjum vegabréfafrelsi hefur ESB greitt Tyrkjum þrjá milljarða evra, og hyggst greiða þrjá milljarða til viðbótar standi Tyrkir við sinn hluta samkomulagsins. Samtals eru þetta sex milljarðar evra eða nærri 850 milljarðar króna. **gudsteinn@frettabladid.is**

# Hafa selt 8 lóðir undir atvinnustarfsemi

**REYKJAVÍKURBORG** Gríðarleg eftirspurn ríkir eftir atvinnuhúsnæði í Reykjavík um þessar mundir. Miklar framkvæmdir eru því fram undan. Fjórutíu og fjórum milljörðum verður varið í núverandi áform um hóteluppbyggingu, en einnig er lögð mikil áhersla á uppbyggingu atvinnuhúsnæðis undir þekkingarstarfsemi.

Á síðustu tólf mánuðum er borgin búin að selja átta lóðir undir atvinnustarfsemi, sem er mun meira en í mörg ár þar á undan. Þetta kom fram í máli Dags B. Eggertssonar borgarstjóra á fundi Reykjavíkurborgar í gærmorgun. „Ferðaþjónustan hefur leitt vöxtinn í atvinnuhúsnæði undanfarin misseri, en aðrar greinar eru farnar að taka við sér,“ sagði Dagur.

Á fundinum benti Dagur á að þrátt fyrir mikla umræðu um byggingu hótela sé byggingariðnaðurinn



Ferðaþjónustan hefur leitt vöxtinn í atvinnuhúsnæði undanfarin misseri, að sögn Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

að stofni til að byggja íbúðir sem hann segir mjög jákvætt. „Öll þessi hótelverkefni sem fóru í gang eru einn tíundi af því sem fór í gang í íbúðarhúsnæði,“ sagði Dagur.

Enn eru atvinnulóðir til sölu í Reykjavík, má þar nefna Hlíðarenda, Lambhagaveg, Gylfaflöt og Krókháls 7a.

Næstu svæði sem verða byggð upp eru meðal annars Suður-Mjódd, Köllunarklettur, og Esjumelar. Faxaflóahafnir eru að gera nýja hafnargarða í Sundahöfn, nýtt deiliskipulag er á Sprengisandi og skipulagssamkeppni mun fara af stað í Gufunesi, þar sem RVK-Studios hefur keypt fjórar fasteignir. **– sg**

# Viðarvörn
## fyrir íslenskar aðstæður




## Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

**Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður**

málning
-það segir sig sjálft-

*Útsölustaðir Málningar*: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • Litaver, Grensásvegi • BAUHAUS • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið, Hellissandi Málningarbúðin, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO, Reyðarfirði • ORMSSON VÍK, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO, Keflavík • N1 verslun, Grindavík

# Níu keppa um lyklana að Bessastöðum

**Allt útlit er fyrir að níu manns muni bjóða sig fram til embættis forseta Íslands. Frambjóðendur skiluðu endanlega gögnum til innanríkisráðuneytisins í gær. Aldrei hafa fleiri verið í framboði. Á fimmta hundrað kjósendur hafa nú þegar greitt atkvæði utan kjörfundar.**

**STJÓRNMÁL** Allt útlit er fyrir að níu manns verði í framboði í forsetakosningunum sem fram fara 25. júní næstkomandi. Þar af eru fimm karlar og fjórar konur. Samkvæmt lögum bar frambjóðendum að skila framboðum til innanríkisráðuneytisins fyrir miðnætti í gær ásamt nægjanlegum fjölda meðmælenda og vottorði yfirkjörstjórna um að meðmælendur séu kosningabærir.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu verður frambjóðendum, eða umboðsmönnum þeirra, boðið að koma í ráðuneytið klukkan tvö í dag þar sem upplýst verður hverjir hafa skilað inn gögnum. Eftir helgina, þegar búið er að yfirfara gögnin og senda þau til Hæstaréttar, verður svo auglýst í Lögbirtingablaðinu hverjir verða í framboði til forseta Íslands.

En þótt núna fyrst sé að komast mynd á það hverjir verða í framboði eru þrjár vikur liðnar frá því að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst. Nú þegar hafa verið greidd á öllu landinu, og í flestum sendiráðum, samtals 418 atkvæði. Hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu hafa verið greidd 246 atkvæði.

Hingað til hefur utankjörfundaratkvæðagreiðsla færst í Laugardalshöllina þegar nær líður kosningum. Skiptir þá ekki máli hvort um alþingiskosningar eða forsetakosningar er að ræða. Nú verður breytt út af laginu og flyst utankjörfundaratkvæðagreiðslan í Perluna þann 9. júní en verður ekki í Laugardalshöll. Bryndís Bachmann, fagstjóri þinglýsinga hjá Sýslumanninum í Reykjavík, segir að þetta sé vegna plássleysis í Laugardalshöllinni. „Það hefur verið of þröngt og núna þegar embættin eru búin að sameinast þá var þetta bara of lítið,“ segir Bryndís. Þar vísar Bryndís í sameiningu sýslumannsembættanna á höfuðborgarsvæðinu í eitt. Opið verður í Perlunni til klukkan tíu á kvöldin þegar þar að kemur. jonhakon@frettabladid.is

## Aldrei fleiri frambjóðendur

Nú stefnir í að frambjóðendur til embættis forseta Íslands verði fleiri en nokkru sinni fyrr, en árið 2012 voru þeir sex.

**Árið 2012 voru sex í framboði:**
- Ólafur Ragnar Grímsson
- Þóra Arnórsdóttir
- Ari Trausti Guðmundsson
- Herdís Þorgeirsdóttir
- Andrea J. Ólafsdóttir
- Hannes Bjarnason

**Árið 2004 voru þrír í framboði**
- Baldur Ágústsson
- Ólafur Ragnar Grímsson
- Ástþór Magnússon

**Árið 1996 voru fjórir í framboði**
- Guðrún Agnarsdóttir
- Ólafur Ragnar Grímsson
- Ástþór Magnússon
- Pétur Kr. Hafstein

**Árið 1988 voru tveir í framboði**
- Vigdís Finnbogadóttir
- Sigrún Þorsteinsdóttir

**Árið 1980 voru fjórir í framboði**
- Vigdís Finnbogadóttir
- Guðlaugur Þorvaldsson
- Albert Guðmundsson
- Pétur J. Thorsteinsson

**Árið 1968 voru tveir í framboði**
- Gunnar Thoroddsen
- Kristján Eldjárn

**Árið 1952 voru þrír í framboði**
- Ásgeir Ásgeirsson
- Bjarni Jónsson
- Gísli Sveinsson

**418**

atkvæði hafa þegar verið greidd utan kjörfundar.

**»» Hingað til hefur utankjörfundaratkvæðagreiðsla færst í Laugardalshöll. Í þetta sinn verður hún í Perlunni.**



Halla Tómasdóttir



Davíð Oddsson



Guðrún Margrét Pálsdóttir



Andri Snær Magnason



Hildur Þórðardóttir



Ástþór Magnússon



Guðni Th. Jóhannesson



Elísabet Jökulsdóttir



Sturla Jónsson




MARKAÐSSTJÓRI

VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM EINSTAKLINGI Í STARF MARKAÐSSTJÓRA Á ÍSLANDI

**Helstu verkefni:**
» Ábyrgð á markaðssetningu lyfja Alvogen á Íslandi
» Kynningar og samskipti við heilbrigðisstarfsfólk og aðra hagsmunaaðila
» Mótun markaðsstefnu og eftirfylgni hennar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
» MSc í lyfjafræði eða önnur heilbrigðismenntun sem nýtist í starfi
» Yfirgripsmikil reynsla við markaðssetningu lyfja á Íslandi
» Hæfni til að setja sig inn í flókið fræðilegt efni
» Hæfni til að vinna með tölur og gagnasöfn
» Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
» Framúrskarandi samskiptahæfileikar
» Gott vald á ensku

**Umsóknarfrestur er til 5. júní næstkomandi og sótt er um starfið á vefnum okkar www.alvogen.is/storf-i-bodi**
**Ef þú hefur spurningar varðandi ráðningaferlið sendu þá tölvupóst á netfangið maria.bragadottir@alvogen.com**

ALVOGEN

Alvogen er með starfsemi í 35 löndum og hóf starfsemi sína á Íslandi árið 2010.

Nú starfa um 180 sérfræðingar og vísindamenn hjá systurfyrirtækjunum Alvotech og Alvogen á Íslandi.

Alvogen
www.alvogen.is




The Power to Surprise

## Komdu og gerðu þér glaðan dag með Kia

Fagnaðu sumrinu með okkur í Öskju í dag. Öll Kia línan verður til sýnis og reynsluaksturs. Frí 7 punkta sumarskoðun fyrir Kia eigendur, hoppukastali, Hjólabraut Kia fyrir börnin og pylsur á grillinu. Fáðu að vita allt um Kia Gullhringinn. María Ögn hjólaþjálfari veitir góð ráð og Örninn sýnir nýjustu hjólin.

Nýttu þér sumartilboð Kia á staðnum í dag:
– 20% afsláttur af vara- og aukahlutum
– 25% afsláttur af þverbogum og skottmottum
– Sértilboð á reiðhjólafestingum

**Allir sem reynsluaka Kia geta unnið ferð á EM í Frakklandi. Dregið 2. júní.**

**Frí 7 punkta sumarskoðun**

- Hemlar prófaðir
- Ljósabúnaður yfirfarinn
- Ástand hjólbarða kannað og þrýstingur leiðréttur
- Frí áfylling á rúðuvökva
- Rúðuþurrkur athugaðar
- Virkni kerrutengils könnuð
- Olíuhæð mæld og leiðrétt

Gildir fyrir Kia eigendur laugardaginn 21. maí 2016

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Fulltrúar frá jaðarflokkum eru komnir í aðalhlutverkin

**Frambjóðandi Frelsisflokksins umdeilda á góða möguleika á að verða forseti Austurríkis eftir seinni umferð forsetakosninganna á morgun. Keppinauturinn er fyrrverandi leiðtogi Græningjaflokksins. Gömlu valdaflokkarnir standa ráðalausir.**



Græninginn Alexander Van der Bellen og þjóðernissinninn Norbert Hofer að loknu sjónvarpseinvígi um síðustu helgi, þar sem hvorugur þeirra þótti standa sig sérlega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Úrslit fyrri umferðar forsetakosninganna 24. apríl

**Kosið er á milli tveggja efstu í seinni umferðinni á morgun.**



**35,1%**
**Norbert Hofer**
*Frelsisflokknum*



**18,9%**
**Irmgard Griss**
*Óháð*



**11,1%**
**Andreas Khol**
*Þjóðarflokknum*



**21,3%**
**Alexander Van der Bellen**
*Græningjaflokknum*



**11,3%**
**Rudolf Hundstorfer**
*Sósíaldemókrataflokknum*



**2,3%**
**Richard Lugner**
*Óháður*

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar hafa tveir stjórnmálaflokkar ráðið ríkjum í landinu, annar hægra megin við miðju og hinn vinstra megin.

Hægriflokkurinn heitir Austurríski þjóðarflokkurinn og er nokkuð hefðbundinn íhaldsflokkur kristilegra demókrata, en vinstriflokkurinn er flokkur jafnaðarmanna, Sósíaldemókrataflokkur Austurríkis.

Þessir tveir flokkar hafa stjórnað landinu, ýmist báðir saman í samsteypustjórn eða annar flokkurinn í einu þegar fylgið dugði til að fá hreinan þingmeirihluta.

Ef frá er skilin skammlíf bráðabirgðastjórn með Kommúnistaflokknum árið 1945 hefur það einungis einu sinni gerst að þriðji flokkurinn hafi fengið að vera með í ríkisstjórn.

Þetta var á árunum 2005 til 2007 þegar Þjóðarflokkurinn fékk til liðs við sig Bandalag um framtíð Austurríkis, stjórnmálaflokk sem hinn umdeildi Jörg Haider hafði stofnað eftir að hann klauf sig út úr Frelsisflokknum.

Stóru flokkarnir tveir hafa sömuleiðis undantekningarlítið átt sinn fulltrúa í forsetaembætti landsins. Eina undantekningin var á árunum 1974 til 1980 þegar hinn óflokksbundni Rudolf Kirchschläger var forseti Austurríkis.

### Óvenjulegar forsetakosningar

Forsetakosningar á morgun verða því harla óvenjulegar. Þar takast ekki á fulltrúar gömlu valdaflokkanna heldur fulltrúar tveggja jaðarflokka.

Norbert Hofer er 45 ára gamall fulltrúi Frelsisflokksins, hins umdeilda flokks hægri þjóðernissinna sem iðulega er sagður vera öfgakenndur lýðskrumsflokkur.

Alexander Van der Bellen er hins vegar 72 ára gamall fyrrverandi leiðtogi Græningjaflokksins og nýtur stuðnings flokksfélaga sinna, þótt hann bjóði sig fram sem óháður frambjóðandi.

Í fyrri umferð forsetakosninganna hlaut Hofer 35,1 prósent atkvæða en Van der Bellen 21,3 prósent. Fulltrúar gömlu valdaflokkanna tveggja fengu ekki nema rúm 22 prósent samanlagt.

Hofer þykir eiga heldur meiri möguleika í seinni umferðinni á morgun en Van der Bellen. Þó er munurinn í skoðanakönnunum engan veginn nógu afgerandi til að drepa niður alla spennu fyrirfram.

### Útlendingahræðslan

Forsetaembættinu í Austurríki fylgja ekki mikil völd, en sigur Hofers yrði til marks um þá ört vaxandi andstöðu við flóttafólk og aðra innflytjendur sem víða hefur saxað á fylgi hefðbundinna stjórnmálaflokka í Evrópulöndum.

Hofer hefur stutt harðar aðgerðir gegn flóttafólki en Van der Bellen segist gjarnan vilja taka á móti öllum sem á þurfa að halda.

Eftir að flóttafólk tók að fjölmenna til Evrópu á síðustu misserum frá Sýrlandi og fleiri stríðshrjáðum löndum fylgdi austurríska sósíaldemókratastjórnin lengi vel þeirri stefnu að bjóða flóttafólk velkomið með svipuðum hætti og Þjóðverjar hafa gert. Tekið var við 90 þúsund umsóknum um hæli á síðasta ári.

Seint á síðasta ári kom þó annað hljóð í strokkinn og var ákveðið að á þessu ári yrði að hámarki tekið við 37.500 manns. Landamæragæsla var hert og nú í síðasta mánuði voru samþykkt lög sem heimila stjórninni að lýsa yfir neyðarástandi ef mikill fjöldi flóttafólks kemur skyndilega til landsins.

**33% er það fylgi sem Frelsisflokkurinn mælist nú með í Austurríki. Hann hefur siglt hratt fram úr gömlu valdaflokkunum tveimur, sem hafa stjórnað landinu áratugum saman.**

### Upplausn gömlu flokkanna

Fylgi við Frelsisflokkinn hefur vaxið hratt frá því snemma á síðasta ári, samfara vaxandi ótta meðal almennings við útlendinga. Innan gömlu flokkanna ríkir hins vegar upplausn og óvissa.

Ekki síst hefur verið mikill ágreiningur innan Sósíaldemókrataflokksins, sem er við stjórn og ber ábyrgð á hinni skyndilegu stefnubreytingu gagnvart flóttafólki.

Fyrir ári, um miðjan maí, höfðu Frelsisflokkurinn, Sósíaldemókrataflokkurinn og Þjóðarflokkurinn allir álíka mikið fylgi, um það bil 25 prósent hver.

Síðan þá hefur fylgi gömlu flokkanna tveggja sigið jafnt og þétt og mælist nú rétt rúmlega 20 prósent en Frelsisflokkurinn er kominn upp í 33 prósent.

Werner Faymann, leiðtogi Sósíaldemókrataflokksins og kanslari austurrísku stjórnarinnar, brást nokkuð óvænt við þessari þróun með því að segja af sér þann 9. maí síðastliðinn.

Við báðum embættunum tók Christian Kern, sem hefur undanfarin ár verið forstjóri ríkisjárnbrautafyrirtækisins ÖBB og lítið skipt sér af stjórnmálum.

Forsetakosningarnar á morgun eru haldnar í miðju þessa umróts hefðbundinna stjórnmála.

Græninginn Van der Bellen, sem er vanur því að vera í stjórnarandstöðu utarlega á jaðri austurrískra stjórnmála, er allt í einu orðinn fulltrúi þeirra sem vilja halda í horfinu.

Þjóðernissinninn yst á hægri vængnum, Norbert Hofer, siglir hins vegar á bylgju almannahræðslunnar við útlendinga og gæti sem hægast nælt sér í nógu mörg atkvæði til að taka við forsetaembættinu.



Jörg Haider, sem lengi vel var leiðtogi Frelsisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Jörg Haider og Frelsisflokkurinn

Fyrir þrjátíu árum tók Jörg Haider við forystu í austurríska Frelsisflokknum, sem þá var lítill flokkur hægrisinnaðra þjóðernissinna og átti rætur að rekja til nasistahreyfingarinnar í Austurríki.

Haider reif upp fylgi flokksins og var tíu árum síðar, árið 1996, kominn með riflega fjórðung atkvæða bæði í þingkosningum í Austurríki og kosningum til Evrópuþingsins.

Hann vakti alræmda athygli fyrir glannalegar yfirlýsingar sínar, þar sem hann meðal annars ræddi um yfirburði austurrísku þjóðarinnar, varaði við ógn sem hann taldi stafa af útlendingum, ekki síst múslimum, og bar meira að segja blak af þýskum og austurrískum nasistum frá tímum Þriðja ríkisins.

Hann dró reyndar seinna í land með sumar slíkar yfirlýsingar sínar. Upp úr aldamótunum reyndi hann að ljá Frelsisflokknum hófsamara yfirbragð og klauf sig á endanum út úr honum og stofnaði árið 2005 nýjan flokk, þar sem hann reyndi að forðast hið umdeilda lýðskrum sem hann hafði verið þekktur fyrir.

Haider lést árið 2008, aðeins 58 ára gamall.

REYKJAVÍKURBORG

Hugmyndaleit



Hvernig eigum við að nota Núllið?

Óskað er eftir hugmyndum að starfsemi í Bankastræti 0, en þar er heimilt að vera með safn eða sýningu. Rýmið sem er 37,5 fermetrar verður laust í ágúst.

Við val á starfsemi verður miðað við að hún gæði miðborgina meira lífi og auki fjölbreytni. Vakin er athygli á að aðstaðan uppfyllir ekki kröfur um rekstur sjoppu eða matsölu.

Núllið verður til sýnis miðvikudaginn 25. maí, kl. 15.00

Hugmyndir um fyrirhugaða starfsemi og opnunartíma berist þjónustuveri Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 7. júní 2016.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/leiga

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | s. 411 11 11
Ráðhús Reykjavíkur | reykjavik.is/leiga




## Áður óséð AURISatilboð

í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

**Auris** og **Auris Touring Sports** eru sólarmegin í sumar og bjóðast núna á áður óséðum kjörum, hvort sem þú velur hybrid-, dísil- eða bensínútfærslu. Nýttu þér þetta sólríka sértilboð sem gildir í takmarkaðan tíma hjá viðurkenndum söluaðilum. Njóttu blíðunnar í Auris sem er eins og skapaður fyrir þægilegt ferðalag með fjölskyldu og vinum um landið þvert og endilangt.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.





# 100 ÁRA AFMÆLIS

## MISSTU EKKI AF ÞESSARI MÖGNUÐU SÝ

Ofursportbíllinn BMW i8 er stjarna 100 ára afmælissýningar BMW í dag. BMW i8 er lýsandi dæmi um tæknilega yfirburði þessa þekktasta bílaframleiðanda heims. BMW i8 er að stórum hluta smíðaður úr koltrefjum og áli sem gerir hann að einum léttasta sportbíl í heimi. Öflugur rafmótor í bland við nýjustu vélatækni gerir hann að einum sparneytnasta og öflugasta fjórhjóladrifna sportbíl sem völ er á. Samanlagt afl rafmótors og Twin Power Turbo vélar er 266 kW/362 hestöfl og hröðun 0-100 km/klst. er 4,4 sek. Meðal eldsneytisnotkun er 2,1 l/100 km* og $CO_2$ útblástur 49 g/km.

**SJÓN ER SÖGU RÍKARI.**

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



## AFMÆLISÚTGÁFA / BMW 525d xDrive

Kynnum glæsilega afmælisútgáfu af fjórhjóladrifnum BMW 525d hlöðnum búnaði á sérstöku 100 ára afmælisverði. Láttu þetta tækifæri ekki fram hjá þér fara!



## FRUMSÝNING / BMW 730d xDrive

Nýja BMW 7 línan endurspeglar okkar sýn á samtíma lúxus, þar sem þægindi og hönnun í bland við nýjustu tækni skapa einstaka akstursupplifun.









## FRUMSÝNING / BMW i3 RAFBÍLL

BMW i3 er hannaður frá grunni með vistvæn gildi og sjálfbærni að leiðarljósi. Vatns- og vindorka er notuð til að framleiða þennan kraftmikla og skemmtilega rafbíl sem hefur drægni upp á 300 km.**

## FRUMSÝNING / BMW M2

Nýjasti meðlimurinn í M fjölskyldunni er kominn til landsins. BMW M2 var byggður til þess að yfirvinna takmarkanir og fullkomna hina sönnu akstursánægju.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Ójafn leikur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Stjórnvöld vinna að því leynt og ljóst, að innan örfárra ára verði Ríkisútvarpið og Netflix ein eftir á ljósvakanum. Undir stjórn Sjálfstæðisflokksins hefur RÚV verið sköpuð staða til að murka lífið úr frjálsri fjölmiðlun.

Fjölmiðlalögin eru tímaskekkja. RÚV fær 11 milljarða ríkisstuðning næstu 36 mánuði. Netflix á Íslandi fær á fjórða hundrað milljóna á ári í áskriftargjöld skattfrjálst. Fyrirtækið kemst hjá því að greiða skatta og skyldur. Netflix þarf ekki að íslenska sitt efni. Á sama tíma eru rándýrar þýðingarskyldur settar á herðar sjálfstæðum fjölmiðlafyrirtækjum. Og Netflix kemst upp með að sýna bannaðar myndir frá morgni til kvölds ef því er að skipta.

Í nýgerðum þjónustusamningi ríkisins og Ríkisútvarpsins segir, að RÚV skuli verja átta prósentum af heildartekjum sínum í ár sem meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni sjálfstæðra kvikmyndafyrirtækja. Sú upphæð hækki og verði orðin ellefu prósent 2019.

Þessi háttur hefur ekki annað í för með sér en verðbólgu á markaði og gefur RÚV tækifæri til að halda áfram að skreyta sig með stolnum fjöðrum, eins og gerðist fyrr á árinu. RÚV bauð betur en einkareknu stöðvarnar í sýningarréttinn á Ófærð, þá frábæru þáttaröð, þegar hún kom á markað. Ríkisstjórnendurnir hældu svo sjálfum sér og eignuðu sér heiðurinn af verkinu.

Aukin áhersla er lögð á samstarf RÚV við Kvikmyndamiðstöð Íslands og sjálfstæða framleiðendur. Gott og vel. En hvers vegna er þessi sjóður settur inn í RÚV? Hver á að sjá til þess að þessu verði framfylgt – hver á að velja samstarfsmennina? Af hverju er ekki þessi innlendi dagskrárgerðarsjóður aðgengilegur öllum og rekinn fyrir opnum tjöldum? Það er fráleitt að RÚV gangi í hirslur Kvikmyndasjóðs á sama tíma og ríkisbáknið fær aukinn ríkisstyrk.

Um helgina greindi Morgunblaðið frá því, að Síminn hafi brugðið á það ráð að stofna félag í Lúxemborg um sjónvarpsstarfsemina. Þannig á að tryggja jafnræði milli þess og erlendra keppinauta. Sagði Magnús Ragnarsson framkvæmdastjóri að fyrirtækinu hafi verið nauðugur sá kostur að fara þessa leið.

Fram kom að fjölmiðlalögin frá 2011 geri skýran greinarmun á sjónvarpsútsendingum og myndmiðlun á grundvelli pöntunar, svokallaðri línulegri og ólínulegri dagskrá. Hins vegar séu eftirlitsaðilar í seinni tíð farnir að túlka lögin þannig að flutningsréttur nái jafnt yfir línulegt og ólínulegt sjónvarp, þvert á viðhorf sem ríkja víðast annars staðar.

Auglýsingamarkaðurinn er svo sérkapítuli. Merkilegt er að í nefndum þjónustusamningi, sem nær til ársloka 2019, er ekki minnst á auglýsingar. Því er dregin sú ályktun að ekki verði breyting á ægivaldi RÚV þar frekar en á öðrum sviðum.

Heimilisfang fjölmiðlafyrirtækja er ekki bundið við útgáfuland, eins og fyrirætlanir Símans bera vitni um. 365 kannar nú möguleikana á því að flytja útgáfu prentmiðla til Bretlands, meðal annars til að auka svigrúmið á auglýsingamarkaði. Það gæti orðið upphafið að frekari flutningi fyrirtækisins til útlanda til þess að jafna leikinn.

**Heimilisfang fjölmiðlafyrirtækja er ekki bundið við útgáfuland, eins og fyrirætlanir Símans bera vitni um. 365 kannar nú möguleikana á því að flytja útgáfu prentmiðla til Bretlands.**




## Gunnar




## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugsd.



# Litli drengurinn með Panama-skjölin

Ég er í hópi þeirra sem gref andlitið í hendurnar eða leita skjóls undir teppi þegar spennan í sjónvarpinu verður um of. Þegar vandræðin verða óyfirstíganleg stend ég upp úr sófanum og fer inn í eldhús. Þegar ég las draugabækurnar hennar Yrsu Sigurðar geymdi ég bækurnar á náttborði eiginmannsins. Mér fannst vissara að draugarnir væru þar. Í mörg ár stóð ég óttaslegin í sturtu eftir að hafa horft á kvikmynd þar sem köngulær féllu niður á höfuð söguhetjunnar þar sem hún þvoði á sér hárið. Auðvitað eru það síðan kvikmyndirnar sem hafa kennt manni að öll bílstæðahús eru lífsógnandi staðir og að óróar sem klingja í vindinum geta aldrei boðað annað en mikinn háska. Ég efaðist um eigin tilvist eftir að hafa séð kvikmyndina The Others, þar sem Nicole Kidman komst að því í lok myndar að það var hún sjálf sem var draugurinn. Hugsið ykkur.

### Ullarteppi dregið yfir höfuð

Nú er ég að jafna mig á einni svona dramatískri senu sem ég sá í sjónvarpinu um daginn. Þegar ljóst var hvað var að gerast setti ég hendurnar fyrir andlitið en þegar á leið dró ég ullarteppið hægt yfir höfuðið til að dylja mér alfarið sýn. Í lokin var ég komin inn í eldhús. Þessi sjónvarpsþáttur hafði verið rækilega auglýstur og ég vissi vel að það var óveður í aðsigi. Stormurinn skall svo á með einfaldri spurningu: „Mr. Prime Minister, what can you tell me about a company called Wintris?"

Auðvitað var það ekki spurningin eða syngjandi sænskur hreimurinn hjá Sven Bergman sem framkallaði dramatíkina. Það var svarið. Ég hef hugsað það síðan að sennilega hefði forsætisráðherra líka getað þegið ullarteppið, því ekki gat hann falið andlitið bak við hendurnar. Og í lokin gekk hann auðvitað inn í eldhús.

### Skattastreituröskun

Panama-skjölin hafa opnað nýjan heim. Í þessari nýju heimsmynd eiga Íslendingar heimsmet miðað við höfðatölu. Við erum aftur stórasta land í heimi. Og í anda þess þá tengist höfundur þessarar setningar nýju heimsmyndinni dálítið. Nýi heimurinn sem varð ljós snýst um skattasiðferði. Í þessum veruleika eru það lögmannsstofur á borð við Mossack Fonseca sem aðstoða einstaklinga og fyrirtæki sem glíma við skattastreituröskun. Við höfum sýnt þessari röskun skilning því enn er það þannig þegar rætt er um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja að kröfurnar takmarkast að mestu leyti við jafnlauna- og umhverfismál. Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja er nú samt sennilega hvað ríkust þegar kemur að sköttum. Sá þankagangur loðir enn við um skattinn, að skattakvíðaröskun bitni ekki á neinum sérstökum – sé brot án fórnarlambs. En auðvitað er það alls ekki þannig að það séu engin fórnarlömb. Þetta veit fólk auðvitað enda byggir Panama-vörnin alltaf á því sama, að þess hafi verið vandlega gætt að greiða alla skatta, meira að segja í þeim tilvikum þar sem þeir vissu ekki einu sinni af því að þeir ættu Panama-reikning.

### Brot án fórnarlambs?

Hæstiréttur Bandaríkjanna sagði árið 1927 að skattar væru það gjald sem við greiðum fyrir siðað samfélag. Ástandið í Grikklandi stafar ekki eingöngu af lélegum ríkisrekstri, heldur mun frekar af því að skattar skila sér illa í ríkiskassann. Vanþróuð ríki ráða til sín sérfræðinga í smíði skattkerfa vegna þess að forsenda þess að samfélög geti byggst upp – að við getum rekið spítala, menntakerfi, byggt vegi og réttarkerfi – er að samfélagið greiði fyrir þessa þjónustu með sköttum. Ef einn gengur frá borði á veitingahúsinu þýðir það að hinir sem eftir sitja þurfa að greiða hærri reikning. Við erum rétt farin að horfast í augu við skattakvíða og skattastreitu sem samfélagsvandamál. Nú þarf að opna umræðuna og auka skilning á eðli og orsökum þessarar skattastreitu – og hvað það er sem hún raunverulega kostar samfélagið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

CITROËN

# HVAÐ Á C4 CACTUS SAMEIGINLEGT MEÐ KAKTUSUM?

CITROËN
C4
CACTUS

VERÐ FRÁ
**2.690.000 KR.**
STÓRGLÆSILEGUR
**300.000 KR.**
KAUPAUKI FYLGIR MEÐ
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ




INTERNATIONAL engine of the year awards 2015
Presented by engine technology international magazine

**Kaktusar** eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama á við um Citroën C4 Cactus. Veldu hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag.

Citroën C4 Cactus er fáanlegur með BlueHdi dísilvél eða nýrri PureTech bensínvél sem nýverið hlaut eftirsótta titilinn vél ársins (International Engine of the Year). Báðar vélarnar sameina frábæra frammistöðu, lága eyðslu og litla koltvísýringslosun.

Citroën C4 Cactus hefur slegið í gegn um allan heim. Glæsilegur kaupauki fylgir með tímabundið. Tryggðu þér eintak.

**Komdu í reynsluakstur**

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Íslenska vorið 2016: upp rennur lýðræði fyrir okkur öll




**Cricket Keating**
prófessor í stjórnmálafræðum við Ohio State University í Bandaríkjunum

**Susan Burgess**
prófessor í stjórnmálafræðum við Ohio State University í Bandaríkjunum

Upp úr 2010 fylgdist heimsbyggð öll með því sem síðar var kallað arabíska vorið. Konur og karlar í arabalöndunum virkjuðu samfélagsmiðla á borð við Facebook og Twitter til að skipuleggja, skrásetja og opinbera viðleitni sína til þess að losna undan harðstjórn. Um sama leyti var almenningur á Íslandi virkjaður til að semja stjórnarskrá og þar með var sýnt fram á að unnt væri að nota fjölmiðlunartæki tuttugustu og fyrstu aldar til þess að skapa þátttökulýðræði. Íslendingar brugðust við einokun elítunnar á ákvarðanatöku með því að leggja nýjan vettvang til sameiginlegrar ákvarðanatöku almennings, með þjóðfundum, stjórnlagaþingi og loks þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá.

Reyndar voru ákvarðanir þessara aðila ekki bindandi, en þar var sett fram og kynnt sameiginlegt val almennings, og var þar með vefengdur með afgerandi hætti hefðbundinn ákvörðunarréttur elítunnar. Íslendingar luku upp rými sem gerði almenningi kleift að skapa nýja framtíðarsýn fyrir landið, með samspili samfélagsmiðla og opinna umræðna, og þar með varð til ný tegund þátttökuferlis sem varð að fyrirmynd fyrir „opinbera“ ritun stjórnarskrár, og var það gert með leyfi stjórnarinnar.

Það eru orð að sönnu að tilraun Íslendinga til stafræns lýðræðis sannar að það er unnt að beita samfélagsmiðlum tuttugustu og fyrstu aldar til þess að brydda upp á nýjum aðferðum til þátttöku, þannig að allir sitji „við sama borð“, eins og það er orðað í formála nýju stjórnarskrárinnar. Slíkt lýðræði er gert af og fyrir 99%, eða „okkur hin“, eins og stjórnmálafræðingurinn Jodi Dean orðaði það svo skýrt. Það er byggt á sameiginlegum staðli þar sem gerð er krafa um að við komum að ákvörðunum sem hafa áhrif á líf okkar, og að því valdi sem við lútum. Eins og íslenskur þátttakandi orðaði það: „Það er hægt, við sýndum fram á það.“

## Tækifæri til að leiða nýtt átak

Á Íslandi eru aðstæður nokkuð sérstakar. Þjóðin er fámenn, menntuð og einsleit, og nánast allir hafa aðgang að Netinu. Því hafa ýmsir dregið í efa að nýjungar sem Íslendingar hafa lagt fram í stjórnarskrármálum geti nýst í lagskiptu, fjölþjóðlegu, fjöltyngdu og fjölmennu samfélagi á borð við Bandaríkin eða Indland. Auðvitað er spurningunni ósvarað, en við viljum benda á að lítil ríki hafa oft haft forgöngu um að breikka og dýpka framkvæmd lýðræðis. Til dæmis var Nýja-Sjáland fyrsta ríkið, þar sem almennur kosningaréttur fullorðinna var tekinn upp árið 1893, og nú þykir það sjálfsagt í lýðræðisríki, þótt slíkur kosningaréttur hafi ekki alls staðar verið tekinn upp. Nú vísa Íslendingar heimsbyggðinni veginn að lýðræðisvæddu lýðræði, með nýtingu hátæknitækja tuttugustu og fyrstu aldar, þannig að nýjar hugmyndir um þátttöku almennings komast í framkvæmd og færa stjórnarskrárbundið lýðræði upp í æðra veldi. Því miður hefur Alþingi ekki fullgilt stjórnarskrána og hunsað ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsluna 2012, þar sem um tveir af hverjum þremur kjósendum samþykktu hana.

Vorið 2016 færir Íslendingum tækifæri til að leiða nýtt átak og von um lýðræðislegar breytingar. Kraftvægi skapaðist þegar forsætisráðherra sagði af sér í kjölfar mótmæla, og nú þrýsta aðgerðasinnar á Alþingi til þess að fullgilda stjórnarskrána eftir öll þessi ár. Í maílok verður haldinn opinn borgarafundur um framtíð lýðræðis og stjórnarskrána. Eins og vera ber þegar þátttaka er almenn verður þessu vonandi fylgt eftir með nokkurra daga almennri greiningu stöðunnar og samræðum um sjálfa stjórnarskrána. Eins og einn Íslendinganna orðaði það: „Við erum bara lítið eyland en við höfum hlutverki að gegna í heimssögunni. Ísland er eins og tilraunastofa, það er tilraunastofa fyrir nýja heimsmynd ... Það sem við gerum í grasrótinni, með því að veita öllum aðild að hugsjónum okkar og gildum ... það er nýjung í þróun lýðræðis.“ Við sendum ykkur kveðju yfir Atlantsála og sameinumst ykkur í von og baráttu um að þessi nýja mynd lýðræðis verði loks að veruleika: lýðræði fyrir okkur öll.

**Ólöf Pétursdóttir þýddi**



**Við sendum ykkur kveðju yfir Atlantsála og sameinumst ykkur í von og baráttu um að þessi nýja mynd lýðræðis verði loks að veruleika: lýðræði fyrir okkur öll.**

ÖBÍ

## Almannatryggingar og starfsgetumat: nýtt kerfi – fyrir hvern?

**Málþing - miðvikudaginn, 25. maí 2016 kl. 13-17 á Grand hótel (Gullteigur)**

**Dagskrá:**

**Ávarp:** Ellen Calmon formaður ÖBÍ

**Tillögur ÖBÍ og sérálit við skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar**

*Lagaumhverfi:* Sigurjón Unnar Sveinsson lögfræðingur ÖBÍ
*Starfsgetumat:* Guðrún Hannesdóttir félagsfræðingur
*Nefndarvinna og sérálit:* Ellen Calmon formaður ÖBÍ
*Framfærsla:* Sigríður Hanna Ingólfsdóttir félagsráðgjafi ÖBÍ
*Vinnumarkaður:* Halldór Sævar Guðbergsson varaformaður ÖBÍ

**Kaffihlé**

**Áhrif nýs kerfis á möguleika fólks til atvinnu og framfærslu?**

Dóra Ingvarsdóttir, Gigtarfélagi Íslands
Guðmundur Ingi Kristinsson, Sjálfsbjörg
Friðrik Sigurðsson, Landssamtökunum Þroskahjálp og Aileen Svensdóttir, Átaki
Sylviane Pétursson-Lecoultre, Geðhjálp
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, Félagi heyrnarlausra

**Pallborðsumræður**

**Lokaorð:** Halldór Sævar Guðbergsson varaformaður ÖBÍ

**Fundarstjóri:** Sigmar Guðmundsson fjölmiðlamaður

**Rit- og táknmálstúlkun í boði**

**Ókeypis aðgangur - Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir**

# Þekkingarsköpun háskólasamfélagsins: framtíð þjóðar

**Stjórn Vísindafélags Íslendinga**
**Þórarinn Guðjónsson**
forseti, prófessor, Háskóla Íslands
**Erna Magnúsdóttir**
rannsóknasérfræðingur, Háskóla Íslands
**Kristján Leósson**
framkvæmdastjóri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
**Margrét Eggertsdóttir**
rannsóknaprófessor, Stofnun Árna Magnússonar
**Þórólfur Þórlindsson**
prófessor, Háskóla Íslands
**Anna Ingólfsdóttir**
prófessor, Háskóla Reykjavíkur
**Steinunn Gestsdóttir**
prófessor, Háskóla Íslands

Menntun, rannsóknir og nýsköpun eru undirstaða efnahagslegra framfara og hryggjarstykki í uppbyggingu velferðar- og þekkingarsamfélaga. Háskólakerfið á Íslandi hefur vaxið hratt á undanförnum árum og háskólar breyst frá því að sinna fyrst og fremst kennslu í alþjóðlega viðurkenndar rannsóknastofnanir þar sem öflun og hagnýting þekkingar er drifkraftur starfsins.

Mikilvægi háskólastarfs fyrir framþróun samfélaga endurspeglast í því hve fjármögnun háskóla er ofarlega á forgangslista nágrannaþjóða okkar. Sem dæmi má nefna að Finnland jók framlög til háskólastigsins um 118% á árunum 1999-2010. Á sama tíma jukust framlög til háskóla á Íslandi um einungis 7%, en löndin vörðu jafnmiklu fé á nemanda á háskólastigi árið 1999. Ísland hefur lengi staðið hinum norrænu ríkjunum að baki þegar kemur að fjármögnun háskólastigsins og hefur nú dregist enn meira aftur úr. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að háskólastigið er síst umfangsmeira á Íslandi en í nágrannalöndum, aðeins á síðustu árum hefur svipað hlutfall útskrifast með háskólagráðu á Íslandi og að meðaltali á Norðurlöndum.

Blikur hafa verið á lofti um vilja stjórnvalda til aukinna fjárfestinga í háskólastiginu hér á landi. Vísinda- og tækniráð, þar sem forsætisráðherra er formaður, setti fram metnaðarfulla stefnu árið 2014 þar sem gert var ráð fyrir stórauknum stuðningi við háskólana. Samkvæmt stefnunni er markmiðið að ná meðaltali OECD-landanna í fjármögnun háskólakerfisins á þessu ári og meðaltali Norðurlanda árið 2020. Því skýtur skökku við að í fjármálaáætluninni sem ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram er lítil sem engin aukning á framlögum til háskólanna og því um algjöra stefnubreytingu að ræða. Sú breyting er óskiljanleg í ljósi þess að í dag þarf 60% meira fé til þess að ná meðaltali OECD og 120% aukningu til að ná Norðurlöndunum. Því er ljóst að Ísland mun dragast enn meira aftur úr hvað varðar uppbyggingu háskólakerfisins á næstu fimm árum nái fjármálaáætlun þessi óbreytt fram að ganga, þvert á stefnu Vísinda- og tækniráðs.

## Alvarlegar afleiðingar

Afleiðingar áframhaldandi undirfjármögnunar háskólastigsins munu verða alvarlegar. Háskólar geta ekki tryggt gæði rannsókna og kennslu með þessu áframhaldi. Langvarandi fjárhagslegt svelti gerir háskólunum einfaldlega ekki kleift að sinna hlutverki sínu með tilheyrandi afleiðingum fyrir menntun og nýsköpun í landinu.

Sem þjóð verðum við að spyrja okkur hvort við viljum háskólakerfi sem styður við framþróun íslensks samfélags. Ef Ísland vill stefna í sömu átt og nágrannaþjóðir okkar verðum við að efla fjármögnun háskólakerfisins svo það megi tryggja að ungt fólk hafi aðgengi að menntun af sömu gæðum og þar tíðkast. Aðeins þannig geta íslenskir háskólar sinnt þekkingarsköpun sem stuðlar að uppbyggingu þekkingarsamfélags og tryggir samkeppnishæfi Íslands á alþjóðavettvangi.

VAXTALAUS AFBORGUN VAXTALAUS AFBORGUN VAXTALAUS AFBORGUN

TAG Heuer
SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860

# Vaxtalaus afborgun af **öllum TAG Heuer úrum** í maí

Raðgreiðslur með Netgíró eða kreditkorti í allt að 12 mánuði



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **218.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **19.208 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer Calibre 5**
Staðgreitt **312.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **27.315 kr.**



**TAG Heuer Carrera Caliber 7**
Staðgreitt **421.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **36.716 kr.**



**TAG Heuer Carrera Calibre 5**
Staðgreitt **382.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **33.353 kr.**

## Herraúr



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **172.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **15.240 kr.**



**TAG Heuer Formula 1 Calibre 5**
Staðgreitt **250.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **21.968 kr.**



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **288.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **25.245 kr.**



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **202.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **17.828 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **187.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **16.534 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **187.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **16.534 kr.**



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **211.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **18.604 kr.**



**TAG Heuer Aquaracer**
Staðgreitt **296.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **25.935 kr.**

## Dömuúr



**TAG Heuer Formula 1**
Staðgreitt **351.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **30.679 kr.**



**TAG Heuer Carrera**
Staðgreitt **562.000 kr.**
Vaxtalaus afb. í 12 mán. **48.878 kr.**

## Kíktu á allt úrvalið hjá okkur á Laugaveginum eða í Kringlunni

Upphæðir miðast við raðgreiðslur með Netgíró eða kreditkorti í 12 mánuði, 0% vextir, 3,5% lántökugjald og 405 kr. greiðslugjald.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni – sími 511 1900 – www.michelsen.is



Hákon Daði Styrmisson flúði Vestmannaeyjar vegna eineltis en stóð uppi sem óvænt hetja Hauka og Íslandsmeistari.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Var útilokaður og einn í Eyjum

**Hákon Daði Styrmisson sló í gegn í úrslitakeppninni með Haukum og var nálægt markameti. Hann þurfti að yfirgefa Vestmannaeyjar vegna eineltis og opnar sig um veturinn í samtali við Fréttablaðið.**

**HANDBOLTI** „Ég hafði það alls ekki gott í Vestmannaeyjum. Ég var mikið einn og þetta var erfitt,“ segir Hákon Daði Styrmisson, leikmaður Hauka í Olís-deild karla í handbolta, Hákon Daði, sem fluttist tólf ára gamall til Vestmannaeyja, þurfti að flýja Eyjar vegna eineltis fyrr í vetur en hann samdi þá við Hauka.

Það reyndist gæfuspor fyrir þennan 18 ára gamla hornamann. Hann fór á kostum með Haukum og þá sérstaklega í úrslitakeppninni þar sem hann skoraði í heildina 94 mörk. Hann stóð uppi sem Íslandsmeistari með Haukum eftir oddaleik gegn Aftureldingu en hann skoraði tíu mörk í leiknum.

„Ég fór að hugsa um sjálfan mig,“ segir Hákon Daði um ástæðu þess að hann yfirgaf Eyjar. „Ég setti mig í fyrsta sætið og fór að hugsa um minn feril. Ég tel mig hafa tekið rétta skrefið í átt að betri og stærri ferli. Ég þurfti bara að taka aðeins til hjá mér.“

Eineltið í garð Hákonar Daða fólst í útilokun eins og hann segir frá.

> Þarna vissi enginn hvað var í gangi. Mamma og pabbi vissu það ekki einu sinni.
>
> Hákon Daði Styrmisson

Þetta varð að stórmáli innan ÍBV og í Eyjum fyrir áramót en málið var rannsakað og steig þjálfarinn, Arnar Pétursson, til hliðar á meðan greitt var úr málinu sem endaði með því að Hákon fór.

Eineltið var innan ÍBV en hjá jafnöldrum Hákonar, ekki reyndari mönnum liðsins og þjálfara. „Mér leið aldrei illa að fara á æfingar. Eldri strákarnir í meistaraflokknum tóku ekkert eftir þessu því þetta var aldrei í gangi á æfingum með þeim. Ég fékk þvílíkan stuðning frá eldri strákunum og Arnari þjálfara,“ segir Hákon sem sagði engum frá raunum sínum fyrr en hann gat ekki meir síðasta vetur.

„Ég fer til Adda þjálfara og segi honum frá þessu því ég vildi fara. Eins leiðinlegt og honum fannst þetta þá skildi hann mig alveg og stóð þétt við bakið á mér. Fyrst þegar við töluðum saman sagði ég honum ekkert ástæðuna. Þarna vissi enginn hvað var í gangi. Mamma og pabbi vissu það ekki einu sinni. Þegar ég segi Arnari frá þessu brýst allt út og ég brotna niður,“ segir Hákon.

**Skildi margt eftir í Eyjum**

Það getur stundum verið þannig í eineltismálum að fórnarlambinu finnst það eiga sök í máli og þannig leið Hákoni á tímabili. „Eftir að vera svona útilokaður í nokkur ár fer maður að efast um sjálfan sig. Maður efast alltaf um hvort fólk vilji hafa mann með sér og hvort maður eigi eitthvað að segja,“ segir Hákon Daði sem er á mun betri stað í dag.

„Mér líður vel í dag. Það breyttist mikið þegar ég kom upp á land og bara um leið og ég kom þessu frá mér. Ég var með þetta í bakpokanum lengi en um leið og ég tæmdi hann og þetta hætti að bögga mig fór boltinn að rúlla. Ég fékk meiri spiltíma hjá Gunna hjá Haukunum og þá kom sjálfstraustið.“

Hákon Daði spilaði frábærlega í einvígi Hauka gegn ÍBV og héldu þar margir að hann var í hefndarhug. En svo var ekki. Þar var hann að spila gegn mönnunum sem stóðu með honum og þjálfaranum sem vildi allt fyrir hann gera.

„Það var mikill kærleikur í þeim. Bróðir minn [Andri Heimir Friðriksson, leikmaður ÍBV] var æðislegur og þetta styrkti samband okkar til muna. Svo voru allir strákarnir; Teddi, Aggi, Dagur, Maggi Stef, Sindri, Grétar, Andri Heimir og Addi alveg æðislegir,“ segir Hákon Daði sem saknar eðlilega Eyja að hluta til.

„Fjölskyldan mín er í Eyjum og ég sakna hennar að sjálfsögðu. Ég átti líka ágætis vini og tvo bræður sem ég er í sambandi við á hverjum degi. Svo átti ég gott samband við mömmu og pabba. Að flytja leysti ekki öll vandamálin en það er eitthvað sem ég þurfti að gera,“ segir Hákon Daði. **tomas@365.is**

# Brons bættist í verðlaunasafn Hrafnhildar frá EM

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir kórónaði frábæra frammistöðu sína á EM í 50 m laug í London með því að vinna brons í 200 m bringusundi í gær. Hún vann silfur í 100 m bringusundi á miðvikudag en þetta eru fyrstu verðlaun ófatlaðs íslensks sundmanns í 90 ára sögu mótsins.

„Ég gæti bara ekki verið ánægðari,“ sagði Hrafnhildur Ósk við Fréttablaðið í gær. Hún synti á 2:22,96 mínútum og bætti Íslandsmet sitt í greininni um tíu hundraðshluta úr sekúndu. En hún komst í fyrsta sinn undir 2:23,00 mínútur sem hún hafði stefnt lengi að.

„Eftir að ég komst svo nálægt 23 sekúndunum í fyrra hefur það verið markmið mitt að komast undir þær. Þegar það tekst þá er maður kominn í hóp með þeim bestu í heimi,“ segir Hrafnhildur sem stefnir á að ná langt á Ólympíuleikunum í Ríó í ágúst.

„Nú fer ég aftur til Flórída og æfi á fullu síðustu tvo mánuðina fyrir Ríó. Klára öll smáatriði og einbeiti mér að því að fá eins mikið úr þessu og ég get.

Það var líka frábært að fá þetta mót til að sjá hvar ég stend. Og það gekk allt upp. Ég er ánægð með árangurinn og nú er bara að sjá hvernig framhaldið verður.“ **– esá**



Hrafnhildur, lengst til hægri, með bronsverðlaun sín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Nýjast

**Inkasso-deildin**

**Fram - Haukar 1-1**
0-1 Haukur Ásberg Hilmarsson (40.), 1-1 Ivan Bubao (65.).

Fram nældi í sín fyrstu stig í Inkasso-deildinni en rauðklæddu úr Hafnarfirði eru með fjögur stig eftir þrjá leiki.

**Selfoss - Leiknir R. 0-1**
0-1 Kári Pétursson (36.).

Lánsmaður frá Stjörnunni, Kári Pétursson, tryggði Leikni R. sigur á Selfossi. Leiknir er á toppi deildarinnar með fullt hús stiga eftir þrjá leiki, en Selfoss er með þrjú stig.

**BÆTIST Í HÓP ÓLYMPÍUFARA?**



Á sunnudag keppir sveit Íslands í 4x100 m fjórsundi á EM í London en hún keppir nú að því að bæta sinn besta tíma til að komast í hóp sextán bestu sveita heims. Þeim verður boðið til þátttöku á ÓL í Ríó í sumar. Tvær úr sveitinni, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir, hafa tryggt sér keppnisrétt á ÓL í sínum einstaklingsgreinum en þetta er stærsta tækifæri Jóhönnu Gerðu Gústafsdóttur, systur Eyglóar, og Bryndísar Rúnar Hansen til að komast til Ríó. „Ég vil gera allt sem ég get til að koma þeim til Ríó og að Ísland fari með sem flesta þangað,“ sagði Eygló Ósk við Fréttablaðið. Hrafnhildur segir að sveitin stefni hátt. „Við urðum í fjórða sæti á EM í fyrra og það væri gaman að ná í verðlaun núna,“ segir hún.

**VINNUR VAN GAAL BIKARINN?**



Manchester United og Crystal Palace eigast við í úrslitaleik ensku bikarkeppninnar sem fer að venju fram á Wembley-leikvanginum í Lundúnum. Leikurinn hefst klukkan 16.30 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Þessi sömu lið áttust við í dramatískum úrslitaleik árið 1990 þar sem niðurstaðan var 3-3 jafntefli. Spila þurfti aftur og hafði þá United betur, 1-0. Það er mikið í húfi fyrir Louis van Gaal, stjóra United, en þetta er eini möguleiki hans á titli þetta árið. Ef United vinnur í dag verður það í tólfta sinn í sögu bikarsins sem liðið verður meistari og myndi félagið jafna þar með árangur Arsenal sem er í dag sigursælasta lið enska bikarsins.

## Laugardagur

| | | |
|---|---|---|
| 13.30 | Formúla E: Berlín | Sport |
| 15.30 | ÍA - Fylkir | Sport |
| 16.15 | Man. Utd - C. Palace | Sport2 |
| 17.00 | AT&T-mótið | Golfstöðin |
| 00.30 | Toronto - Cleveland | Sport |
| 14.00 | KA - Huginn | KA-völlur |
| 14.00 | KFF - Keflavík | Fjarðab.höll. |
| 14.00 | HK - Þór | Kórinn |
| 16.00 | Grindavík - Leiknir F. | Grindav. |
| 16.00 | ÍA - Fylkir | Norðurálsvöllur |

## Sunnudagur

| | | |
|---|---|---|
| 16.00 | Demantamót í Rabat | Sport |
| 17.00 | AT&T-mótið | Golfstöðin |
| 19.30 | Breiðablik - KR | Sport |
| 00.00 | OKC - Golden State | Sport |
| 17.00 | ÍBV - Víkingur | Hásteinsvöllur |
| 19.15 | Valur - Þróttur | Valsvöllur |
| 19.15 | Fjölnir - Vík Ó. | Fjölnisvöllur |
| 20.00 | Breiðablik - KR | Kópavogsv. |

# SÓL Á ALGJÖRUM SPOTTPRÍS

Frá kr. **49.900**

**Allt að 50.000 kr. afsláttur á mann**

**Bókaðu sól**

## KRÍT



**Porto Platanias Village** ●●●●

**Frá kr. 107.600**
**m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 107.600 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 145.895 m.v. 2 í stúdíó.

26. maí í 11 nætur.

## KRÍT



**Stökktu** ●●+

**Frá kr. 69.900**

Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 í herbergi/ íbúð/stúdíó.

26. maí í 11 nætur.

## SALOU



**4R Regina** ●●●

**Frá kr. 76.595**
**m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 76.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 153.190 m.v. 2 í herbergi.

27. maí í 7 nætur.

## MALLORCA



**Stökktu** ●●+

**Frá kr. 49.900**

Netverð á mann frá kr. 49.900 m.v. 2 í herbergi/ íbúð/stúdíó.

31. maí í 7 nætur.

## ALBIR



**Albir Playa** ●●●●

**Frá kr. 78.845**
**m/morgunmat**

Netverð á mann frá kr. 78.845 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 98.495 m.v. 2 í herbergi.

31. maí í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL



**Aparthotel Veramar** ●●+

**Frá kr. 69.145**
**m/morgunmat**

Netverð á mann frá kr. 69.145 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 79.195 m.v. 2 í stúdíó.

29. maí í 11 nætur.

## BENIDORM



**Marconfort Benid. Suites** ●●●●

**Frá kr. 106.095**
**m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 106.095 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu. Netverð á mann frá kr. 128.495 m.v. 2 í svítu.

31. maí í 7 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA



**Hotel Playacapcicho** ●●●●

**Frá kr. 87.645**
**m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 87.645 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó superior. Netverð á mann frá kr. 124.895 m.v. 2 í stúdíó superior.

2. júní í 11 nætur.

ENNEMM / SIA • NM75418 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

**Heimsferðir**

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN




**Þeir Nigel Short og Hjörvar Steinn takast á í sex skáka einvígi um helgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Skákmeistarar lofa tilþrifum

Fyrrverandi áskorandi um heimsmeistaratitilinn í skák, **Nigel Short**, og **Hjörvar Steinn Grétarsson**, yngsti stórmeistari Íslands, takast á í sex skáka einvígi sem fram fer um helgina. Búast má við spennandi keppni.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Goðsögnin Nigel Short og Hjörvar Steinn Grétarsson, yngsti stórmeistari Íslands, mætast í MótX-einvíginu í Salnum í Kópavogi nú um helgina. Skákfélagið Hrókurinn skipuleggur þennan stórviðburð í íslensku skáklífi, og má búast við stórskemmtilegu einvígi, en báðir meistararnir eru þekktir fyrir snilldartilþrif á skákborðinu.

Short og Hjörvar tefla sex atskákir, með 25 mínútna umhugsunartíma, og verður frábær aðstaða í Salnum til að fylgjast með spennandi einvígi. Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.

Nigel Short var undrabarn í skák. Stórmeistari varð hann 19 ára og var þá yngstur allra í heiminum sem báru þann eftirsótta titil.

Short hefur unnið tugi alþjóðlegra skákmóta og verið í fremstu röð í áratugi. Á hátindi ferils síns vann Short sér rétt til að tefla um heimsmeistaratitilinn við sjálfan Garry Kasparov árið 1993, en beið lægri hlut.

Árið sem Short glímdi við hinn göldrótta ofurmeistara Kasparov um heimsmeistaratitilinn fæddist Hjörvar Steinn Grétarsson, sem nú er yngstur þeirra Íslendinga sem skarta stórmeistaratign. Hann er nú næststigahæsti skákmaður Íslands með 2.580 stig, og er til alls líklegur gegn Short, þótt enski meistarinn skarti nú 2.671 skákstigi.

Short og Hjörvar Steinn munu tefla sex atskákir í Salnum. Umhugsunartími er 25 mínútur fyrir hvorn keppanda. Það er mun styttri tími en í hefðbundnum kappskákum, og má búast við tímahraki með tilheyrandi fjöri.

**The Knight b4**

En hér er ekki allt talið. Nigel Short er maður mikilla hæfileika og treður upp sem söngvari í skák-rokkbandinu The Knight b4 á Húrra í Tryggvagötu og setur punkt við skákhátíðina. Aðrir í hljómsveitinni eru Arnljótur Sigurðsson, Hjörtur Ingvi Jóhannsson, Viggó E. Hilmarsson og Þorvaldur Ingveldarson.

## Dagskrá MótX-einvígisins í Salnum

**Laugardagur 21. maí**
Kl. 14 -- Setningarathöfn og 1. skák
Kl. 15 -- 2. skák
Kl. 16 -- 3. skák

**Sunnudagur 22. maí**
Kl. 14 -- 4. skák
Kl. 15 -- 5. skák
Kl. 16 -- 6. skák og verðlaunaafhending



## *Fjórhjóladrifinn dísiljeppi með SYNC II samskiptakerfi, 8" snertiskjá og íslensku leiðsögukerfi*




# NÝR FORD KUGA AWD

> Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum akstursiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Staðalbúnaðurinn er sérstaklega glæsilegur. Þar á meðal er skynvætt tölvustýrt fjórhjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjár í miðjustokk, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur.

Ford Kuga er tilvalinn til ferðalaga. Dráttargetan er mikil eða 2.100 kg. Veghæðin er jafnframt mikil eða um 20 cm undir lægsta punkt.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Kuga AWD - komdu og prófaðu**

## FORD **KUGA AWD**

BEINSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.490.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR AWD DÍSIL
FRÁ **5.690.000** KR.

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Kuga er gríðarlega vel búinn. Til viðbótar er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: starthnappur, hraðastillir, brekkuaðstoð, LED lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útispeglar, þokuljós og Easy Fuel. Öryggi Ford Kuga er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. Ford Kuga er fáanlegur í þremur útfærslum: Trend Edition, Titanium og Titanium S. ◆ Ford Kuga AWD 2,0 TDCi dísil 150 hö. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,2/5,4 l/100 km. $CO_2$ losun 135/140 g/km. ◆ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart bonded leður. Hnakkapúði seldur sér.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm

**129.990 kr.** ~~169.990 kr.~~

**23%** AFSLÁTTUR



**20%** AFSLÁTTUR

## ALEXA
Borðstofustóll. Svart, hvítt eða brúnt ekta leður. Einnig svart með hvítum saumum.

**27.990 kr.** ~~34.990 kr.~~



## CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Grátt og dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 231 × 140 × 81 cm

**16%** AFSLÁTTUR

**99.992 kr.** ~~119.990 kr.~~

## VESTA
Tungusófi. Hægri og vinstri tunga. Miriam grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 295 × 94/160 × 74 cm

**199.990 kr.** ~~299.990 kr.~~



**33%** AFSLÁTTUR



**50%** AFSLÁTTUR

## BELINA
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

## PINTO
Hornsófi. 2H3 eða 3H2.
Slitsterkt áklæði, grátt eða svart.
Hátt bak og situr vel.
Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

**159.992 kr.** ~~199.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*



## EMPIRE
LA-Z-BOY hægindastóll.
Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 80 × 70 × 102 cm

**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR

# HELGAR SPRENGJA



**37%** AFSLÁTTUR

## MARCUS
Borðstofustóll.
Svartur, hvítur eða grár.

**4.990 kr.** ~~7.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## DIMA
Borðstofustóll. Hvítur og svartur.
Með viðarlitum og svörtum löppum.

**8.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## EIFFEL
Borðstofustóll.
Svartur, grár og hvítur með svörtum löppum.

**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## BELINA
Stækkanlegt borðstofuborð, viður/hvítt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## MARCUS
Eldhúsborð. Þ.mál: 90 cm H: 75 cm

**14.990 kr.** ~~24.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

## KIRUNA
U-sófi. Hægri og vinstri tunga
Dökkgrátt slitsterkt áklæði
Stærð: 301 x 200 x 78 cm.

**189.990 kr.** ~~239.990 kr.~~



**28%** AFSLÁTTUR

## EIFFEL
Borðstofustóll.
Í mörgum litum með krómlöppum.

**9.990 kr.** ~~13.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



# Ísland eins og ættarmót sem hefur farið úrskeiðis

**Unnsteinn Manuel Stefánsson** varð fyrir aðkasti vegna hörundslitar síns eftir að hann var stigakynnir Íslands í Eurovision. Unnsteinn ræðir um fordóma, ábyrgð stjórnvalda, uppvöxtinn í 101, tónlistina og starf sitt í fjölmiðlum sem hann líkir við háskólanám.



„Við sem verðum fyrir áreitinu eigum ekki alltaf að þurfa að vera í vörn,“ segir Unnsteinn Manuel og segir stjórnvöld þurfa að axla ábyrgð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ísland er stundum eins og ættarmót sem hefur farið úrskeiðis,“ segir tónlistarmaðurinn Unnsteinn Manuel Stefánsson um fordóma gagnvart fólki af erlendum uppruna á Íslandi og hömluleysi á netinu.

Unnsteinn Manuel var stigakynnir Íslands í Eurovision. Eftir keppnina tjáðu fáeinir einstaklingar andúð sína í kommentakerfum netmiðlanna á því að hörundsdökkur maður kæmi fram fyrir hönd Íslands.

Einn þeirra ritaði meðal annars: „What. Á negri að vera andlit Íslands út á við?“

**Þögnin er verst**

„Áreitið er vissulega alvarlegt. Það eru þó frekar fáir einstaklingar sem stunda kynþáttaníð,“ segir Unnsteinn Manuel og minnir á að það sé ekki hægt að gera kröfu á að fólk af erlendum uppruna þurfi stöðugt að verja tilveru sína. Stjórnmálamenn verði að axla ábyrgð.

„Mér finnst verst þegar það er þögn. Það er klassísk íslensk lending. Þegar einhver fer út af sporinu á ættarmótinu verða allir meðvirkir og það er ekki hægt að ræða hlutina. Þá er líka hætta á að stjórnmálamenn notfæri sér ástandið og þegi gagngert til að halda möguleikanum opnum á að ala á útlendingahatri í leit að atkvæðum. Rétt eins og gerðist í Bretlandi í borgarstjórakosningum. Nema það sprakk í andlitið á þeim, sem er gott,“ segir Unnsteinn.

**Ýktir netheimar**

Sema Erla Serdar, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar, vakti athygli á rasisma í garð Unnsteins. Hún hefur verið ötul í baráttu sinn gegn fordómum og kynþáttaníði. Unnsteinn segist þakklátur því að stjórnmálamenn á borð við hana sýni samfélagslega ábyrgð með þessum hætti. „Það var samt áhugavert að eftir að ég brást við áreitinu með þeim hætti að ég vildi ekki gefa fáeinum einstaklingum færi á að dreifa boðskap sínum í gegnum Facebook-pósta annarra, þá fékk ég viðbrögð á borð við: Já, Unnsteinn er flottur, annað en hún Sema Erla sem er alltaf að nöldra, en það skyldi enginn efast um það að ég styð Semu Erlu í baráttu hennar. Ég nenni bara ekki að hvað sem ég tek mér fyrir hendur sé rætt á forsendum húðlitar. Við sem verðum fyrir áreitinu eigum ekki alltaf að þurfa að vera í vörn.

Það verða alltaf þessir fáu einstaklingar sem vilja hatast. Netheimar gefa ýkta mynd. Ég vil frekar að fólk hendi í einhvern snarruglaðan Facebook-status eftir Eurovision í stað þess að það vinni einhverjum mein úti á götu.“

**Uppgangur múslimahatara**

Unnsteinn segist ekki vilja láta ræna sig orku og innri ró. Hann hefur sjaldan orðið fyrir beinu aðkasti vegna hörundslitar síns. Hann finnur hins vegar til með öðrum þjóðfélagshópum, sér í lagi múslimum.

„Ef þú ætlar að halda orku, þá getur þú ekki leyft einhverju veiku liði úti í bæ að slá þig út af laginu. Ég get ekki tekið þátt í ranghugmyndum annarra. Ég læt þetta fólk ekki aftra mér. Það eru mikilvæg skilaboð.

Það þarf aðgerðir til að tækla fordóma í samfélaginu. Það sem mér finnst verst núna er uppgangur múslimahatara sem eru að fara af stað með einhvers konar aktívisma. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að gera eitthvað. Það gengur ekki að múslimar fái morðhótanir og enginn segi neitt,“ segir hann ákveðinn.

**Búinn að vera of lengi í sólinni**

Hann segir hugsunarhátt fólks stundum bjagaðan þótt það vilji ➡

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## YFIR 100 GERÐIR AF SJÓNVÖRPUM

**LG OLED SJÓNVÖRP**
**ALLT AÐ 38% AFSLÆTTI**

**LOKADAGURINN Í DAG**

**65" SJÓNV**
**MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR AFSL.**

**YAMAHA RESTIO HLJÓMTÆKI**
**MEÐ ALLT AÐ 58% AFSLÆTTI**

**BLUETOOTH HÁTALARAR**
**50% AFSLÆTTI**

**LOKADAGURINN Í DAG**

**YAMAHA**
**MEÐ ALLT AÐ 50%**

**40" ULTRA HD 4K SMART**
**SJÓNVÖRP FRÁ 89.990 KR**

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup!
STOFNAÐ 1971

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

vel. Í þeim tilvikum þurfi bara að minna á sjónarmið fólks af erlendum uppruna. Það eigi að fá að vera stolt af uppruna sínum og fá tækifæri til þess að halda í móðurmálið sitt.

„Það sem fólk lætur út úr sér getur verið svo klikkað: Þú ert meiri Íslendingur en margir aðrir, þú ert bara búinn að vera aðeins of lengi í sólinni. Fólk talar bara blátt áfram eins og það besta í heimi sé að vera Íslendingur. Fólk fattar ekki að ég er jafn hvítur og ég er svartur. Ég lít ekki á mig sem eitt eða neitt. Ég vil bara fá að vera friði með það hvernig ég lít út. Það er þessi hugsunarháttur sem þarf að laga. Fólk á að fá að vera stolt af því hvaðan það kemur, hver saga þess er. Við erum ekki í keppni um hver sé mesti Íslendingurinn,“ segir Unnsteinn.

**Fjölskyldur grípi inn í líf rasista**

Unnsteini finnst að fjölskyldur þeirra sem beita kynþáttahatri eigi að grípa inn í aðstæður. „Eitt það versta sem þú getur verið kallaður er kynþáttahatari, fólk hugsar um þetta eins og óafmáanlegan stimpil, eins og „barnaníðingur“ en það er ekki rétt. Fólk getur aukið skilning sinn. Mér finnst að fjölskyldur þessa fólks ættu að grípa inn í aðstæður. Mér fyndist það eðlilegast. Það er sterkasta öryggisnetið, fjölskyldan. Þú þarft til dæmis að vera mjög óheppinn til að verða róni á Íslandi ef þú átt góða að. Þú þarft virkilega að hafa brennt allar brýr að baki þér ef þú átt ekki þetta öryggisnet. Fordómar koma einhvers staðar frá, fólk þarf meiri fræðslu og það þarf að hjálpa því að setja sig í spor annarra.“

**Fluttu til Íslands vegna veikinda**

Unnsteinn fæddist í bænum Aveiro í Portúgal og bjó þar fyrstu fimm árin. Faðir hans er íslenskur en móðir hans er fædd í Angóla. „Mamma flutti ellefu ára gömul til Portúgals og þar búa enn margir afrískir ættingjar mínir. Pabbi starfaði við skipasmíðar og innflutning á íslenskum saltfiski til Portúgals. Við fórum alltaf til Íslands í frí á sumrin, þangað til veikindi mömmu settu strik í reikninginn,“ segir Unnsteinn frá.

Móðir hans glímdi við nýrnabilun og þurfti læknisaðstoð. „Mamma varð svo veik í einu fluginu. Þegar við lentum þá kom Sveinn Rúnar Hauksson, læknirinn okkar og guðfaðir Loga bróður míns, að vitja hennar. Hann greindi henni frá því að staðan væri alvarleg, hún væri að missa nýrun. Við þrjú, ég mamma og Logi, urðum eftir á Íslandi og fluttum í miðbæinn til að vera nálægt Landspítalanum. Pabbi þurfti að fara aftur til Portúgals að sinna rekstrinum.

Mamma þurfti að fara í blóðskilun nokkrum sinnum í viku. Hún fékk ígrætt nýra árið 2004 og það virkaði til 2010. Svo fékk hún annað nýra árið 2013 og það er enn í lagi. Við bræðurnir fórum með henni í flugi til Svíþjóðar um miðja nótt frá Reykjavíkurflugvelli.“

**Heilbrigðiskerfið að grotna niður**

Unnsteinn segir veikindi móður sinnar hafa gefið fjölskyldunni innsýn í íslenskt heilbrigðiskerfi. „Mér varð það ljóst þegar mamma var flutt í ígræðslu til Svíþjóðar hversu lélegt íslenska heilbrigðiskerfið er orðið. Samanburðurinn var sláandi. Heilbrigðiskerfið okkar er að grotna niður. Við erum með fólk í heilbrigðisgeiranum sem er í heimsklassa. Af hverju er þá kerfið ekki líka í heimsklassa?“

Hann segir enn og aftur stjórnvöld bera ríka ábyrgð. Stjórnmálamenn hafi beitt blekkingum til þess að auka einkarekstur í heilbrigðiskerfinu. „Það kostar ekki það mikið fyrir Ísland að veita ókeypis heilbrigðisþjónustu. Eina ástæðan sem ég sé fyrir þessum áróðri að það kosti mikið er til að gefa einkaaðilum svigrúm til rekstrar. Mér finnst næstum því eins og það sé verið að gera einhvers konar markaðshyggjutilraunir á grunnstoðum íslensks samfélags. Þetta hafa verið dýrar tilraunir, því lélegt heilbrigðiskerfi hefur nú þegar kostað mannslíf,“ segir Unnsteinn og rifjar upp fréttir liðinnar viku um nýja læknastofu bandaríska hjartalækna í einkarekstri á Íslandi. „Ég las viðtal um þessa nýju þjónustu og í því kom fram að hún er fyrir fólk sem sér sér ekki fært að standa í röð.“ Hann fórnar höndum. „Það er hræðilegt. Ástæðan fyrir því að við fluttum til Íslands er sú að í Portúgal hefðum við alltaf verið aftast í röðinni. Nú stefnir í að það verði svo hér.

Það þarf enginn að velkjast í vafa um það að Ísland er ríkt land. Sumum finnst mannréttindi vera fólgin í því að fá að græða eins mikið og mögulegt er. Mér finnst að mannréttindi ættu að vera fólgin í því að fá að vera fátækur. Við getum ekki boðið komandi kynslóðum upp á samfélag manna sem keppast við að græða hver á öðrum.“








SKÝRASTA DÆMIÐ FYRIR MÉR UM AÐSTÖÐUMUN ER TÓNLISTARNÁM Á ÍSLANDI. ÞAÐ HAFA FÁIR INNFLYTJENDAKRAKKAR EFNI Á ÞVÍ AÐ FARA Í TÓNLISTARSKÓLA.

Unnsteinn Manuel Stefánsson

**Aðstöðumunur í tónlistarnámi**

Móðir bræðranna sendi þá í tónlistarskóla fljótlega eftir komuna til Íslands. Hún vildi með því tryggja þeim menntun sem kæmi þeim að haldi. Unnsteinn segir innflytjendur helst finna fyrir aðstöðumun þegar kemur að menntun. Á Íslandi hafi þeir efnameiri mun fleiri og betri tækifæri þegar kemur að tónlistarmenntun.

„Skýrasta dæmið fyrir mér um aðstöðumun er tónlistarnám á Íslandi. Það hafa fáir innflytjendakrakkar efni á því að fara í tónlistarskóla. Tónlistarnám er hins vegar besta mögulega nám fyrir krakka að fara í. Það stuðlar að öguðum vinnubrögðum. Þetta er líka ákveðin forvörn.

Tónlistinni fylgir líka svo mikil stærðfræði og rökhugsun. Það þarf þjálfun til að gera eitthvað í tónlist,“ segir hann og veit hvað hann talar um enda semur hann langflest lög hljómsveitarinnar Retro Stefson.

**Allt til alls í Garðabæ**

„Mér finnst að það ættu allir að komast í tónlistarnám frítt,“ segir hann og minnist þess þegar hann og fleiri úr Austurbæjarskóla fengu að fara í rokksmiðju í Garðaskóla í Garðabæ. Foreldrar krakkanna voru búnir að innrétta stúdíó fyrir krakkana í skólanum. Allt til alls, gítarar, magnarar og góðir tónlistarkennarar. Maður hálf öfundaði þá að hafa svona mikið að vinna með. Við ræddum við Pétur tónlistarkennara eftir þessa heimsókn og hann opnaði fyrir okkur tónmenntastofuna í skólanum. Við spiluðum líka með skólahljómsveitinni og nýttum allt það sem við gátum. Við áttum hins vegar aldrei neinar græjur fyrr en við fengum plötusamning árið 2010. Þá fengum við styrk og fórum mjög glaðir í Hljóðfærahúsið og keyptum fullt af græjum. Við höfum þurft að berjast fyrir okkar,“ segir Unnsteinn.

**Sveitarfélagið 101**

Unnsteinn, bróðir hans Logi og stór hópur sem hann starfar enn með að tónlist fylgdist að í gegnum öll skólastigin. Frá leikskóla til framhaldsskóla.

„Við vorum öll börn innflytjenda, öryrkja og leikara. Ég veit ekki hvort það er þannig enn,“ segir Unnsteinn og hlær. „Það var mjög fínt í Austurbæjarskóla, svo fórum við í MH eftir það. Við vorum á Grænuborg líka, erum í raun risastór vinahópur sem gekk í gegnum öll þessi skólastig saman,“ segir Unnsteinn og segist hafa sterkar taugar til 101 í Reykjavík.

„Mér finnst að hverfið ætti að vera sér bæjarfélag. Þar ríkir sérstakur andi og það er mikið álag á hverfinu.

Hverfið er talað niður. Þú mátt eiginlega ekkert vera stoltur af því að vera úr 101 Reykjavík. Logi bróðir minn og nokkrir vinir okkar fóru um daginn og fengu sér nýtt húðflúr, „101“ á bringuna. Ég hreinlega þorði það ekki og sá fyrir mér brösugar sundferðir þegar ég er orðinn miðaldra heimilisfaðir í Mosfellsbæ,“ segir Unnsteinn og hlær.

Hann hefur áhyggjur af þróun miðborgarinnar.

„Mér finnst erfitt að hugsa um það hvernig það á að vera fyrir mína kynslóð að búa hér. Það er allt að breytast. Hippaforeldrar okkar eru búnir að henda okkur út til að útbúa Airbnb-íbúðir. Það er ekki hægt að álasa þeim. Þetta gerir það að verkum að það er enginn staður fyrir okkur unga fólkið að búa á. Hið opinbera verður að bregðast við því,“ segir Unnsteinn og segir þörf á því að grípa inn í til þess að koma í veg fyrir að miðbærinn verði snauður af mannlífi og menningu.

„Við erum að elta peningana, verktakar og hóteleigendur hafa svo mikið vægi. Það þarf að styðja við samfélag þar sem býr fólk. Þrátt fyrir það eru líka ótrúlega margir kostir við aukinn fjölda ferðamanna, t.d. fleiri veitingastaðir en það er líka gott fyrir Íslendinga að sjá fleira fólk af fleiri þjóðernum og blanda geði við það,“ segir Unnsteinn.

**Heppni að fæðast á Íslandi**

Unnsteinn hefur getið sér gott orð sem dagskrárgerðarmaður í sjónvarpi. Hann er einn umsjónarmanna Hæpsins, þáttar um samfélagsleg málefni fyrir ungt fólk á RÚV.

Starf Unnsteins í fjölmiðlum hófst á sjónvarpsstöðinni Bravó. Þar sá hann skamma hríð um tónlistar- og spjallþátt með Loga bróður sínum. „Við fengum vini okkar í heimsókn og spiluðum tónlist. Sjónvarpsstöðin lagði upp laupana tveimur mánuðum seinna og þá leitaði ég til RÚV. Ég fór til Skarphéðins Guðmundssonar, dagskrárstjóra á RÚV, og spurði hann hvort það væri möguleiki á því að halda áfram í dagskrárgerð. Hann bað mig um að skrifa lýsingu á nokkrum þáttum fyrir ungt fólk og þannig varð Hæpið til á blaði. Honum leist vel á það.“

Hann og starfslið Hæpsins hafa lagt mikla vinnu í gerð tvöfalds þáttar um veruleika hælisleitenda og flóttamanna á Íslandi. Þátturinn kallast Landamæri og er í tveimur hlutum, fyrri hlutinn var sýndur síðastliðið miðvikudagskvöld og framhaldið verður í næstu viku.

„Ég grillaðist í hausnum af því að gera þennan þátt. Við fórum langt fram úr okkur í að safna efni og þurftum að skipta þættinum í tvo hluta. Við fórum inn í Arnarholt þar sem hælisleitendur eru og var vísað þaðan út. Við fylgjum eftir fólki í vonlausri stöðu og ræðum við sérfræðinga í málefnum þessa fólks. Niðurstaðan er að það er greinilega einstök heppni að fæðast á Íslandi. Það er illa staðið að því hvernig fólk er handvalið inn í landið. Fólk fær misvísandi skilaboð,“ segir Unnsteinn.

**Starf á RÚV eins og háskólanám**

Hann líkir starfi sínu við fjölmiðla við háskólanám. „Þetta er eins og að ganga í háskóla. Ég læri svo mikið. Eftir að Magnús Geir hóf störf sem útvarpsstjóri þá hefur vinnusvæðið á RÚV opnast, það er hægt að ganga á milli samstarfsmanna. Ég get spurt reynslumeira fólk ráða, eins og Helga Seljan eða Egil Helgason eða hvern annan sem er. Ég hef lært mest af Ragnhildi Steinunni, hún hefur mikla reynslu í framleiðslu sjónvarpsefnis, hún skilur vel hvað áhorfendur hugsa og hvernig er hægt að ná sem mestu út úr viðmælendum.“

Unnsteinn hefur mikinn áhuga á fjölmiðlum og sótti á dögunum námskeið á vegum Blaðamannafélagsins um gagnablaðamennsku. „Mér finnst fagið spennandi og hef mikinn áhuga á samfélagsmiðlum og því hvernig manneskjan á að ráða við allt þetta upplýsingaflæði sem er í dag. Þróunin er svo hröð og hefur svo mikil áhrif á samfélagið. Það eru samt helst þeir yngri sem kunna skil á tækninni.

Það skýrir kannski það hvernig kommentakerfið hefur þróast. Fólk sér einhvern Facebook-póst og það er fyrir því alveg jafn mikill sannleikur og grein í Morgunblaðinu var fyrir fimmtíu árum. Í stað þess að ræða við næsta mann þá setur það athugasemd í kommentakerfið.“

**Ný plata væntanleg**

Þótt dagskrárgerðin heilli Unnstein er tónlistin enn í fyrsta sæti. Í næstu viku gefur Retro Stefson út nýtt lag sem verður frumsýnt á visir.is.

„Þetta er fyrsta lagið sem kemur frá okkur í langan tíma. Við gerðum myndband við lagið með Magnúsi Leifssyni sem við erum mjög ánægð með. Mér finnst það vera dálítið eins og að horfa á stiklu að einhverri „feel good“-kvikmynd sem mann langar að horfa á,“ segir Unnsteinn og vill lítið gefa upp. „Þetta er fyrsta lagið á nýrri plötu sem kemur út í september. Það er búið að vera svolítið maus að koma þessari plötu saman því við erum að gera svo margt annað. Ég hef haft lítinn tíma til að semja tónlist síðan ég byrjaði á RÚV. Það krefst mikillar einbeitingar að semja tónlist. Mér hefur oft fundist það mjög erfitt en það er að lagast núna, ég er að finna jafnvægi í þessu,“ segir Unnsteinn.




Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir EM og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai og þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð með öllu á leik Íslands og Ungverjalands í Marseille þann 18. júní. Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Marseille. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

**Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016**

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

**Hyundai Tucson, verð frá: 4.790.000 kr.** / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16







# Staðreyndir öskra á aðgerðir við Mývatn

Neyðarköll berast úr öllum áttum vegna ástandsins í Mývatni – heimamenn, alþingismenn, vísindamenn og almenningur krefjast aðgerða stjórnvalda. Fyrirliggjandi vitneskja fræðimanna, sérlög um Mývatn og Laxá, válistaskráning Umhverfisstofnunar og alþjóðasamningar benda í eina átt. Ráðherra hefur skipað samráðshóp.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Lífríki Mývatns sýnir augljós og alkunn merki um ofauðgun. Við því hefur verið varað aftur og aftur á undanförnum árum að eitthvað hafi farið illilega úrskeiðis og grípa þurfi til aðgerða. Nú bregður svo við að vart hefur áður sést ástand eins og við vatnið síðastliðin tvö sumur þegar óhemju magn svokallaðra blábaktería hreinlega yfirtók lífríkið suma daga.

Þeir sem gerst þekkja til segja að ástandið í vatninu hljóti að tengjast athöfnum manna, því Mývatn er frá náttúrunnar hendi viðkvæmt og mjög næringarríkt og því virðist sem hlutfallslega lítil viðbót við náttúrulegt innflæði næringarefna hafi dugað til að raska náttúrulegu jafnvægi vatnsins og höggvið svo nærri lífríki þess sem raun ber vitni.

## Grugg

Leirlos er það kallað á meðal heimamanna þegar Mývatn gruggast upp af sýanóbakteríum, en það eru ljóstillífandi og niturbindandi bakteríur [áður nefndar blágrænir þörungar] sem ná miklum þéttleika í næringarríkum vötnum þar sem mikið er af fosfór en hlutfallslega lítið af köfnunarefni (nitri).

Þessar bakteríur eru, sýnir reynslan um heim allan, algengur fylgifiskur áburðarmengunar af völdum landbúnaðar eða þéttbýlis og eru oft undanfari ofauðgunar og dauða í vötnum. Þær skyggja meðal annars á vatnsbotninn sem veldur því að botngróður hverfur og ýtir það enn frekar undir ofauðgun. Margar tegundir og afbrigði þessara blábaktería eru eitraðar. Mörg eiturefni koma við sögu, sum bráðhættuleg mönnum og búfénaði, önnur verka sljóvgandi á vatnalífverur – þó engar sterkar vísbendingar séu enn um slíkt í Mývatni.

Heimildir eru til um leirlos í Mývatni á fyrri hluta 20. aldar og mælingar á litarefnum í borkjarna úr Mývatni sýna að þess hefur ávallt gætt þar í einhverjum mæli. Það telst því náttúrulegt í vatninu og má rekja til fosfórríks grunnvatns í Ódáðahrauni.

## Ráðgáta

Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ), hefur sagt að leirlosið sé ein stærsta óleysta gátan í Mývatni. En nýlegar breytingar á lífríki Mývatns, einkum á botngróðri og dýrum sem honum tengjast, verði varla skýrðar nema gert sé ráð fyrir að leirlos hafi aukist á síðustu áratugum, og þá eftir 1970, en engar beinar mælingar eru til fyrir þann tíma. Leirlos kemur ekki á hverju ári og er engin sjáanleg regla hvað það snertir önnur en sú að mýlausum árum, sem koma á um það bil sjö ára fresti – Mývatnssveiflan svokallaða – fylgir alltaf mjög mikið leirlos og er sumarið 2015 dæmi um slíkt ástand.

Á síðustu þremur árum hefur einnig komið í ljós að fleiri en ein tegund baktería mynda leirlosið og virðast áraskipti að því hver hefur yfirhöndina. Þessi vitneskja byggir á því að á undanförnum árum hafa orðið miklar framfarir í rannsóknum á þessum bakteríum og má rekja það til nýrrar tækni til efna- og erfðagreininga. Leirlosið sumarið 2014 var til dæmis af völdum annarrar tegundar en það sem birtist í fyrrasumar, þegar niðurstöður mælinga sýndu tölffalt það magn sem talið er óhóflega mikið í leiðbeiningum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

### Kölski meig á móti sólinni og úr varð Mývatn

**Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir þannig frá sköpun Mývatns:**

Þegar guð drottinn hafði skapað himin og jörð virti hann það fyrir sér og sá, að það var harla gott. En kölski var ekki á því; honum sveið það hversu fagur heimurinn væri. Hann tók það ráð í reiði sinni, að hann meig á móti sólinni og ætlaði að myrkva með því þennan dýrðar depil sköpunarverksins. En ekki varð nú af því samt, því úr migu kölska myndaðist Mývatn á Norðurlandi; enda þykir það jafnan ljótt stöðuvatn, og þó mývargurinn, er vatnið dregur án efa nafn af, enn verri, og er hann sannkallað kvalræði fyrir menn og málleysingja umhverfis vatnið.

## Ekki gæfulegt

Sú mynd sem þessa dagana er dregin upp er ekki gæfuleg. Fyrst er að telja að hinn frægi kúluskítur heyrir sögunni til, og er um bein orsakatengsl við ofauðgun vatnsins að ræða og í hvarfi hans kristallast vandinn. Eins og áður segir er vart nokkrum vafa undirorpið að athafnir manna hafi aukið bakteríuvöxtinn svo óhóflega með losun næringarefna í Mývatn – og þar komi meðal annars til frárennsli frá þéttbýli, áburðargjöf og iðnrekstri sem skilar sér til Mývatns með grunnvatnsstraumum. Eins getur verið að enn þá gæti áhrifa frá Kísilverksmiðjunni við Mývatn sem lokað var 2004, vegna rofs á setlögum sem losa næringarefni sem áður voru bundin.

Kúluskítur hefur fundist í einu stöðuvatni í Japan fyrir utan Mývatn og þar var brugðið á það ráð, til að leysa sama vanda og blasir nú við í Mývatni, að veita öllu skólpvatni frá mannabyggð frá vatnakerfinu – sem gjörbreytti ástandinu þar til hins betra og ofauðgun vatnsins hefur verið snúið við að mestu.

## Eitt má gera strax

Í raun er því aðeins um eitt að ræða til að stemma stigu við þessari þróun, og það er að tryggja að sem allra minnst af næringarefnum frá mannabyggð (köfnunarefni og fosfór) berist í grunnvatnið og þannig í Mývatn. Frárennslismál Skútustaðahrepps hafa því að undanförnu verið í fréttum, og sú staðreynd að sveitarfélagið getur ekki með nokkru móti komið til móts við þær kröfur sem lög og reglur setja því við endurbætur sem nauðsynlegar eru. Í þessu ljósi verður að hafa hugfast að um nokkurt skeið hefur verið bent á gríðarlega fjölgun ferðamanna, sem enn eykur á álag á lífríkið í Mývatni og mikilvægi mótvægisaðgerða. Yfir sumartímann sýna rannsóknir að yfir 40 prósent af erlendum gestum okkar koma í Mývatnssveit og skipta því nokkrum hundruðum þúsunda.

Því er ákallið til stjórnvalda hávært – eða neyðarkallið. Fyrst og síðast frá forsvarsmönnum sveitarfélagsins sem hafa ítrekað farið á fund ráðamanna og gert grein fyrir ástandinu, eins og Fréttablaðið sagði frá strax í vetur. Fréttum fylgdu ályktanir hagsmunaaðila og náttúruverndarfólks – frá Veiðifélagi Laxár og Krákár, Veiðifélagi Mývatns, frá Fjöreggi, félagsskap heimamanna um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, og frá Landvernd, sem stendur fyrir undirskriftasöfnun á meðal almennings til að ýta við stjórnvöldum. ➡


Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA HOLLT
Hollráð Lambakjöts að betra sambandi
Nr. 43
LÁTIÐ STANDA OG MARÍNERAST, SNÚIÐ ÖÐRU HVERJU
Indverskar lambagrillsneiðar
- fleiri girnilegir grillréttir og hollráð á lambakjot.is
H:N Markaðssamskipti / SÍA



Mývatn  er um 32 ferkílómetrar að stærð. Það er mjög vogskorið og í því eru um 50 eyjar og hólmar. Meðaldýpi vatnsins er 2,5 metrar og mesta náttúrulega dýpi aðeins um fjórir metrar. Talið er að þar haldi sig fleiri andategundir en á nokkrum öðrum stað á jörðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá fylgdi Alþingi á eftir þar sem þverpólitískur vilji kom fram um að hjálpa skuli Mývetningum við að laga það sem sannarlega er hægt að laga – frárennslismálin. Að gera það ekki væri skammarlegt, var haft á orði. „Versta mögulega staða er sú að ríkisvaldið komi ekki til hjálpar. Þá sjáum við ekki annað en að það þurfi að takmarka stórkostlega fjölda ferðamanna á svæðinu,“ sagði framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra í viðtali við Fréttablaðið.

Viðbragð stjórnvalda á dögunum var að setja saman nefnd – eða samráðshóp. Honum er ætlað að taka saman lykilupplýsingar um ástand mála í Mývatni. Tilgangurinn er að aðstoða stjórnvöld við ákvarðanir varðandi mögulegar aðgerðir sem gætu komið að gagni til að draga úr álagi af manna völdum á lífríki vatnsins og bæta úr þeim vanda sem nú er að glíma við.

**Rauði listinn og allt hitt**

Umhverfisstofnun birti í fyrsta skipti árið 2010 lista yfir þær náttúruperlur sem veita þarf sérstaka athygli og að hlúa bæri sérstaklega að – rauða listann um svæði í hættu sem byggður er á ástandsskýrslu um friðlýst svæði á Íslandi. Á þann lista var verndarsvæði Mývatns og Laxár bætt árið 2012 og er þar enn. Þar eru öll ofantalin álitaefni og vandamál útlistuð í þaula.

Samkvæmt skilgreiningum Umhverfisstofnunar er eitt af markmiðum rauða listans að forgangsraða kröftum og fjármunum til verndunar, enda séu svæðin á listanum þau svæði sem eru undir miklu álagi sem bregðast þarf við strax. Í hnotskurn: Rauðlituð svæði eru í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til – sem virðist eiga við um Mývatn, því miður.

Þessu til viðbótar eru sérlög um verndun Mývatns frá 2004. Markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum.

Einnig Verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011 – 2016 þar sem öllu milli himins og jarðar er varðar Mývatn og Laxá til ósa í Skjálfanda er nákvæmlega lýst. Á þessum rúmlega 50 blaðsíðum er líka að finna forgangsröðun knýjandi verkefna og framkvæmd þeirra – auk lista yfir sértækar aðgerðir fyrir stórt sem smátt.

Líka upplýsingar um Ramsarsamninginn frá 1971 sem fjallar um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. Hann var samþykktur af Alþingi árið 1978, sama ár og Mývatn og Laxá voru samþykkt sem fyrsta Ramsarsvæðið á Íslandi. Líka upplýsingar um aðra alþjóðasamninga sem snerta verndarsvæði Mývatns og Laxár: Bernarsamninginn frá 1979 um verndun villtra plantna og dýra, og samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni frá 1992.

## Risa bleikjustofn Mývatns að hverfa

**Mývatn er sögufrægt fyrir bleikjuveiði og Laxá fyrir urriða- og laxveiði.**

### Silungur

**1920**

**Losaði 100.000 fiska**

Mesta veiði í Mývatni var um 1920 þegar hún losaði 100.000 fiska, en meðalveiði síðustu 115 ára er um 27.000 silungar.

**2016**

**1.000 silungar**

Veiðistofn bleikju í Mývatni er í heild sinni metinn um eitt þúsund silungar og stendur vart undir nafni lengur.

### Hornsíli

**Fyrri ár**

**7.000-14.000**

Í rannsóknum fyrri ára hafa 7.000 til 14.000 hornsíli veiðst.

**2015**

**300 komu í gildrur**

Hornsíli hefur aldrei verið eins fáliðað síðan rannsóknir hófust en það er miðlægt í fæðukeðju Mývatns – 300 komu í gildrur sumarið 2015.

### Laxá

**Ekkert þessu líkt á við um Laxá, en urriðasvæðin eru kannski þau bestu í heimi. Þar og allt niður í Laxá í Aðaldal hefur mikið „leirlos“ í Laxá þó neikvæð áhrif á stangveiði.**



Í Laxá í Mývatnssveit og í Laxárdal er urmull urriða sem í samspili við náttúruna mynda einstakt veiðisvæði.  Leirlosið setur þó strik í reikninginn. MYND/SVFR






Þegar sumarið gengur í garð vaknar frjókornaofnæmi hjá mörgum.

# ER OFNÆMI AÐ PLAGA ÞIG?

**Artasan kynnir** Prevalin allergy sem er ný lausn við frjókorna-, gæludýra- og rykmauraofnæmi. Prevalin allergy kemur í veg fyrir ofnæmiseinkenni með því að mynda örþunna himnu í nefi sem ofnæmisvakar komast ekki í gegnum.

Það er komið sumar, sólin skín og náttúran vaknar. Um leið finna margir fyrir ofnæmi, sér í lagi frjókornaofnæmi sem er eitt það algengasta.

Frjókornaofnæmið kemur fram í nefi og augum og getur valdið töluverðum óþægindum. Því er gott að geta gripið til einhverra ráða þegar dvelja á undir berum himni í sumar.

„Prevalin dregur úr ofnæmisviðbrögðum með því að gera ofnæmisvaka í nefinu óvirka, það örvar úthreinsun og myndar örþunna hlauphimnu sem ofnæmisvakar komast ekki í gegnum,“ segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi lausasölulyfja hjá Artasan. Hún bendir á að Prevalin Allergy megi nota við ofnæmi fyrir frjókornum, gæludýrum og rykmaurum.

Þórhildur tekur fram að Prevalin Allergy sé ekki lyf, það innihaldi ekki andhistamín eða stera og sé þar af leiðandi ekki slævandi. „Prevalin Allergy inniheldur engin rotvarnarefni, alkóhól eða ilmefni. Það er hlaup sem verður að vökva þegar það er hrist og því er mikilvægt að hrista flöskuna vel fyrir notkun,“ útskýrir Þórhildur. Hún segir að bæði megi nota Prevalin Allergy sem fyrirbyggjandi lausn en einnig við upphaf ofnæmiseinkenna.

„Prevalin Allergy virkar hratt en hámarksvirkni er náð strax eftir þrjár mínútur. Síðan getur það virkað í allt að sex tíma.“

**Sölustaðir:** Prevalin fæst í apótekum um allt land.



Þórhildur Edda Ólafsdóttir
Sölufulltrú lausasölulyfja hjá Artasan.

**KOSTIR**
- Hámarksvirkni á þremur mínútum
- Ekki slævandi
- Fyrir 12 ára og eldri, hentar einnig þunguðum konum og konum með barn á brjósti
- Ekki lyf, og er andhistamín- og sterafrítt

**STAÐFEST VIRKNI GEGN**
- Hnerra
- Nefrennsli
- Stífluðu nefi
- Ertingu í augum




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429





Á tónleikunum í dag syngur Hingsegin kórinn um ástina í víðum skilningi en yfirskriftin er: „Þarf alltaf að vera ást?“

# ALLS KONAR ÁST

Vortónleikar Hinsegin kórsins verða haldnir í Bústaðakirkju klukkan fimm í dag. Yfirskrift tónleikanna er „Þarf alltaf að vera ást?“ og verða sungin alls konar lög um alls konar ást.

Í tilefni af fimm ára afmæli Hinsegin kórsins var ákveðið að gera ástinni hátt undir höfði á vortónleikum kórsins sem fara fram klukkan fimm í dag í Bústaðakirkju. Kórinn syngur undir stjórn Helgu Margrétar Marzellíusardóttur en meðleikari kórsins er Jón Birgir Eiríksson. Kórstjórinn Helga Margrét segir kórinn gefa sig út fyrir að flytja ekki endilega hefðbundna kóratónlist. „Kórinn býr að því að meðlimir hans eru á breiðu aldursbili og kemur því öðruvísi hljómur í hann sem er skemmtilegur. Það er vídd í þessu öllu hjá okkur, vídd í tónlistinni, í aldri og í sándi,“ útskýrir Helga Margrét.

**STUÐNINGUR VIÐ HINSEGIN**

Á tónleikunum verður sungið um ástina í víðum skilningi en yfirskrift þeirra er Þarf alltaf að vera ást? „Við syngjum ekki bara um þá ást sem fyrst kemur upp í hugann, þá ást þegar við erum ástfangin af einhverjum, heldur líka um til dæmis móðurást og föðurást. Við flytjum alls konar lög með ólíkum flytjendum, eldri lög, ný lög, lög sem hafa ekki endilega verið flutt af kórum áður og veltum því fyrir okkur hvort það þurfi alltaf að vera ást.“

Helga Margrét segir að þegar lög eru valin til flutnings af kórnum reyni þau oft að velja lög sem tengjast á einhvern hátt hinsegin listamönnum. „Þannig verður þetta líka stuðningur við málefnið. Við sjáum það bæði hér og úti í heimi að það eru margir listamenn sem hafa stutt baráttuna og við leitum svolítið til þeirra og eigum orðið eitthvað af þeirra tónlist hjá okkur.“

**KÓR FULLUR AF TRAUSTI**

Hinsegin kórinn var stofnaður fyrir tæpum fimm árum og æfði í byrjun án kórstjóra. Helga Margrét var svo ráðin inn að hausti og er fyrsti og eini kórstjóri kórsins. Á fyrstu æfinguna sem Helga Margrét stjórnaði mættu tíu manns en meðlimum fjölgaði hratt og hann skipa nú yfirleitt frá sextíu til áttatíu manns. Helga Margrét segist, þegar hún er spurð hvort Hinsegin kórinn sé öðruvísi en aðrir kórar, hafa heyrt að svo sé. „Það er kannski aðallega stemningin í hópnum sem er öðruvísi. Í honum er fólk úr ólíkum áttum og með ólíka reynslu af lífinu og ég held að það skili sér inn í hópinn. Það er mikið traust og samkennd innan hópsins. Við gefum svo stóran hluta af okkur í söng að kórastarf verður að vera fullt af trausti og samvinnuvilja og allir þurfa að geta sett sig í spor þess sem við syngjum og geta fundið þá tilfinningu sem felst í tónlistinni. Það er eins og sú tilfinning sé auðsótt hjá þessum hópi. Kannski af því að margir í hópnum hafa unnið meira í sjálfum sér en aðrir. Hafa þurft að horfa inn á við og þurft að fara í sjálfsleit. Þegar maður er búinn að pikka í sjálfan sig og klóra þá eru þessar tilfinningar kannski auðsóttari,“ segir Helga Margrét og brosir.


Hinsegin kórinn syngur á vortónleikum sínum klukkan fimm í dag undir stjórn Helgu Margrétar Marzellíusardóttur.
MYND/ANTON BRINK

**ALLIR ERU HINSEGIN**

Engin krafa er um að vera hinsegin til að vera með í Hinsegin kórnum og segir Helga Margrét að í raun séu allir hinsegin á einhvern hátt. „Hinsegin er sama og „queer“ á ensku, það er rosalega breitt hugtak og það geta allir verið „queer“.

**liljabjork@365.is**




LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

# Grillið færð þú í Grillbúðinni




Þýski grillframleiðandinn Landmann er **50 ára** Við höldum upp á það

## LANDMANN gasgrill
TRITON 2ja brennara



VERÐ ÁÐUR 79.900
AFMÆLISTILBOÐ
**59.900**

## LANDMANN gasgrill
TRITON 3ja brennara



VERÐ ÁÐUR 98.900
AFMÆLISTILBOÐ
**79.900**

4 litir

## LANDMANN gasgrill
TRITON 4ra brennara



VERÐ ÁÐUR 124.900
AFMÆLISTILBOÐ
**99.900**

2 litir

## LANDMANN gasgrill
AVALON 4ra brennara



VERÐ ÁÐUR 189.900
AFMÆLISTILBOÐ
**169.900**

## LANDMANN gasgrill
AVALON 5 brennara



VERÐ ÁÐUR 269.900
AFMÆLISTILBOÐ
**239.900**

## LANDMANN gasgrill
AVALON 6 brennara



VERÐ ÁÐUR 494.900
AFMÆLISTILBOÐ
**449.900**

**Komdu, skoðaðu og fáðu faglegar ráðleggingar**

# Grillbúðin
SÉRVERSLUN MEÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN

**Smiðjuvegi 2, Kópavogi** (við hliðina á Bónus) | **Sími 554 0400** | grillbudin.is

# FRAMSÓKN LEIDDI OKKUR SAMAN

Forsætisráðherrahjónin Elsa Ingjaldsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson voru gestir Baracks og Michelle Obama í Hvíta húsinu um síðustu helgi. Elsa segir að ferðin hafi verið einstaklega ánægjuleg og margt hafi komið sér á óvart.

Ástæða heimsóknarinnar var leiðtogafundur Norðurlandanna og Bandaríkjanna. Einungis rúmur mánuður er síðan Sigurður Ingi tók við embætti forsætisráðherra, en áður var hann sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Elsa viðurkennir að fyrir tveimur mánuðum hefði henni ekki dottið í hug að fram undan væri veisla í Hvíta húsinu. „En svona getur lífið breyst snögglega,“ segir hún. „Það var stórkostleg upplifun að koma í Hvíta húsið og jafnframt mikill heiður. Forsetahjónin, Obama og Michelle, hafa einstaklega sterka nærveru og manni líður mjög vel í návist þeirra. Andrúmsloftið var afslappað og notalegt. Fyrirfram hafði ég búist við að allt yrði mun formlegra. Bandaríkjamenn tóku vel á móti okkur og öryggisgæsla var mikil,“ segir Elsa.



Þau kynntust í Framsóknarflokknum og hafa bæði sterkar skoðanir á pólitík. Hún hefur þó dregið úr starfi sínu fyrir flokkinn.

### Í BUXUM AF MÖMMU

Á meðan norrænir forsætisráðherrar funduðu með forsetanum fengu makar leiðsögn um nærliggjandi gallerí með Michelle. „Okkur var boðið að skoða Renwick-galleríið sem er stórt listasafn. Maður fann svolítið barnið í sjálfri sér með því að ganga um sali þessa safns þar sem voru einstök listaverk. Á eftir komu börn á grunnskólaaldri sem sungu og dönsuðu fyrir okkur. Þarna sá maður hvernig börnin horfðu á forsetafrúna með aðdáunaraugum. Hún ræddi síðan við þau um gildi menntunar. Þaðan lá leiðin í gestahús Hvíta hússins þar sem bornar voru fram léttar veitingar.“

Þegar Elsa er spurð hvort hún hafi mátt ráða fatavali í heimsókninni, svarar hún: „Sem betur fer fengum við upplýsingar um klæðaburð fyrirfram. Þar sem þetta var opinber heimsókn fengum við ítarlega dagskrá þar sem tekið er fram hvernig sé heppilegt að klæðast. Ég mátti til dæmis klæðast buxum þegar ég fór á safnið. Ég valdi föt sem eru mest ég,“ útskýrir Elsa og bætir við að hún hafi klæðst gömlum buxum af látinni móður sinni. „Hún var saumakona og valdi góð efni. Ég hélt að mamma hefði saumað buxurnar en þegar ég skoðaði þær betur var inni í þeim fatamiði sem á stóð Michelle. Það kom mér skemmtilega á óvart og var kannski táknrænt. Ég vissi það ekki þegar ég pakkaði þeim niður. Í kvöldveislunni klæddist ég síðum kjól sem Kolbrún Sveinsdóttir saumaði og hannaði. Ég þekki handbragð hennar og verk og leitaði því til hennar. Eiginmaðurinn var í nýjum smóking sem hann keypti fyrir þetta tilefni,“ segir Elsa aðspurð.

> Okkar tómstundir eru með hestunum. Þar fáum við hvíld og getum hlaðið batteríin.



Glæsileg í sérsaumuðum kjól sem Kolbrún Sveinsdóttir hannaði. Elsa, Michelle, Sigurður Ingi og Barack Obama í Hvíta húsinu.

### ÓVÆNT VEISLA

Þau hjónin höfðu aldrei komið til Washington áður. „Það var líka upplifun að kynnast borginni. Við fengum þrjá tíma þegar formlegri dagskrá lauk til að skoða okkur um. Við skoðuðum meðal annars heimili George Washington sem er gömul plantekra fyrir utan borgina. Þar var þrælahald á sínum tíma. Það var forvitnilegt að sjá þennan stað og við fengum höfðinglegar móttökur þar eins og annars staðar.“

Þegar Elsa er spurð hvort hún hafi átti von á því að sitja veislu í Hvíta húsinu, svarar hún því neitandi. „Síst af öllu átti ég von á því og ekki Sigurður Ingi heldur. Þetta er staðfesting á því að maður veit aldrei hvað kemur upp í hendurnar á manni,“ svarar hún.

### RÓMANTÍK Í FRAMSÓKN

Elsa vill ekki meina að sitt eigið líf hafi breyst mikið eftir að Sigurður Ingi varð forsætisráðherra. „Ég myndi heldur ekki vilja að það breyttist. Það sem hefur breyst er að hann er meira fjarverandi en áður. Ég er heima í sveitinni í hann í bænum. Hlutirnir gerðust snöggt og það var enginn tími fyrir hann að undirbúa sig fyrir þetta nýja starf. Ég lít á þetta sem verkefni til að leysa og við fjölskyldan stöndum á bak við hann,“ segir Elsa sem starfar hálfan daginn sem gæðastjóri hjá Landstólpa en sinnir hrossum þeirra hjóna þar fyrir utan. Þau eru með 25 hross og eru öflugir hestamenn. Elsa og Sigurður Ingi búa á sveitabæ í Hrunamannahreppi. Elsa er alin upp í Garðabænum en á ættir að rekja í Þingeyjarsýslu þar sem hún dvaldi í sveit á sumrin. „Þar finnst mér rætur mínar liggja,“ segir hún.

Elsa og Sigurður Ingi höfðu þekkst lengi áður en samband þeirra hófst. „Hann vann að sveitarstjórnarmálum og ég vann sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Við fórum að horfa á hvort annað á kjördæmaþingi Framsóknarflokksins. Það var nú ekki rómantískara,“ segir hún og hlær. Þau gengu síðan í hjónaband árið 2009.

### RÁÐHERRANN GÓÐUR KOKKUR

Elsa segir að þau reyni að slaka á í frístundum. „Okkar tómstundir eru með hestunum. Þar fáum við hvíld og getum hlaðið batteríin. Eftir að hann tók við sem ráðherra kunnum við vel að meta samverustundir í rólegheitum. Þessar stundir eru dýrmætar,“ segir Elsa sem er í hefðarkvennahóp sem fer saman í hestaferðir. „Ég er að fara reiðtúr í dag með góðum vinum en Sigurður Ingi sinnir sinni vinnu. Það verður riðið hér um Hrunamannahreppinn og endað með grillveislu. Á morgun ætla ég á síðustu æfingu kirkjukórsins hér fyrir vortónleika í Skálholti á mánudag. Um aðra helgi verður síðan stúdentsveisla hjá okkur þegar örverpið útskrifast frá Laugarvatni.“

Elsa segir að Sigurður Ingi sé kokkurinn á heimilinu og eldi mjög góðan mat. „Hann er duglegur að elda fyrir mig,“ segir hún. „Þegar ég er orðin leið á skyri og súrmjólk keyri ég í bæinn og fæ að borða hjá honum.“

### ÓVÆGIN UMRÆÐA

Elsa var á fullu í pólitík og hefur starfað mikið innan Framsóknarflokksins í gegnum árin. Hún hefur þó dregið í land eftir að Sigurður Ingi fór á þing. „Framsóknarflokkurinn leiddi okkur saman. Sigurður Ingi verður líklegast fyrir hörðustu pólitísku umræðunni hér heima og við erum ekki alltaf sammála þótt við endum umræðuna með bros á vör,“ segir hún hlæjandi.

Þegar hún er spurð hvort hún sé viðkvæm fyrir opinberri umræðu um eiginmanninn, segir Elsa: „Ég er meira viðkvæm fyrir umræðunni um Framsóknarflokkinn. Mér finnst hún óvægin. Ég vona að við berum gæfu til að vera hófstilltari í orðum og sanngjarnari hvert við annað.“ **elin@365.is**


Viðurkenndur bókari

Gagnlegt og áhugavert nám sem nýtist þér

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

**Viðurkenndur bókari**

Lykill að góðu starfi

Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins skv, 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG. Kennt er þrjá daga í viku frá kl. 16:30 – 19:30.

Starfsmennt greiðir skólagjöld sinna félagsmanna.



**INNRITUN STENDUR YFIR TIL 10. JÚNÍ**. Sjá mk.is

inga.karlsdottir@mk.is
Menntaskólinn í Kópavogi
sími: 594 4000

Sæktu um í dag

## STARFSMAÐUR Í ÞJÓNUSTUMÓTTÖKU Á MAX1

**Stutt lýsing á starfi:**
- Móttaka viðskiptavina í þjónustumóttöku Max1
- Símsvörun og svörun á fyrirspurnum í gegnum vefi
- Ráðgjöf til innri og ytri viðskiptavina varðandi kaup á vörum og þjónustu hjá Max1
- Reikningsgerð og almennur frágangur

**Hæfniskröfur:**
- Framhaldsskólapróf / Iðnmenntun sem nýtist fyrir starfið
- Reynsla og þekking af tæknilegum atriðum sem snýr að bifreiðum, dekkjum og annarri tengdri vöru
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Góð tölvuþekking
- Heiðarleg og áreiðanleg vinnubrögð
- Hafa áhuga/reynslu af bifreiðum og sölumennsku

Vinnutími er frá 08:00-17:15 alla virka daga.
Einstaka laugardaga frá 09:00-13:00.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.max1.is (laus störf).

MAX1 BÍLAVAKTIN

Rio Tinto



# Rafvirki

**Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa, til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.**

### Starfssvið
- » Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á rafbúnaði
- » Bilanagreining á framleiðslubúnaði
- » Almenn viðgerðavinna
- » Samskipti við framleiðsludeildir

### Menntunar- og hæfniskröfur
- » Sveinspróf í rafvirkjun
- » Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
- » Góðir samskiptahæfileikar
- » Almenn tölvuþekking
- » Reynsla af rafvirkjavinnu í iðnaðarumhverfi og háspennubúnaði er kostur

Nánari upplýsingar veitir Stefán Þór Ragnarsson í síma 560 7000.

Áhugasamir fylli út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, **riotinto.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2016.**

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

**Rio Tinto**
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

VIÐ LEITUM AÐ

# SNILLINGI Í TOLLSKÝRSLUGERÐ!

## FJÖLBREYTT OG SKEMMTILEGT STARF Í LIFANDI UMHVERFI

**Starfslýsing:** Tollskýrslugerð, samskipti við tollayfirvöld, innsláttur og bókun erlendra reikninga, gerð verðútreikninga og önnur tilfallandi skrifstofustörf.

**Hæfniskröfur:** Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi. Fagleg, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að vera töluglöggur og geta unnið undir álagi. Hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Oddný Erlendsdóttir, *oddny@byko.is*

Sótt er um á www.byko.is - **umsóknarfrestur er til 28.maí 2016.**

VIÐ LEITUM AÐ

# SKEMMTILEGUM EINSTAKLINGUM

## Í FRÁBÆRAN HÓP STARFSMANNA Í VERSLUN OKKAR BREIDD

**HLUTASTARF** í árstíðar- og heimilisdeild
**FULLT STARF** og **HLUTASTARF** í hreinlætistækjum
**FULLT STARF** og **HLUTASTARF** í málningardeild

**Umsækjendur í öll þessi störf þurfa að hafa náð 20 ára aldri**

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Óskar, aðstoðarverslunarstjóri Breidd, *olafuroskar@byko.is*

Sótt er um á www.byko.is - **umsóknarfrestur er til 28.maí 2016.**

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Rio Tinto Alcan

# Sérfræðingur umhverfismála

Rio Tinto Alcan

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. óskar eftir að ráða sérfræðing með góða efnafræðiþekkingu og tölvukunnáttu til starfa á rannsóknastofu innan fyrirtækisins. Rannsóknastofan gegnir lykilhlutverki í umhverfismálum fyrirtækisins. Þar starfa 6 manns sem sinna mælingum á sviði umhverfis- og vinnuumhverfismála ásamt ýmsum efnagreiningum tengdum rekstri fyrirtækisins. Leitast er eftir traustum og ábyrgum einstaklingi til þess að verða hluti af okkar teymi.

Umsóknarfrestur
**29. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/2931**

## Starfssvið

- Ábyrgð á efnagreiningum rannsóknastofu og rekstri efnagreiningatækja.
- Ábyrgð á umhverfis- og vinnuumhverfismælingum.
- Ábyrgð á kolefnisbókhaldi fyrirtækisins (ETS).
- Tryggja áreiðanleika mælinga og gæði niðurstaðna.
- Úrvinnsla gagna og skýrslugerð.
- Samskipti innan fyrirtækisins og við ytri aðila.

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í efnafræði eða sambærilegum greinum.
- Góð þekking á efnagreiningum.
- Þekking á umhverfismálum.
- Þekking á gæðakerfum (ISO14001) er kostur.
- Tölvukunnátta, þekking á tölfræði og greiningarhæfni.
- Góð enskukunnátta.
- Samskiptahæfni, frumkvæði og ögun í vinnubrögðum.

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




LEX

LÖGMANNSSTOFA

# FJÁRMÁLA- OG SKRIFSTOFUSTJÓRI

**LEX lögmannsstofa leitar að fjármála- og skrifstofustjóra til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Um nýtt starf er að ræða og gefst viðkomandi tækifæri til að móta starfið. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri. Í boði er krefjandi starf á metnaðarfullum vinnustað. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

## Starfssvið

- Ábyrgð og yfirumsjón með daglegri umsýslu fjármála, uppgjöri, bókhaldi og launum
- Ábyrgð á útskuldun reikninga og innheimtumálum
- Ábyrgð á áætlanagerð, eftirfylgni og kostnaðareftirliti
- Greiningar, samantekt upplýsinga og skýrslugerð
- Samskipti við samstarfsaðila og endurskoðanda
- Ýmis verkefni tengd fjármálum og rekstri stofunnar

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun á sviði fjármála eða endurskoðunar er kostur
- Reynsla af bókhaldi og uppgjörum er skilyrði
- Greiningarhæfni, nákvæmni í vinnubrögðum og faglegur metnaður
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á Navision er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Færni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með **29. maí** nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Jóna Björk Sigurjónsdóttir **(jona.sigurjonsdottir@capacent.is)** og Tinni Kári Jóhannesson **(tinni.johannesson@capacent.is)** hjá Capacent.

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Fax 590 2606

Sími 590 2600
lex@lex.is
www.lex.is

LEX er ein stærsta lögmannsstofa landsins með yfir 40 lögmenn innan sinna raða og sinnir verkefnum fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

capacent

ÍSLENSKA / SIA.IS / LOG 79934 05/16

HB Grandi

# Sala sjávarafurða

HB Grandi óskar eftir að ráða starfsmann á markaðssvið við sölu sjávarafurða. Starfið felur í sér mikil samskipti við viðskiptavini félagsins á erlendum mörkuðum ásamt náinni samvinnu við starfsfólk framleiðslueininga félagsins.

HB Grandi er með samþættan rekstur veiða, vinnslu og markaðssetningar. Afurðirnar eru seldar um allan heim en helstu markaðir eru í Evrópu, Asíu, Norður-Ameríku og Afríku. Reynsla og þekking í nýtingu auðlindar og framleiðslu sjávarafurða endurspeglast í öllu starfi félagsins.

Umsóknarfrestur

**30. maí**

Upplýsingar og umsókn

**capacent.is/s/2910**

### Starfssvið

- Samskipti við viðskiptavini félagsins á erlendum mörkuðum.
- Náin samvinna við starfsfólk framleiðslueininga félagsins.
- Umsjón og ábyrgð með sölu á fiski frá vinnslum félagsins.
- Gerð sölusamninga við kaupendur.
- Skipulagning flutninga á erlenda áfangastaði.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun kostur, s.s. menntun á sviði sjávarútvegs.
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Þekking á mörkuðum fyrir sjávarafurðir sem og á vinnslu sjávarafurða.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku sem og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvukunnátta, þekking á Navision kostur.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni og metnaður í vinnubrögðum.

HB GRANDI

HB Grandi leggur áherslu á að innan fyrirtækisins starfi hæft og traust starfsfólk sem af fagmennsku og ábyrgð tryggir sjálfbæra nýtingu og hagkvæmni í umgengni við auðlindina. HB Grandi er traustur vinnustaður þar sem stjórnendum og starfsfólki er annt um vellíðan og heilbrigði samstarfsfólks síns. Leitast er við að hafa gott vinnuskipulag varðandi frítíma og jafnvægi milli fjölskyldu og einkalífs. Vinnustaðurinn er jafnréttissinnaður þar sem leitast er við að fá jafnt karla og konur til starfa í hinum ólíku starfahópum vinnustaðarins. Hjá félaginu starfa um 900 manns.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




# Verkefnastjóri gæðamála og samfélagsábyrgðar

## Kanntu að láta góða hluti gerast?

Við leitum að öflugum verkefnastjóra gæðamála og samfélagsábyrgðar á verkefnastofu Landsnets. Gæðamál og samfélagsábyrgð eru forgangsmál hjá Landsneti og verkefnastjóri verður lykilaðili í þróun þessara málaflokka til framtíðar. Í boði er krefjandi starf í umhverfi sem er í hraðri mótun.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Umsjón með gæðamálum og framkvæmd úttekta gæðakerfa
- Þátttaka í innleiðingu og framkvæmd stefnu um samfélagslega ábyrgð
- Umsjón og eftirfylgni með markmiðum og mælingum tengdum gæðamálum og samfélagsábyrgð
- Þróun og uppfærsla á ferlum
- Eftirfylgni ábendinga og úrbótaverka
- Þátttaka í innleiðingu straumlínustjórnunar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af gæðastarfi eða straumlínustjórnun er kostur
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Hæfni í samskiptum og samvinnu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

**Um Landsnet**

Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku sem er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins.

Verkefni fyrirtækisins er að tryggja heimilum og fyrirtækjum aðgang að rafmagni í takt við þarfir þeirra og í sátt við umhverfið og samfélagið. Landsnet er góður vinnustaður þar sem fjölbreytt og krefjandi verkefni eru leyst af samhentum hópi starfsfólks.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2016.**
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.
Nánari upplýsingar veita **Helga Jónsdóttir** (helga.jonsdóttir@capacent.is) og **Þóra Pétursdóttir** (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

# Verkefnastjóri

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra. Um er að ræða fullt starf í krefjandi umhverfi.

Nánari upplýsingar um starfið finnur þú á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða aðstoðarskólastjóra við Laugalækjarskóla

**Laugalækjarskóli auglýsir stöðu aðstoðarskólastjóra lausa til umsóknar**

Laugalækjarskóli er annar af hverfisskólum Laugarneshverfis, stofnaður árið 1960. Í skólanum eru um 290 nemendur í 7. – 10. bekk. Við skólann er starfrækt Tungumálaver á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og sinnir ráðgjöf og kennslu í norsku, pólsku og sænsku. Félagsmiðstöðin Laugó er staðsett í húsnæði skólans og á gott samstarf við skólann um félagsstarf barna og unglinga. Skólinn tekur þátt Grænum skrefum Reykjavíkurborgar, sem og verkefninu Heilsueflandi skóli. Nú nýlega var skólanum boðið að gerast réttindaskóli UNICEF. Um árabil hefur skólinn síðan átt samstarf við Háskóla Íslands og Háskólann í Þrándheimi um menntun og þjálfun kennaranema.

Einkunnarorð skólans eru virðing, eldmóður og gleði. Stöðugt er stefnt að því að byggja upp ábyrga og sjálfstæða einstaklinga. Þar eru í lykilhlutverki þverfagleg verkefnavinna, námsmöppur nemenda, markviss ígrundun um eigið nám, öflug stuðningskennsla og hugmyndin um leiðandi uppeldi. Skólinn býr að ríkum umbótavilja og hefð hefur skapast fyrir lýðræðislegri skólaþróun og samvirkri forystu starfsmanna.
**Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum, metnaði, þekkingu á skólastarfi og einlægum áhuga á menntun og velferð unglinga.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ábyrgð á skipulagi skólastarfsins og dagleg stjórnun þess í samstarfi við skólastjóra.
- Fagleg forysta í námskrárvinnu og annarri þróun skólastarfsins.
- Að stuðla að öflugu og faglegu samstarfi innan skólasamfélagsins á öllum sviðum þess.
- Yfirumsjón með félagsstarfi skólans í samstarfi við félagsmiðstöðina Laugó og nemendur sjálfa.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Þekking og forystuhæfileikar til að leiða framsækna skólaþróun.
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Óbilandi trú á unglingum og áhugi á að starfa með þeim og foreldrum þeirra

Umsókn fylgi stutt greinargerð um sýn umsækjanda á menntun og samveru unglinga, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið grunnskólakennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið kann að varða.
**Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016, ótímabundið.**
**Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2016.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.
Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/storf**
Nánari upplýsingar veita Jón Páll Haraldsson aðstoðarskólastjóri og Björn M. Björgvinsson skólastjóri. Sími: 588 7500. Netföng: **jon.pall.haraldsson@reykjavik.is / bjorn.magnus.bjorgvinsson@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

MOSFELLSBÆR Krikaskóli

## Laus staða íþróttakennara í Krikaskóla, Mosfellsbæ

Krikaskóli er leik- og grunnskóli og starfsemin tekur mið af skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólastarf í leik- og grunnskólum. Skólaárið 2016-2017 verða um 210 börn á aldrinum 2ja-9 ára í skólanum. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér skólastefnu skólans og uppbyggingu á heimasíðu hans áður en þeir sækja um starf.

**Skilyrði fyrir ráðningu í Krikaskóla er að viðkomandi hafi ánægju af börnum í öllum sínum fjölbreytileika, hafi ríka samskiptahæfni í hröðu og lifandi umhverfi skólastarfsins og eigi auðvelt með að taka ábyrgð á sjálfum sér.**

**Starf íþróttakennara er laust til umsóknar:**

Íþróttakennari í Krikaskóla sinnir kennslu bæði á leik- og grunnskólastigi ásamt aðkomu að frístundastarfi með 6 til 9 ára börnum. Viðkomandi sér einnig um sundkennslu. Samkomulag er gert við íþróttakennara með heimild í kjarasamningi vegna 200 daga skólaárs og aldurssamsetningar skólans. Um 100% starf er að ræða. Skilyrði fyrir ráðningu er leyfisbréf grunnskólakennara.

**Laun** eru greidd samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og FG. Við hvetjum karla jafnt sem konur að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2016.**

Áhugasömum er bent á að kynna sér heimasíðu skólans www.krikaskoli.is og senda má inn fyrirspurn og/eða umsókn um starf á netfangið krikaskoli@krikaskoli.is

Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri Krikaskóla, Þrúður Hjelm (thrudur@krikaskoli.is eða Ágústa Óladóttir sviðstjóri Krikaskóla (agusta@krikaskoli.is) í síma 578-3400.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# FJÁRMÁLASTJÓRI

**Listaháskóli Íslands óskar eftir að ráða fjármálastjóra**

Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með gerð og eftirfylgni fjárhagsáætlana Listaháskólans í nánu samstarfi við stjórnendur skólans.
Hann hefur yfirumsjón með fjárhagsbókhaldi og tryggir að verklag sé í samræmi við reglur og viðurkenndar bókhaldsvenjur. Hann sér um skýrslugerð og milliuppgjör í samráði við framkvæmdastjóra og gefur honum, deildarforsetum og forstöðumönnum stoðsviða upplýsingar úr bókhaldi eftir því sem óskað er.
Fjármálastjóri heldur utan um styrki og sjóði sem eru í umsjá skólans og vinnur með endurskoðendum að gerð ársreikninga.

**Menntun, hæfni, reynsla**
- *Háskólapróf í viðskiptafræði*
- *Haldgóð reynsla af rekstri, reikningshaldi og fjármálum*
- *Góð þekking á Navision bókhaldskerfi*
- *Góðir samskiptahæfileikar*

**Ráðið er í starfið frá 1. ágúst 2016**

*Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað rafrænt eigi síðar en* ***mánudaginn 6. júní*** *í netfangið* **gunnhildurarnar@ceohuxun.is** *merkt* ***Fjármálastjóri–Listaháskóli Íslands***

*Frekari upplýsingar um starfið veitir Magnús Loftsson framkvæmdastjóri, í síma 552 4000 á skrifstofutíma (9-15), eða í tölvupósti magnusloftsson@lhi.is*

*Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.*

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Listaháskóli Íslands • Þverholti 11 • 105 Reykjavík • S. 552 4000 • lhi.is




Landsvirkjun

# Við óskum eftir faglegum **verkefnalóðs** með afburða samskiptafærni

Landsvirkjun leitar að verkefnalóðs til að starfa með teymi verkefnisstjóra sem ber ábyrgð á þróun virkjunarkosta. Verkefnalóðs aðstoðar við gerð verkefnisáætlana, eftirfylgni þeirra og undirbúning viðskiptaáætlana (Business case) fyrir ákvarðanatöku. Í starfinu felst einnig samstarf við verkefnastofu og umsjón með rekstri og þróun verkefnaskrár. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði í starfi og er sjálfstæður í vinnubrögðum.

- Háskólamenntun og menntun í verkefnastjórnun, t.d. MPM nám
- Reynsla af verkefnastjórnun, IPMA vottun er æskileg
- Þekking og reynsla við gerð, framkvæmd og eftirfylgni samskiptaáætlana
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is. Nánari upplýsingar veita Sturla Jóhann Hreinsson *(sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is)* og Auður Bjarnadóttir *(audur.bjarnadottir@capacent.is)*. Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2016.

---

# Við leitum að öflugum **stöðvarstjóra** með mikla skipulags- og stjórnunarhæfni

Í starfinu felst rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva á Þjórsársvæði og ber viðkomandi ábyrgð á að öryggiskröfum Landsvirkjunar sé framfylgt í daglegum rekstri. Við leitum að einstaklingi sem býr yfir hæfni til að miðla upplýsingum, sýna frumkvæði og vera sjálfstæður í vinnubrögðum.

- Stjórnunarþekking og reynsla af rekstri eru skilyrði
- Færni í samskiptum við ytri og innri hagsmunaaðila
- Reynsla á sviði öryggis- og viðhaldsstjórnunar er æskileg
- Reynsla af gæða- og umhverfisstjórnun er æskileg
- Tæknimenntun á rafmagns- eða vélasviði er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Sótt er um starfið á vef Capacent, capacent.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sturla Jóhann Hreinsson *(sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is)* og Hilmar Garðar Hjaltason *(hilmar.hjaltason@capacent.is)*. Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2016.

---

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um stöðurnar.



# Kópavogsbær óskar eftir arkitekt eða skipulagsfræðingi

Arkitekt vinnur við afgreiðslu deiliskipulagsmála í samráði við skipulagsstjóra, veitir upplýsingar um skipulagsmál, skipulagsskilmála, svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Hann vinnur jafnframt við deiliskipulagstillögur, grenndarkynningar og umsagnir, annast bréfaskipti og skjalavistun í skipulagsmálum.

**Helstu verkefni**

- Vinnur gangnaöflun og kynningargögn til undirbúnings funda í skipulagsmálum.
- Vinnur við grenndarkynningar og önnur tilfallandi störf deildarinnar.
- Vinnur við gerð aðal-, deili og hverfaskipulag.
- Ritar fundargerðir á deildinni og annast frágang þeirra í samvinnu við skipulagsstjóra.
- Vinnur við ritun bréfa um skipulagsmál og útsendingu þeirra.
- Vinnur við mála- og skjalakerfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf Bs, arkitekt, skipulagsfræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi sbr. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Góð almenn menntun í skipulags- og byggingarmálum
- Góð þekking og færni í Autocat teiknikerfi
- Góð almenn tölvukunnátta og góð þekking á teikniforritum og öðrum forritum sem nýtast í starfi
- Þekking í skjalavistunarkerfinu
- Færni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og samviskusemi
- Þjónustulipurð og nákvæmni í vinnubrögðum

**Frekari upplýsingar**

Laun eru eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi háskólafélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2016**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri í síma 570-1500 eða í tölvupósti **birgir@kopavogur.is**

**Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið**.

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur. is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Blönduósbær
## BLÖNDUSKÓLI

**Staða aðstoðarskólastjóra við Blönduskóla er laus til umsóknar.**

Leitað er að vel menntuðum og hæfum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt í að stjórna og leiða farsælt skólastarf.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri vinna saman að stjórnun og faglegri stefnumótun skólans samkvæmt skólastefnu Blönduóssbæjar og aðalnámskrá grunnskóla. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra. Meðal daglegra starfa aðstoðarskólastjóra er skipulagning vegna forfalla, umsjón með tölvukosti skólans og samskipti við tölvuumsjónarmann, umsjón með heimasíðu, skipulagning vegna mötuneytis og innkaup á ritföngum og námsgögnum. Blönduskóli er rótgróinn skóli með um 120 nemendur í 1.-10. bekk.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennarapróf og fjölbreytt kennslureynsla á grunnskólastigi
- Framhaldsmenntun eða reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Frumkvæði og góðir skipulagshæfileikar
- Samstarfsvilji og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð ritfærni og tölvukunnátta

Umsókn ásamt ferilskrá skal skila til skólastjóra Blönduskóla.

Heimilisfang Blönduskóla er:
**Blönduskóli, v/Húnabraut, 540 Blönduós.**

Netfang skólastjóra er: **thorhalla@blonduskoli.is**

Starfið er laust frá 1. ágúst 2016. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ.

Allar upplýsingar um stöðuna veitir Þórhalla Guðbjartsdóttir skólastjóri (thorhalla@blonduskoli.is) í síma 452 4147.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2016.**

# ÍSTAK
*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*

Ístak er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Starfsfólk Ístaks starfar víðsvegar um landið sem og erlendis. Ístak var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla, ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak hefur mikla hefð fyrir samvinnu við dönsk verktakafyrirtæki og er í eigu danska verktakans Per Aarsleff, sem er með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum. Ístak leggur áherslu á verkefni á Íslandi, Færeyjum og á Grænlandi.



## SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

### VERKFRÆÐINGAR
Verkfræðingar óskast til starfa við framkvæmdir bæði á Íslandi og á Grænlandi. Umsækjendur þurfa að hafa verkfræðimenntun og reynslu úr byggingariðnaði. Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði eru skilyrði.

### TRÉSMIÐIR
Trésmiðir óskast til starfa við verkefni á Grænlandi og Íslandi. Gerð er krafa um sveinsbréf eða mikla reynslu og vönduð vinnubrögð.

### BÍLSTJÓRAR
Ístak óskar eftir að ráða bílstjóra til starfa við framkvæmdir á Íslandi. Gerð er krafa um meirapróf og reynslu af svipuðum störfum.

### TÆKJASTJÓRNENDUR
Tækjastjórnendur óskast til starfa hjá Ístaki. Um er að ræða störf á Íslandi. Umsækjendur þurfa að hafa gild vinnuvélaréttindi og reynslu af tækjastjórnun.

### VÉLVIRKJAR / BIFVÉLAVIRKJAR
Ístak í Noregi leitar að vélvirkjum og/eða bifvélavirkjum til starfa við verkefni Ístaks í Noregi. Um er að ræða tímabundin störf fram á haust með möguleika á framlengingu. Unnið er eftir úthaldakerfi. Reynsla af stærri tækjum og raf- og vökvakerfum er kostur.

**Umsækjendur þurfa að vera reglusamir og stundvísir, hafa góða samskiptahæfileika og vinna vel í hópi. Ístak býður gott og öruggt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og spennandi verkefni.**

**Nánari upplýsingar fást hjá mannauðsdeild Ístaks í síma 5302706 og á netfanginu mannaudur@istak.is. Sækja má um störfin á www.istak.is – undir *Starfsumsókn.***

Ístak - Bugðufljóti 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - www.istak.is

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... ÞÚ Í LIÐIÐ!

Meltingalækningar

## SÉRFRÆÐILÆKNIR

*Laust er til umsóknar hlutastarf sérfræðilæknis í meltingarlækningum á lyflækningasviði Landspítala. Við meltingarlækningar starfa 8 sérfræði-læknar í öflugu þverfaglegu teymi og í nánu samstarfi við aðrar fagstéttir.*

*Við sækjumst eftir sérfræðilækni með breiða þekkingu og reynslu í almennum lyflækningum og meltingarlækningum.*

Hjartadeild

## AÐSTOÐARDEILDARSTJÓRI

*Við viljum ráða framsækinn og metnaðarfullan hjúkrunarfræðing með brennandi áhuga á hjúkrun hjartasjúklinga, stjórnun ásamt gæða- og umbótastarfi.*

*Hjartadeildin er 34 rúma legudeild og er eina sérhæfða hjartadeildin á landinu. Þar starfar öflugur og áhugasamur hópur hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða. Lögð er áhersla á að taka vel á móti nýju fólki og veita góða einstaklingshæfða aðlögun.*

Nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar

## STARFSÞRÓUNARÁR LSH 2016-2017

*Við bjóðum nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum sem ráða sig til starfa á Landspítala að taka þátt í starfsþróunarári LSH. Markmið starfsþróunar-ársins er m.a. að auka öryggi nýútskrifaðra hjúkrunarfræðinga í starfi og efla faglegar áherslur og fjölbreytni í hjúkrun.*

*Samhliða starfinu er boðið upp á skipulagða aðlögun að starfi og starfsþróun t.d. í formi fyrirlestra, vinnusmiðja, umræðufunda, hermiþjálfunar ásamt stuðningi og ráðgjöf.*

Augnlækningar

## NÁMSSTAÐA DEILDARLÆKNIS

*Viltu kynna þér hvort að augnlækningar komi til greina sem framtíðar-starf? Hér er starf sem hentar vel þeim sem hafa áhuga á sérfræðinámi í augnlækningum. Starfsnámið er til 6-24 mánaða eða eftir samkomulagi.*

*Starfið hentar einnig verðandi heilsugæslulæknum sem vilja afla sér viðbótarþekkingar í augnsjúkdómafræðum. Hlutastarf kemur til greina fyrir lækna í sérnámi í heilsugæslu, tauga- eða bráðalækningum sem vilja kynna sér augnlækningar í tengslum við sérnám í þessum greinum.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*


**RÁÐGJÖF**
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

**RÁÐNINGAR**
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

**RANNSÓKNIR**
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir
www.intellecta.is


**Erum við að leita að þér?**

## BÓKARI Á FJÁRMÁLASVIÐ 365

**365 leitar að bókara á fjármálasvið fyrirtækisins.**

Helstu þættir starfsins:
Skráning reikninga, skönnun og rafrænir
Eftirfylgni með samþykkt reikninga
Bókun inn-og útborgana
Aðrar almennar bókanir og innlestur
Afstemmingar í fjárhag, lánardrottnum og viðskiptamönnum
Aðstoð við launavinnslu

**Fyrirspurnir um starfið sendist á fjarmal@365.is**
**Vinsamlegast sækið um starfið í gegnum vefinn okkar: 365.is, undir Laus Störf.**
**Umsóknarfrestur er til 28.maí nk.**

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Leikskólastjóri

**Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir leikskólastjórum fyrir:**

- **Leikskólann Álfheima**
- **Leikskólann Brimver/Æskukot**

Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum stjórnendum með leikskólakennararéttindi og stjórnunarreynslu. Í sveitarfélaginu búa rúmlega 8 þúsund manns, lögð er áhersla á eflingu skólastarfs, snemmtæka íhlutun, gott samstarf skóla, skólastiga, foreldra og helstu fagaðila sem koma að málefnum barnanna.

**Meginverkefni:**
- Veita faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi, fjármálum og rekstri skólans
- Bera ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur meðal annars mið af skólastefnu sveitarfélagsins og aðalnámskrá leikskóla

**Menntun og færnikröfur:**
- Leikskólakennararéttindi áskilin
- Menntun og reynsla í stjórnun æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og hæfni í starfi með börnum
- Leiðtoga- og skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Frekari upplýsingar veitir Þorsteinn Hjartarson, fræðslustjóri, sími 480-1900, 852-3918 og Áhugasamir geta sent umsóknir á skolathjonusta@arborg.is eða í pósti merktum fræðslusviði Árborgar v/leikskólastjóra, Austurvegi 2, 800 Selfoss.

**Umsóknarfrestur er til 6. júní 2016.**

Störfin henta jafnt konum sem körlum. Laun fara eftir kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

# Verkefnastjóri snjallborgarþróunar

**Inngangur**
Reykjavíkurborg hefur lagt fram markmið um að tileinka sér vinnubrögð snjallborga (Smart Cities) og innleiða nokkur snjallborgarverkefni í tilraunaskyni. Snjallborgir nota upplýsingatækni, samskipta- og fjarskiptatækni til að bæta lífsgæði borgarbúa á sjálfbæran hátt. Skrifstofa þjónustu og reksturs leitar eftir verkefnastjóra snjallborgarþróunar. Verkefnastjóranum er m.a. ætlað að vinna að framgangi snjallborgarverkefna innan og utan borgarinnar, halda utan um samstarf þeim tengdum, móta verkferla og fyrirkomulag varðandi utanumhald og framþróun. Starfið gerir m.a. kröfur um frjóa hugsun, mikil samskipti við innlenda og erlenda aðila, framsýni og góða ensku- og íslenskukunnáttu.
Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, skjalasafni Ráðhúss og skjalaveri á Höfðatorgi sem og upplýsingatæknimálum borgarinnar með tilheyrandi rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi og hugbúnaðarþróun. Skrifstofan ber ennfremur ábyrgð á rekstri Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða sem og mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs.

**Helstu verkefni eru:**
- Utanumhald og framþróun snjallborgarverkefna.
- Framsetning á efni og gögnum, bæði tölulegum og á textaformi, á ensku og íslensku.
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila.
- Samvinna við svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar.
- Önnur dagleg verkefni sem tilheyra skrifstofunni.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Færni í framsetningu upplýsinga.
- Mikil færni í ensku, talaðri og ritaðri.
- Þekking og áhugi á tækni og tækniþróun er æskileg.
- Þekking og reynsla af Evrópuverkefnum og/eða regluverki Evrópusambandsins er æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum og metnaður til að ná árangri í starfi.

Um er að ræða tímabundið starf til 6 mánaða með möguleika á framlengingu. Starfshlutfallið er 100%.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Reykjavíkurborg.

Nánari upplýsingar veita Óskar J. Sandholt, skrifstofustjóri Skrifstofu þjónustu og reksturs í netfangi oskar.j.sandholt@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní.** Umsækjendur skulu sækja um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Kraftvélar óska eftir að ráða öfluga starfsmenn




## Sölufulltrúi vinnuvéla og byggingakrana

Um er að ræða krefjandi starf sem felur í sér sölu á vinnuvélum og byggingakrönum, heimsóknir til viðskiptavina um land allt ásamt samninga- og tilboðsgerð. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af sölustörfum og væri æskilegt ef grunnþekking á vinnuvélum væri til staðar. Umsækjandi þarf að vera framsækinn, áreiðanlegur, ósérhlífinn og hafa getu til að skipuleggja starf sitt og vinna sjálfstætt. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

## Viðgerðarmenn á verkstæði

Óskum eftir vönum viðgerðarmönnum í viðgerðir og þjónustu tækja. Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum og vera vanur almennum viðgerðum. Kraftvélar þjónusta fjölbreytt úrval tækja og leitumst eftir fleiri en einum umsækjanda á þjónustuverkstæði okkar. Óskum eftir vélvirkjum, bifvélavirkjum, rafvirkjum eða annari sambærilegri menntun.

## Innkaupastjóri í varahlutaverslun

Óskum eftir innkaupastjóra í varahlutaverslun. Umsækjandi þarf að hafa ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, vera jákvæður, áhugasamur og hafa metnað fyrir starfinu. Æskilegt er að umsækjandi hafi starfsreynslu af sambærilegu starfi og sé einnig með gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

## Ábyrgðarfulltrúi (Claim)

Óskum eftir ábyrgðarfulltrúa til þess að halda utan um ábyrgðarmál vörumerkjanna okkar. Umsækjandi þarf að hafa grunnþekkingu á viðgerðum og vera vel að sér í notkun tölvukerfa. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

## Markaðsfulltrúi í hlutastarf

Óskum eftir markaðsfulltrúa í hlutastarf – áhugarvert starf fyrir námsmenn. Um er að ræða hlutastarf með sveigjanlegum vinnutímum. Markaðsfulltrúi heyrir beint undir markaðsstjóra og aðstoðar við hönnun auglýsinga, efni á heimasíðu fyrirtækisins og efni á samfélagsmiðla.

## Bókari

Óskum eftir löggildum bókara í almenn bókunarstörf og afstemmingar. Í boði er bæði hlutastarf eða fullt starf.

**Áhugasamir sendi umsókn fyrir 3. júní á netfangið dora@kraftvelar.is, merkt því starfi sem sótt er um. Öllum umsóknum verður svarað.**

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

# Við köllum eftir liðsauka á nýtt hótel

## *Vilt þú vinna á beisinu?*



Base
HotelHostel

**Vilt þú vera hluti af skemmtilegu og kraftmiklu teymi á spennandi og krefjandi vinnustað? Nýtt og glæsilegt 120 herbergja lággjaldahótel í eigu Títans fjárfestingarfélags verður opnað á Suðurnesjum í sumar. Við leitum að drífandi einstaklingum með metnað til að skila góðu starfi í skemmtilegu starfsumhverfi.**

### MÓTTÖKUSTJÓRI
Við leitum að öflugum og lausnamiðuðum leiðtoga með góða samskiptahæfni til að sinna fjölbreyttum verkefnum. Reynsla af hótelstörfum og/eða stjórnun og starfsmannamálum er æskileg.

### RÆSTINGASTJÓRI
Við leitum að ábyrgðarfullum aðila til að hafa umsjón með og skipuleggja ræstingar. Þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku — og helst reynslu af hótelstörfum og ræstingum og/eða stjórnun og starfsmannamálum.

### UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA
Umsjónarmaður fasteigna ber ábyrgð á viðhaldi hótelsins, pöntunum og lagerstýringu varahluta og þarf að hafa góða tækniþekkingu. Réttur aðili er laghentur þúsundþjalasmiður sem getur unnið vel með öðru fólki.

### STARFSFÓLK Í MÓTTÖKU
Starfsfólk móttöku ber ábyrgð á að gestir fái framúrskarandi þjónustu og mæti velvild og glaðlegu viðmóti. Tungumálakunnátta, reynsla af hótelstörfum, þekking á ferðamálum og umhverfi Suðurnesja eru allt kostir.

### HERBERGJAÞRIF
Við leitum að jákvæðum og skipulögðum einstaklingum til að tryggja að hótelið sé hreinlegt og uppfylli kröfur gesta. Í starfinu felst meðal annars þrif á herbergjum og almenningssvæðum hótelsins.

**Sæktu um á www.basehotel.is.**
**Umsóknarfrestur er til 30. maí 2016.**

## DO YOU LOVE CLEANING?

**AÞ-Þrif wants to hire for:**

- General cleaning
- Window cleaning
- Building cleaning
- Cleaning at Keflavík Airport

We need punctual and efficient individuals, between the age of 20–40 years old with driving license and no criminal record.

Must speak icelandic or english.

**If you are interested, please apply via www.ath-thrif.is or email: gerda@ath-thrif.is**

FAGMENNSKA
ÞJÓNUSTULUND
HEIÐARLEIKI

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

## ELSKARÐU AÐ ÞRÍFA?

**AÞ-Þrif leitar að starfsfólki í eftirfarandi störf:**

- Almenn þrif
- Gluggaþvott
- Iðnaðarþrif
- Þrif á Keflavíkurflugvelli

Óskum eftir stundvísum og drífandi aðilum á aldrinum 20–40 ára með bílpróf og hreint sakavottorð.

Verða að vera íslensku- og/eða enskumælandi.

**Áhugasamir sæki um á www.ath-thrif.is eða sendi umsókn á gerda@ath-thrif.is**

FAGMENNSKA
ÞJÓNUSTULUND
HEIÐARLEIKI

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

## Samband Íslenskra Sparisjóða leitar að verkefnastjóra með aðsetur á Akureyri.

### Helstu verkefni

- Umsjón sameiginlegra verkefna sparisjóðanna s.s. skipulagning á þjónustuþáttum og markaðsstarfi.
- Stjórnun og áætlanagerð sambandsins og tengdra félaga.
- Greining á ytra og innra umhverfi, kostnaðarmat og samningagerð.
- Umsjón með upplýsingatækniverkefnum, innleiðingu, þróun og öryggi.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af upplýsingatækni og hagnýtingu hennar.
- Þekking á bókhaldi og reikningshaldi er kostur.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og undir álagi.
- Frumkvæði og frjótt ímyndunarafl.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

*Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá óskast send til jonst@sisp.is*

Að Sambandi Íslenskra Sparisjóða koma starfandi sparisjóðir á hverjum tíma og sér sambandið um sameiginleg mál og hagsmunagæslu þeirra.

SPARISJÓÐURINN

**Nánari upplýsingar veita:**
Jón Ingvi Árnason s. 4609414, joningvi@spsh.is
Jón Sigtryggsson S. 4646231, jons@spthin.is

**Umsóknarfrestur er til 8. júní 2016.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 160138




# SÉRFRÆÐINGUR Í UPPLÝSINGATÆKNI

**Helstu verkefni:**

- Leiðandi í verkefnum á sviði viðskiptagreindar (BI)
- Þarfagreining og framsetning gagna
- Innleiðing og þátttaka í rekstri á SharePoint
- Verkefnastýring smærri verkefna
- Notendaþjónusta eftir þörfum
- Tilfallandi verkefni í upplýsingatæknideild

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun/reynsla
- Þekking á Microsoft kerfum og umhverfi
- Reynsla af notkun gagnagrunna nauðsynleg
- Reynsla af greiningarvinnu og úrvinnslu gagna æskileg
- Forritunarþekking kostur
- Þekking á Dynamics NAV kostur

Hjá upplýsingatæknideild Olís starfa 6 manns. Verkefni deildarinnar eru mjög fjölbreytt og unnið er eftir skýrri framtíðarsýn fyrirtækisins í upplýsingatæknimálum.
Helstu kerfi sem unnið er við eru **Dynamics NAV, LS Retail, Microsoft Power BI, Dynamics CRM og Microsoft Office.**

Umsóknir sendist í tölvupósti til starfsmannastjóra Olís, Ragnheiðar Bjarkar, **rbg@olis.is**, merkt *UT Sérfræðingur*.
Umsóknarfrestur er til og með **27. maí**.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

olís
Vinur við veginn

**Álafoss** óskar eftir þjónustulunduðum, stundvísum og reyklausum helgarstarfsmanni í verslanir sínar í Mosfellsbæ og á Laugavegi.
Góð íslensku- og ensku kunnátta skilyrði.

Umsóknir skilast á **atvinnaalafoss@gmail.com** fyrir 24. maí 2016.

## Matráður óskast.

Auglýsum eftir góðum matráði til að sjá um 30 manna mötuneyti í morgunkaffi og hádegismat. 75 – 80% starf.

**Umsóknir skal senda á atvinna@ttsi.is fyrir 31. maí næstkomandi.**

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Starfsþjálfun – þrjár stöður

Utanríkisráðuneytið – þróunarsamvinnuskrifstofa (ÞSS) auglýsir eftir ungum háskólanemum sem hafa áhuga á 4 mánaða starfsþjálfun í tengslum við verkefni á sviði þróunarsamvinnu í þremur samstarfslöndum Íslands. Starfstími á vettvangi er frá 16. ágúst til 15. desember. Markmið starfsþjálfunarinnar er að gefa ungum háskólanemum færi á að kynnast störfum á sviði þróunarsamvinnu. Starfsþjálfunin er ætluð ungu fólki sem hefur lokið námi á síðustu þremur árum.

**Hæfniskröfur:**
Umsækjendur skulu hafa lokið BA, BSc eða sambærilega gráðu. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði, góð tölvukunnátta og undirstöðuþekking í aðferðafræði. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð, ábyrgð, áreiðanleika og lipurð í mannlegum samskiptum. Þekking á þróunarmálum, þróunarstarfi og afrískri menningu er ákjósanleg. Umsækjendur verða að hafa ökuréttindi.

Starfsþjálfunin er launuð og þiggja starfsnemar laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

**Verkefni starfsnema í Malaví:**
Starfsnemi í Malaví tekur virkan þátt í vinnu við vöktun og eftirfylgni verkefna og skýrslugerð í því sambandi. Jafnframt er ráðgert að starfsneminn taki þátt í vinnu vegna undirbúnings nýrra verkefna. Góð kunnátta og reynsla í notkun SPSS og Excel er skilyrði.

**Verkefni starfsnema í Mósambík:**
Helstu verkefni eru þátttaka í eftirliti og vöktun á verkefnum ÞSS í Mósambík, sem eru á sviði fiskimála, vatns- og hreinlætismála og jafnréttismála. Auk þess tilfallandi verkefni á sendiskrifstofu. Kunnátta í portúgölsku eða spænsku er nauðsynleg.

**Verkefni starfsnema í Úganda:**
Starfsnemi í Úganda verður að hafa fræðilegan grunn um leikskólastig. Starfið krefst rannsóknargetu í því augnamiði að leggja grunn að leikskólastefnu tveggja samstarfshéraða í náinni samvinnu við heimafólk og stefnu stjórnvalda.

**Umsóknir skulu hafa borist þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins fyrir 6. júní nk.**

Rauðarárstíg 27
105 Reykjavík
Sími: 5458980
Netfang: iceida@iceida.is

Litið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Hannes Hauksson í síma 545-9900 (hannes.hauksson@utn.stjr.is).

RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA

Óskum eftir að ráða menn til starfa með meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi við jarðboranir. Unnið er á 12 tíma vöktum 7 daga í senn og 7 dagar í vaktafríi.

**Þeir sam hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við Stein Leó í síma 860-2054 eða í steinn@raekto.is.**

# You have been cleared for takeoff!

We are taking on additional international projects and seek motivated and skilled individuals on both domestic and foreign projects, for the following position:

## TECHNICAL WRITER

Minimum qualifications include:

- BA/BS degree or equivalent practical experience,
- excellent computer skills,
- excellent communication and writing skills in English,
- 3+ years direct work experience as a Technical Writer.

Preferred qualifications include:

- experience in software product development,
- experience with documentation management,
- experience with Linux environments,
- ability to work independently in a dynamic environment.

Tern Systems provides mission critical Air Traffic Management solutions for customers in Europe, Africa and Asia.

For further information contact Tómas Davíð Þorsteinsson, Director of Administration of Tern Systems, on 525-0500 or at tomas@tern.is. All applications shall be sent to jobs@tern.is before June 10th.

For information on other job vacancies see www.tern.is/news/jobs.

Tern Systems



FELDUR VERKSTÆÐI REYKJAVÍK ICELAND

## Sölumaður hjá FELDI glæsiverslun & verkstæði

**Við leitum að** framúrskarandi þjónustuliprum sölumanni til starfa hjá einni af glæsilegri sérverslunum landsins. Vöruval hjá FELDI er aðallega vandaður skinnfatnaður, sjá nánar **www.feldur.is**.

**Starfið** felst í móttöku viðskiptavina, ráðgjöf við vöruval og frágangi sölu auk annarra hefðbundinna verslunarstarfa s.s. framsetningu vöru, tiltekt pantana og öðrum tilfallandi daglegum störfum.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka reynslu af sölustörfum og áhuga á skinnfatnaði. Áhersla er lögð á snyrtimennsku, jákvæðni, glaðlyndi og þjónustulipurð. Viðkomandi þurfa að hafa góða enskukunnáttu og vera áhugasamir um tískustrauma á sviði kven- og herrafatnaðar auk þess að hafa gott auga fyrir litasamsetningu. Leitað er að traustum og reglusömum aðila, sem vill láta gott af sér leiða í þægilegu og traustu starfsumhverfi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 31. maí nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Um framtíðarstarf er að ræða, en vinnutíminn er frá kl.10-18 alla virka daga. Vinsamlega sendið eigin umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is.



**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir nánari upplýsingar í síma 588-3031, símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur.

**Vinsamlega athugið að upplýsingar um starfið eru eingöngu veittar hjá STRÁ**

STRÁ

# FORSTÖÐUMAÐUR SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐS

**FLUGFÉLAG ÍSLANDS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA ÖFLUGAN LEIÐTOGA Í STARF FORSTÖÐUMANNS SÖLU- OG MARKAÐSSVIÐS.**

Forstöðumaður ber ábyrgð á öllum rekstri sviðsins og heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Undir sölu- og markaðssvið falla öll sölu- og markaðsmál innanlands sem utan, stöðvarekstur á fjórum stöðum innanlands, vefmál, fríhöfn, þjónustuver og markaðsdeild ásamt áætlunar- og tekjustýringardeild. Samtals eru starfsmenn sviðsins um 80 talsins.



**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 1. JÚNÍ 2016**

- Umsókn, ásamt ferilskrá, óskast fyllt út á vef félagsins www.flugfelag.is/upplysingar/mannaudur, fyrir 1. júní 2016.

Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Þórðardóttir mannauðsstjóri, ingig@flugfelag.is

### STARFIÐ

- Daglegur rekstur sölu- og markaðssviðs
- Yfirumsjón með starfsmannamálum sviðsins og upplýsingamiðlun
- Yfirumsjón með auglýsingamálum og kynningarstarfsemi
- Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- Vöruþróun
- Samningagerð
- Fargjaldaútreikningar og verðlagning
- Stefnumótun og áætlunargerð

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræða
- Marktæk reynsla af rekstri og stjórnun
- Þekking á sölu- og markaðsmálum
- Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Jákvætt hugarfar og leikni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta, norðurlandamál er kostur

**FLUGFELAG.IS**

ÍSLENSKA SÍA / FLU 79902 05/16

BYGG

## SMIÐIR

Óskum eftir að ráða vana smiði til starfa við uppslátt.
Framtíðarvinna.

**Upplýsingar veitir Sölvi**
**í síma 693-7305 og solvi@bygg.is**

BYGG

## KRANAMENN

Óskum eftir að ráða vanan mann
til starfa á byggingarkrönum.
Framtíðarvinna.

**Upplýsingar veitir Guðjón í síma 617-3000**

BORGARBYGGÐ

## Skipulags– og byggingarfulltrúi

**Borgarbyggð auglýsir laust til umsóknar starf skipulags– og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar.**

Meðal verkefna er yfirferð og frágangur gagna vegna umsókna um byggingarleyfi, yfirferð og gerð skipulags-uppdrátta og önnur verkefni sem viðkomandi er falið af sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs eða sem falla undir verksvið skipulags- og byggingarfulltrúa.

Menntunar og hæfniskröfur eru háskólamenntun sem uppfyllir skilyrði 7. gr. skipulagslaga nr.123/2010 þ.e. arkitekt, byggingarfræðingur, landslagsarkitekt, tæknifræðingur, verkfræðingur eða skipulagsfræðingur svo og löggildingu sem hönnuður í samræmi við 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

Þekking og reynsla af skipulags-og byggingarmálum, þ.m.t. skipulagsgerð og lagaumhverfi er æskileg svo og frumkvæði, skipulagshæfni og góðir samskiptahæfileikar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2016.**

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún S. Hilmisdóttir í síma 433 7100. Umsækjendur eru beðnir um að skila inn umsóknum á netfangið gudrunh@borgarbyggd.is. Með umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið.

LOTA

## Rafmagnsverkfræðingur/ rafmagnstæknifræðingur

Lota auglýsir eftir rafmagnsverkfræðingi eða rafmagnstæknifræðingi til starfa hjá fyrirtækinu. Leitað er að einstaklingi með reynslu af hönnun rafkerfa stærri bygginga. Meðal fyrirliggjandi verkefna er hönnun rafkerfa nýs Landsspítala.

## Brunahönnuður

Einnig leitum við að byggingaverkfræðingi með sérmenntun í brunaverkfræði og brunavörnum bygginga.

## Hæfniskröfur...

eru BS, CS eða MS próf frá viðurkenndum háskóla. Góð tölvukunnátta er skilyrði. Umsækjendur verða að hafa að lágmarki 5 ára starfsreynslu. Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru einnig kostir sem við leitum að.

## Umsóknarfrestur...

**er til og með 31. maí 2016.**
Senda skal umsóknir ásamt ferilskrá á **erlen@lota.is**
Öllum umsóknum verður svarað.
Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

LOTA er verkfræði- og ráðgjafarstofa sem varð til við sameiningu VJI og VSI verkfræðistofa. Starfrækt eru fimm starfssvið, mannvirkjasvið, orkusvið, rekstrarsvið, stýrisvið og öryggissvið. LOTA byggir grunn sinn á víðtækri þekkingu og reynslu starfsfólks og hefur að leiðarljósi fagmennsku, öryggi og þjónustulund. Vinnustaðurinn snýst um starfsfólkið og góðan anda. Við leggjum því mikið upp úr að veita eins góðan aðbúnað og andrúmsloft á vinnustaðnum sem auðið er. Okkar einkunarorð eru:
**Frjó hugsun, frumkvæði og sköpunarkraftur.**

VARMA
*The Warmth of Iceland*

**Við leitum að drífandi og jákvæðum starfsmanni með áhuga á ullariðnaði, í prjónasal í verk- smiðju okkar að Ármúl 31, 108 Reykjavík.**

**Starfssvið:**
- Rekstur, forritun og viðhald prjónavela

**Menntun:**
- Nám í vélvirkjun, rafeindavirkjun eða sambærilegum iðngreinum er kostur.

**Starfsreynsla:**
- Reynsla af vélaviðgerðum og vinnu við fram leiðsluvélar

**Hæfniskröfur:**
- Metnaður, drifkraftur og áreiðanleiki
- Góðir skipulagshæfileikar og geta unnið sjálfstætt.
- Góðir samskiptahæfileikar
- Tölvu- og enskukunnatta.

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á prjóna- og mokkavöru á Íslandi. Aðalvörumerki fyrirtækisins er VARMA the warmth of Iceland. Markmið og áherslur fyrirtækisins er að þróa og nýta íslenskt hráefni sem mest og setja á markaðinn fallegar og vandaðar prjóna- og mokkavörur. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Umsvif fyrirtækisins eru í stöðugri aukningu og og leitum við því að einstakling sem hefur áhuga og metnað til að taka þátt í uppbyggingu á þessu gamalgróna vörumerki.
Sjá einnig www.varma.is og á Facebook undir VARMA the warmth of Iceland

Umsóknir sendist á saeunn@varma.is **fyrir 27.maí.**

GLÓFI



APOTEK HOTEL BY KEAHOTELS

HÓTEL BORG BY KEAHOTELS

## STARFSFÓLK ÓSKAST Í GESTAMÓTTÖKU

**Keahótel ehf óska eftir að ráða starfsfólk í fullt starf í gestamóttöku á Hótel Borg og Apótek Hótel. Um er að ræða framtíðarstörf.**

Starfssvið er m.a.: Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla o.fl. Unnið er eftir vaktarfyrirkomulagi.

**Við óskum eftir starfskrafti sem hefur:**

- **Ríka þjónustulund**
- **Góða samskiptahæfni**
- **Mjög góða íslensku- og enskukunnáttu í töluðu og rituðu máli**
- **Góða almenna tölvukunnáttu**
- **Þekking á Navision kostur**
- **Sjálfstæði og metnaður til að skila góðu starfi**

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð, vera reyklaus, 25 ára eða eldri og geta hafið störf sem fyrst.

**Umsækjendur sendi starfsferilskrá á netfangið**
rakel@keahotels.is





# GEGNUM GLERIÐ
## VERSLUN FAGURKERANS

### Er þjónusta þitt fag ?



Verslunin GEGNUM GLERIÐ óskar eftir að ráða þjónustulipran og lífsglaðan starfsmann til að sinna sölustörfum í versluninni.

**Við leitum að** listrænum og smekklegum einstaklingi, sem er flinkur að stilla upp vöru, laginn við að pakka inn gjafavöru, áhugasamur um handlist á heimsvísu og hefur gaman af að þjónusta viðskiptavini verslunarinnar með bros á vör.

**Umsóknarfrestur** er til og með 1. júní nk. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst. Vinsamlega sendið eigin umsóknir/starfsferilskrár til **stra@stra.is**. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf.** veitir frekari upplýsingar í síma 588 3031, en símaviðtalstími er frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferli stendur.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ ehf.

STRÁ



Reykjavíkurborg

## Umsjónarkennari í 4. bekk- Ölduselsskóli

**Ölduselsskóli auglýsir eftir umsjónarkennara í 4.bekk næsta skólaár.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur, aðra kennara og foreldra.
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

**Hæfniskröfur**

- Leyfisbréf grunnskólakennara.
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi.
- Góð íslenskukunnátta

**Frekari upplýsingar um starfið**

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands Félags grunnskólakennara
Umsóknarfrestur er til og með 27.5.2016 og skal umsóknum skilað á vef Reykjavíkurborgar **http://reykjavik.is/laus-storf?starf=00000411**
Nánari upplýsingar um starfið veitir Börkur Vígþórsson í síma 4117470 og tölvupósti **borkurv@rvkskolar.is**

*Ölduselsskóli er heildstæður grunnskóli með um 460 nemendur í 1. til 10. bekk. Einkunnarorð skólans eru færni, virðing og metnaður. Lögð er áhersla á að starfsmenn og nemendur leitist við að sýna metnað í starfi og geri kröfur til sjálfra sín, leitist við að bæta færni sína á sem flestum sviðum og beri virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu. Skólinn státar af öflugri kennslu í bóklegum og verklegum greinum. Vinna í skólanum byggir á mikilli samvinnu kennara með það að markmiði að halda úti metnaðarfullu skólastarfi án aðgreiningar. Þá starfar skólinn eftir eineltisáætlun Olweusar.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**



LEIKSKÓLINN BÆJARBÓL

# LEIKSKÓLASTJÓRI

Staða leikskólastjóra við leikskólann Bæjarból í Garðabæ er laus til umsóknar. Leikskólinn er fimm deilda og vinnur eftir viðmiðum heilsustefnunnar, árið 2010 fékk hann viðurkenningu sem Heilsuleikskóli. Einkunnarorð leikskólans eru lífsleikni, agi og lífsgleði. Bæjarból er leikskóli á grænni grein. Leitað er að leikskólastjóra til að leiða skólastarfið í samvinnu við starfsfólk, foreldra og börn. Leikskólastjóri tekur einnig þátt í að móta skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti í samvinnu við skólaskrifstofu Garðabæjar.

**Helstu verkefni:**

- Að vera faglegur leiðtogi
- Að bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi leikskólans, stjórna daglegri starfsemi hans og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu leikskólans
- Að vinna náið með starfsfólki að því að skapa frjótt námsumhverfi þar sem vellíðan er tryggð og styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri skólamála
- Áhugi og reynsla í að leiða þróunarstarf
- Góðir skipulagshæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Sveigjanleiki og framsýni
- Hæfni í samskiptum

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, reynslu sem stjórnanda og þau verkefni sem hann hefur unnið og lýsa færni hans til að sinna starfi leikskólastjóra. Umsækjandi þarf einnig að skila greinargerð með hugmyndum sínum um starfið og hvernig hann sér Bæjarból þróast í skólasamfélagi Garðabæjar undir sinni stjórn.

Staðan er laus samkvæmt samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2016.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, netfang halldorapet@gardabaer.is eða í síma 525 8500 og Margrét Björk Svavarsdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, netfang margretsv@gardabaer.is eða í síma 525 8500.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um rafrænt á ráðningavef Garðabæjar www.gardabaer.is.

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

GARÐABÆR 40

GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS



ráðum ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

**Hjúkrunarheimili**
Hlíðarhúsum 7.
112 Reykjavík.
Sími. 522 5700.
www.eir.is



## Hjúkrunarfræðingar óskast á Eir hjúkrunarheimili - næturvaktir

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á Eir hjúkrunarheimili í Grafarvogi á næturvaktir.

Getum einnig boðið hjúkrunar- og læknanemum störf í sumar.

Nánari upplýsingar veita,
Birna Kr. Svavarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma: 522 5700
Umsóknir má einnig senda á birna@eir.is og edda@eir.is

## Staða skólastjóra Kársnesskóla í Kópavogi

Kársnesskóli er heildstæður grunnskóli í vesturbæ Kópavogs. Í skólanum eru 570 nemendur í 1. til 10. bekk og 85 vel menntaðir og hæfir starfsmenn. Kársnesskóli er í tveimur byggingum; 1.-4. bekkur við Skólagerði og 5.-10. bekkur við Vallargerði. Við skólann er starfrækt Dægradvöl fyrir yngstu börnin, staðsett í íþróttahúsi skólans við Holtagerði.
Kársnesskóli er þekktur fyrir öflugt sönglíf og kórastarf. Kársnesskóli starfar eftir uppeldisstefnu sem nefnd er Uppeldi til ábyrgðar. Unnið er að spjaldtölvuvæðingu skólans í samræmi við stefnu Kópavogsbæjar.
Gildi skólans eru **virðing, þekking, ábyrgð og ánægja**

Leitað er að stjórnanda sem veitir faglega forystu og býr yfir hæfni til að skipuleggja krefjandi skólastarf í samvinnu við kennara, foreldra og skólayfirvöld.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi skilyrði
- Framhaldsmenntun (MA, MEd, MBA eða Diplóma að lágmarki) á sviði uppeldis- og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegra greina skilyrði.
- Reynsla af stjórnun og rekstri skóla skilyrði
- Hæfni til að leiða faglega forystu og góð færni í mannlegum samskiptum skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2016.**
Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

Allar nánari upplýsingar um starfið má finna á vef Kópavogsbæjar undir auglýst störf.

**Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á www.kopavogur.is.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfr. við miðstöð skólaþróunar | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201605/735 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201605/734 |
| Íslenskukennari | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | Reykjanesbær | 201605/733 |
| Sérfræðilæknir í meltingalækn. | LSH, lyflækningasvið | Reykjavík | 201605/732 |
| Nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar | LSH, starfsþróunarár | Reykjavík | 201605/731 |
| Aðstoðardeildarstjóri | LSH, hjartadeild | Reykjavík | 201605/730 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, dag- og göngudeild augnlækn. | Reykjavík | 201605/729 |
| Námsstaða deildarlæknis | LSH, augndeild | Reykjavík | 201605/728 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Mjódd | Reykjavík | 201605/727 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Árbæ | Reykjavík | 201605/726 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun | Reykjavík | 201605/725 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201605/724 |
| Tryggingafulltrúi | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201605/723 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Rangárþing | 201605/722 |
| Starfsþjálfun, þrjár stöður | UTN, þróunarsamvinnuskrifstofa | Ug-Mal-Moz | 201605/721 |
| Starfsmaður við ræstingar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201605/720 |
| Aðstoðarskólameistari | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201605/719 |
| Lögfræðingar | Kærunefnd útlendingamála | Reykjavík | 201605/718 |
| Ritari | Kærunefnd útlendingamála | Reykjavík | 201605/717 |
| Réttindagæslumaður fatlaðs fólks | Velferðarráðuneytið | Austurland | 201605/716 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201605/715 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201605/714 |

# Rafeindavirki Rafvirki

Óskum eftir að ráða rafeindavirkja eða rafvirkja til starfa sem fyrst í tæknideild okkar. Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi tækjabúnaðar og annarri almennri tæknivinnu.

Við leitum að dugmiklum og sjálfstæðum einstaklingi sem vill vinna við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
Starfið er í tæknideild Ísafoldarprentsmiðju og fellur undir tæknistjóra.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Hilmarsson tæknistjóri í GSM 664 0304.
Óskir um frekari upplýsingar og umsóknir skulu sendar á netfangið gunnar@isafold.is

Umsóknarfrestur er til 27. maí 2016.

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er önnur stærsta prentsmiðja landsins. Hjá félaginu starfa um 60 starfsmenn, við mjög fjölbreytta prentvinnslu.
Fréttablaðið er m.a. prentað hjá Ísafoldarprentsmiðju.

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

www.uw.is



## Fagstjóri meistaranáms

**Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf fagstjóra á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar. Við Háskólasetrið er kennd alþjóðleg, þverfagleg námsleið á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun (Coastal and Marine Management) í samstarfi við Háskólann á Akureyri, með um 40-50 virka meistaranema.**

Fagstjóri vinnur í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði og hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Fagstjóri er leiðandi á sínu sviði í samstarfi Háskólasetursins og atvinnulífs. Hann skipuleggur kennslu, viðheldur tengslum við samstarfsaðila námsins og forleiðbeinir nemendum í meistaraprófsritgerðum. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Fagstjóri þarf að fylgjast vel með lokaritgerðarvinnu nemenda í nánu samstarfi við leiðbeinendur og þarf til þess að hafa góða faglega yfirsýn sem og þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum í umhverfis- og auðlindastjórnun. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér kennslu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Þverfræðileg menntun og/eða rannsóknar-reynsla á viðeigandi sviði
- Meistarapróf eða doktorspróf
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta í íslensku er mjög æskileg

Nýr fagstjóri þarf að geta hafið störf á haustmisseri 2016. Upplýsingar veitir Peter Weiss, forstöðumaður, í síma 450 3045 eða weiss@uw.is

Umsóknir með ritaskrá og skrá yfir kennslureynslu, ef við á, sendist á Háskólasetur Vestfjarða og í tölvupósti á weiss@uw.is. Umsóknarfrestur er til og með 14.06.2016.

# PRENTARI ÓSKAST

Óskum eftir að ráða prentara
á Heidelberg prentvélar.
Upplýsingar gefur Erlingur
í síma 897 6848 eða á erlingur@litrof.is.
Farið verður með allar fyrirspurnir
sem trúnaðarmál.

LITRÓF
umhverfisvottuð prentsmiðja

## Grafískur hönnuður óskast

Við leitum að öflugum liðsmanni í fullt starf. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu og reynslu á helstu forritum til grafískrar vinnslu. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki.

**Starfssvið:**
- Umbrot/hönnun fyrir prent og vefmiðla.
- Hugmyndavinna

**Hæfniskröfur:**
- Menntun og starfsreynsla í grafískri hönnun.
- Mjög góð kunnátta í Indesign, Illustrator, Photoshop, Flash og HTML5
- Frumkvæði og skapandi hugsun
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Fagleg vinnubrögð.

**Umsóknarfrestur er til 3. Júní 2016**
Umsóknir ásamt ferilskrá og sýnishornum af verkum sendist á box@frett.is merkt *„Grafískur hönnuður 2105"*
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Samfélagsgreinar og tungumál á elsta stigi

**Flataskóli**
- Grunnskólakennarar
- Leikskólakennarar
- Stuðningsfulltrúar

**Sjálandsskóli**
- Grunnskólakennari á miðstig

**Leikskólinn Kirkjuból**
- Leikskólakennarar

**Bókasafn Garðabæjar – Álftanessafn**
- Útibússtjóri – 20% starf

**Heimaþjónusta Garðabæjar**
- Þroskaþjálfi – 50% starf

Samkvæmt jafnréttisáætlun Garðabæjar eru allir hvattir til að sækja um - karlar jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR 40
GARÐATORGI 7
SÍMI 525 8500
GARDABAER.IS

## Skólafólk óskast í símsölu

Líftryggingaumboð Íslands ehf. óskar eftir öflugum aðilum í símsölu á kvöldin. Tilvalið fyrir skólafólk og aðra sem vilja komast í vel launað hlutastarf.
Hentar sem sumarvinna og eins meðfram námi.

Upplýsingar í síma 571-5011 eða gegnum tölvupóstfangið magnus@kml.is

JARÐBORANIR



## STÖRF VIÐ BORFRAMKVÆMDIR

Jarðboranir hf. leita að öflugu fólki til starfa við borframkvæmdir hér á landi og erlendis. Um er að ræða krefjandi og spennandi störf við djúpboranir eftir jarðhita sem og aðrar borframkvæmdir.

Reynsla af störfum við borframkvæmdir er æskileg en þó ekki skilyrði. Meirapróf og vinnuvélaréttindi eru mikill kostur.

**Upplýsingar um störfin veitir Torfi Pálsson, starfsmannastjóri í síma 585-5290 eða torfip@jardboranir.is. Sækja skal um störfin á www.jardboranir.is fyrir 29. maí næstkomandi.**

REIR

Reir ehf. fyrirtæki í byggingariðnaði óskar eftir meiraprófs bílstjóra til aksturs á vörubifreið með krana. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar í s. 898 8522, Hilmar.

## PUBLIC AFFAIRS ASSISTANT – NEW MEDIA

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Public Affairs Assistant – New Media lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til **27 maí, 2016.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
***http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html***

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the full time position of Public Affairs Assistant – New Media. The closing date for this postion is **May 27, 2016.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
***http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html***

Please send your application and resumé to :
**reykjavikvacancy@state.gov**



## Viltu vinna við fjölbreytt og skemmtilegt starf?

### Starfsfólk óskast í aðhlynningu á Hrafnistu í Hafnarfirði

Á Hrafnistuheimilunum starfa um 1.000 manns og algengt er að á heimilunum vinni tvær eða þrjár kynslóðir starfsmanna. Á Hrafnistuheimilunum er boðið upp á heimilislegt umhverfi og góðan starfsanda auk þess sem lögð er áhersla á faglega þjónustu við heimilisfólkið. Starfsfólki gefst þar ómetanlegt tækifæri til að afla sér reynslu og kynnast starfi á sviði öldrunar.

**Hæfniskröfur:**
- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi
- Jákvæðni og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- 18 ára aldurstakmark

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, www.hrafnista.is og heimasíðu Talent ráðningar & ráðgjöf, www.talent.is

das
HRAFNISTA

## Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

GLACIER LAGOON

## Jökulsárlón ehf. leitar að skipstjórum fyrir sumar 2016.
### Skipstjóra til siglinga á hjólabát.

**Hæfniskröfur:**

- Skipstjórnarréttindi
- Námskeið hjá Slysavarnaskóla Sjómanna
- Hæfni í mannlegum samskiptum

*Tímabil er frá og með júní.*

***Húsnæði er í boði fyrir starfsmenn Jökulsárlóns.***

**Upplýsingar gefur Katrín Ósk á katrin@jokulsarlon.is og í síma: 893-1822**

## Snillingur óskast til starfa

Verkhönnun er ung en reynslumikil rafmagnsverkfræðistofa þar sem starfa 10 manns við raflagna- og lýsingahönnun. Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur metnaðarfullan raflagnahönnuð í teymið okkar, með menntun og reynslu sem nýtist í starfið.
Starfsmaður þarf að geta unnið sjálfstætt jafnframt því að vinna náið með öðrum hönnuðum og verktökum.
Þekking á BIM hönnunarumhverfi er kostur.
Starfsmaður þarf að geta byrjað sem fyrst.

**Áhugasamir vinsamlega sendið ferilskrá á: verkhonnun@verkhonnun.is**

VERKHÖNNUN
VERKFRÆÐIRÁÐGJÖF

GRINDAVÍKURBÆR

## Atvinna - Starfsmaður í þjónustumiðstöð - bílstjóri

Grindavíkurbær óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumiðstöð bæjarins. Leitað er að metnaðarfullum og traustum einstaklingi, sem hefur áhuga á fjölbreyttum verkefnum.

**Verksvið og ábyrgð**

- Akstur þjónustubifreiðar.
- Minniháttar viðhald á bílum t.d. þrif o.fl.
- Bakvaktir skv. bakvaktarkerfi þjónustumiðstöðvar.
- Öll tilfallandi störf í þjónustumiðstöð, m.a. snjómokstur o.fl.

**Hæfniskröfur**

- Bílpróf og vinnuvélaréttindi (flokkur D1 eða hærri).
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Rík þjónustulund við íbúa bæjarins.
- Lipurð í mannlegum samskipum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Suðurnesja. Umsóknareyðublöð fyrir störfin má nálgast á heimasíðu Grindavíkurbæjar: *http://www.grindavik.is/atvinna*

Senda skal umsóknir til Sigmars B. Árnasonar, byggingafulltrúa, á bygg@grindavik.is Einnig er hægt að skila umsóknum í afgreiðslu bæjarskrifstofu Grindavíkurbæjar að Víkurbraut 62, eða senda á póstfangið:

*Grindavíkurbær*
*„Starfsmaður í þjónustumiðstöð" - bílstjóri*
*Víkurbraut 62*
*240 Grindavík*

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júní nk. Nánari upplýsingar veitir byggingafulltrúi í síma 420 1109.**

SKÓGARBÆR

**Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd**

Skógarbær leitar að félagsfræði-/iðjuþjálfanema til að sjá um dægradvöl fyrir yngri einstaklinga með langvinna sjúkdóma. Unnið er eftir hugmyndafræði „Strenght Based Perspective" en samkvæmt henni er gert ráð fyrir því að sérhver einstaklingur sé einstakur og hann búi yfir eiginleikum sem gerir honum kleift að lifa jákvæðu lífi þrátt fyrir fötlun og sjúkdóma. Áhersla er lögð á félagsleg tengsl einstaklingsins og samskipti hans við umhverfi sitt.

Um er að ræða tímabundið verkefni frá júní til september 2016. Starfshlutfall er samkomulag. Verkefnið er styrkt er af Lionsklúbbnum Frey í Reykjavík.

Jafnframt óskast hjúkrunarfræðingur í sumarafleysingar. Starfshlutfall samkomulag

**Nánari upplýsingar veitir Jónbjörg Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri í síma 5102101 / 8985207. Netfang: jonbjorg@skogar.is**

**Skógarbær er hjúkrunarheimili fyrir eldri og yngri einstaklinga sem þarfnast umönnunar allan sólarhringinn**

## SÖLU OG MARKASÐSFULLTRÚI

Heildverslun með snyrtivörur og ýmsar aðrar smávörur óskar eftir að ráða öflugan einstakling í starf sölu- og markaðsfulltrúa. Starfsvið er m.a. umsjón með sölu til smásala, erlend samskipti, markssáætlanir o.fl. Snyrtilegur og reyklaus vinnustaður. Góður starfsandi.

**Leitum að einstakling sem hefur/er:**

- viðskiptamenntun eða góða starfsreynslu
- frumkvæði og metnað
- góða tölvukunnáttu
- ábyrgðarfullur

**Áhugasömum er bent á að senda umsókn á: medico@medico.is merkt „Heildverslun-markaðsmál" fyrir föstudaginn 27. maí.**

## SÖLUMAÐUR

Óskum eftir að ráða traustan og áræðænlegan sölumann, sem allra fyrst í 70% starf. Um er að ræða sölu á þekktum snyrtivörum og ýmsum smávörum.

**Við leitum að einstaklingi sem er/hefur:**

- frumkvæði og metnað
- söluhæfileika og þjónustulund
- heiðarlegur
- nákvæmur og stundvís
- þekkingu á snyrtivörum æskileg
- ensku- og tölvukunnáttu
- góða heilsu.

**Áhugasömum er bent á að senda umsókn á: medico@medico.is merkt „Heildverslun-sala" fyrir föstudaginn 27. maí.**

## SUMARAFLEYSINGAR

Óskum eftri að ráða starfsmann í sumarafleysingastörf í heildverslununni. Um er að ræða, söluferðir í verslanir, tiltekt á vörum á lager, útkeyrsla og útskrift á nótum ásamt ýmsum skrifstofustörfum.

**Hæfniskröfur eru:**

- stúdentspróf eða meiri menntun
- bílpróf
- nákvæmni og þjónustulund
- tölvu- og enskukunnátta
- þekking á viskiptahugbúnaði æskileg
- stundvísi og góð heilsa

**Áhugasömum er bent á að senda umsókn á: medico@medico.is merkt „Heildverslun-sumarstarf" fyrir föstudaginn 27. maí**

**MEDICO ehf | Akralind 3 | 201 Kópavogi | www. medico.is**

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Sumarstörf

### Starfsfólk óskast í sumarstörf hjá Ási styrktarfélagi.

Um er að ræða heilar stöður og hlutastörf í vaktavinnu. Störfin eru á heimilum á vegum félagsins í Reykjavík og Kópavogi. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í að aðstoða íbúa við daglegt líf og efla sjálfstæði þeirra.

Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess ***www.styrktarfelag.is.*** **Einnig veitir Erna Einarsdóttir upplýsingar í síma 414 - 0500.**

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags við SFR.

## Sjúkraliðar óskast til starfa á Eirhömrum Mosfellsbæ



Sjúkraliðar óskast til starfa í öryggisíbúðum fyrir aldraða á Eirhömrum Mosfellsbæ. Um er að ræða vaktavinnu.

Nánari upplýsingar veitir:
Birna Svavarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma 522 5700.

Umsóknir má einnig senda rafrænt á ***birna@eir.is*** og ***edda@eir.is***

EIR

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Menntasvið**

- Kvenkyns baðvörður í Sundlaug Kópavogs

**Leikskólar**

- Leikskólakennari í leikskólann Dal
- Leikskólakennari í leikskólann Baug
- Deildarstjóri í leikskólann Kópahvol

**Grunnskólar**

- Deildarstjóri á eldra stig Álfhólsskóla
- Stuðningsfulltrúi í Álfhólsskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Kársnesskóla
- Íþróttakennari / sundkennari í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Vatnsendaskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Vatnsendaskóla

**Velferðasvið**

- Félagsráðgjafi í barnavernd
- Starfsmaður í íbúðakjarna fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Sölumaður – sumarafleysing

BM Vallá óskar eftir að ráða hressan og skemmtilegan sölumann til sumarafleysinga í söludeild fyrirtækisins við Breiðhöfða.

- Um er að ræða skemmtilegt og krefjandi sölustarf í fallegu umhverfi.
- Helstu verkefni eru sala á hellum og garðeiningum, tilboðsgerð og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund og áhuga á sölumennsku.

Upplýsingar veitir Ásbjörn I. Jóhannesson, sölustjóri hellu- og garðeininga. Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á **asbjorn@bmvalla.is**

BM·VALLÁ

KLIFURFÉLAG REYKJAVÍKUR

### Framkvæmdastjóri Klifurfélags Reykjavíkur

Stjórn Klifurfélags Reykjavíkur auglýsir eftir kraftmiklum einstakling með áhuga á íþróttum og íþróttastarfi í starf framkvæmdastjóra félagsins sem er fullt starf.

**Starfssvið**

- Umsjón með daglegum rekstri Klifurhússins
- Innkaup á aðföngum og vörum til endursölu
- Skipulagning þjálfunar og hópa
- Starfsmannahald og skipulagning vakta
- Samskipti við birgja og bókara
- Ýmis önnur verkefni í samráði við stjórn

**Hæfniskröfur**

- Viðkomandi þarf að vera drífandi og jákvæður
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík samskiptafærni, sveigjanleiki og þjónustulund
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg

Klifurfélag Reykjavíkur er áhugamannafélag og er tilgangur þess að stuðla að framgangi klifuríþrótta hér á landi og auka áhuga almennings á íþróttinni. Félagið hyggst ná tilgangi sínum með því að gangast fyrir námskeiðahaldi, keppnum og annars konar kynningarstarfsemi, auk þess sem félagið hyggst stuðla að því að félagsmönnum standi til boða fullnægjandi æfingaaðstaða. Klifurhúsið er staðsett í Ármúla 23 þar sem verður starfsvettvangur framkvæmdastjóra.

Umsókn sendist á ***andrimar1993@gmail.com*** og skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Andri Már Ómarsson formaður Klifurfélags Reykjavíkur ***andrimar1993@gmail.com*** eða í síma 869 1178

**Umsóknarfrestur er til 28. maí 2016**

SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

## Sérfræðingur í bráðalækningum - Sjúkrahúsið á Akureyri

Laus er til umsóknar staða sérfræðings við bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Um er að ræða fulla klíníska stöðu í dagvinnu með þátttöku í kennslu unglækna og annarra heilbrigðisstétta. Möguleiki á vöktum í sjúkraflugi. Umsækjendur skulu hafa íslenskt lækningaleyfi og fullgild réttindi í bráðalækningum en til greina kemur að horfa til annarra sérfræðiréttinda.

Staðan veitist frá 1. júlí 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

Bráðamóttakan sinnir móttöku veikra og slasaðra, hún er opin allan sólarhringinn og er sú stærsta á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Árlega eru komur á bráðamóttöku um 16.500. Bráðamóttakan er starfrækt í nýendurbættu húsnæði. Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Næsti yfirmaður er forstöðulæknir bráðalækninga.

**Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.**

Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Stefán Steinsson, forstöðulæknir bráðalækninga, í síma 4630100 eða í tölvupósti ***stefan@sak.is***. Einnig gefur Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs upplýsingar um stöðuna í síma 4630100 eða í tölvupósti ***hildig@sak.is***
**Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2016.**
Umsóknum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins **www.sak.is**
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.
***Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.***
Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: **Öryggi – samvinna – framsækni.**
Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins sem er reyklaus vinnustaður.
Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.

SAk SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI AKUREYRI HOSPITAL

## Sérfræðingur í myndgreiningalækningum
### Sjúkrahúsið á Akureyri

Laus til umsóknar staða sérfræðings við myndgreiningadeild Sjúkrahússins á Akureyri. Myndgreiningadeildin veitir fjölþætta þjónustu og nær þjónustusvæðið til Norður- og Austurlands. Deildin er mjög vel tækjum búin. Auk almennra röntgentækja eru á deildinni ný tölvusneiðmyndatæki (CT) og segulómtæki (MR) auk þess sem gerðar eru brjóstamyndatökur (hópskoðanir), beinþéttnimælingar og ómskoðanir á deildinni.

Um er að ræða fulla klíníska stöðu sem fylgir vaktaskylda og þátttaka í kennslu heilbrigðisstétta.

Umsækjendur skulu hafa íslenskt lækningaleyfi og fullgild réttindi í myndgreiningalækningum.

Staðan veitist frá 1. júlí 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

Næsti yfirmaður er forstöðulæknir myndgreiningalækninga.

Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

**Laun eru samkvæmt kjarasamn¬ingi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.**

Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Jóhann Davíð Ísaksson, forstöðulæknir myndgreiningalækninga, í síma 4630100 eða í tölvupósti ***johannd@sak.is.*** Einnig gefur Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs upplýsingar um stöðuna í síma 4630100 eða í tölvupósti ***hildig@sak.is***

**Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2016.**
Umsóknum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins **www.sak.is**
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.
Berlinde de Bruyckere segir að sýningin sé þannig hugsuð að það eigi sér stað ákveðin samræða á milli verkanna innan rýmisins. „Ef litið er á verk eins og skúlptúrinn með hestunum tveimur sem renna saman í eina heild þá held ég að það sé um margt lýsandi fyrir virðingu fyrir dauðanum. Þetta er ólíkt fyrstu verkunum þar sem ég var að vinna með hesta en þetta á rætur sínar að rekja til fyrstu heimsstyrjaldarinnar þar sem dauðir hestar lágu á víð og dreif um göturnar. Ég var að skoða þetta í ákveðnu verkefni og í framhaldinu gerist það að hestarnir verða að holdgervingi fyrir dauðann í mínum verkum.

Hestarnir í þessum verkum lyftast frá jörðinni og eru því nánast ekki jarðneskir heldur upphafnir. Þeir renna saman í eina heild og eru fyrir mér Eros og Thanatos (Eros er táknmynd lífsviljans en Thanatos tákn fyrir dauðaþrá) og það er ekki hægt að flýja þennan veruleika. Veruleikinn verður aldrei umflúinn. Líf og dauði vernda og virða hvert annað og líkamarnir vaxa saman í einn upphafinn líkama. Ég er að tjá hugsun og tilfinningu.

### Fljótandi ferli

Stundum teikna ég fyrst en stundum er það skúlptúrinn sem rekur mig áfram. Þarna er ekkert fastbundið heldur er þessi vinna flókið og erfitt ferli bæði tæknilega og út frá sköpuninni.

Ég á í góðu samandi við háskóla þar sem ég fæ hræ hestanna sem ég síðan vinn með en í því er líka falið ákveðið tilfinningalegt ferli sem skiptir mig miklu máli. Það er nefnilega ekki sama hvernig hestarnir eru og ég þarf að ná að mynda við þá ákveðið samband til þess að geta nýtt þá við þau verk sem ég er að vinna að hverju sinni þó svo þessi verk séu unnin á miklum hraða og með fjölda aðstoðarmanna.

En teikningarnar mínar eru mér líka mikilvægar vegna þess að þá vinn ég ein. Það er í einu skiptin sem ég get unnið án þess að vera með aðstoðarmenn með mér. Þó það sé gott að vinna með góðu fólki þá þarf ég stundum einveruna sem ég get ekki fengið þegar ég er að vinna stóru verkin sem krefjast margra handa í löngu og flóknu ferli.“

### Í leit að jafnvægi

Hestar eru aðeins einn þáttur í verkum de Bruyckere því mannslíkaminn er einnig í stóru hlutverki, bæði í teikningum sem og stórum og afar áhrifaríkum vaxskúlptúrum. Hún segir að þetta flæði þarna á milli viðfangsefna, frá hrossunum og yfir í mannslíkamann, gerist með ákaflega náttúrulegum hætti. „Þau verk sem ég hef nýlega unnið með líkömum eiga í ákveðinni samræðu við verkin með hestunum. Mannslíkamarnir eru oft afmyndaðir, jafnvel blóðugir og hlaðnir ofbeldi og óhugnaði – nánast dýrslegir. En á sama tíma leitast ég við að gera hestana nánast mannlega. Þetta er leit að jafnvægi sem ég þarf á að halda bæði í listinni og lífinu. Mér líkar við þá hugmynd að ég geti látið hlutina renna saman og komið þannig á ákveðnu jafnvægi.“



Einn af vaxskúlptúrum Berlinde De Bruyckere.

Berlinde de Bruyckere segir að þessir tveir pólar snúist ekki endilega um hið karllæga og kvenlæga eða eitthvað slíkt. „Fyrir mér er það persónubundið fyrir hvern og einn hvað felst í þessu. Ég hef í sjálfu sér ekki mikinn áhuga á að vinna út frá kynferði eða að því að sýna kyn í mínum verkum. Í sumum teikningunum sést kynferðið en oftar en ekki þá er kynferðið einfaldlega ekki til staðar.“

### Sköpun úr dauða

Faðir Berlinde de Bruyckere var slátrari og var hún alin upp í húsinu þar sem hann starfaði. Hún segist þó alltaf hafa reynt að neita að það væri tenging þar á milli og verka hennar. „En í seinni tíð hef ég gert mér grein fyrir því að auðvitað skiptir það máli. Svarið er fólgið í því að það sem faðir minn gerði var andstæða þess sem ég geri. Hann hlutaði í sundur kjöt til þess að við gætum borðað það. En þegar ég fer og sé hræ af hesti þá fyllist ég samkennd og eins og finnst að ég verði að halda í þetta og skapa eitthvað úr þessu. Ég er að reyna að opna umræðu sem hefur að gera með ótta, reiði, kvíða, von og dauða. Að opna á umræðu um allt þetta, líf og dauða, það er það sem ég leitast við að gera og þarf að gera.“



ÞETTA ER LEIT AÐ JAFNVÆGI SEM ÉG ÞARF Á AÐ HALDA BÆÐI Í LISTINNI OG LÍFINU. MÉR LÍKAR VIÐ ÞÁ HUGMYND AÐ ÉG GETI LÁTIÐ HLUTINA RENNA SAMAN OG KOMIÐ ÞANNIG Á ÁKVEÐNU JAFNVÆGI.

Berlinde De Bruyckere myndlistarkona




**VERÐDÆMI**
Íbúð 401, 3 herb. 92,3 m²
með innréttingum. Í eldhúsinnréttingu er innfelld uppþvottavél og íbúðinni fylgir stæði í bílakjallara.

**VERÐ: 43.900.000 KR.**



**VERÐDÆMI**
Íbúð 305, 3 herb. 100,1 m²
með innréttingum. Í eldhúsinnréttingu er innfelld uppþvottavél og íbúðinni fylgir stæði í bílakjallara.

**VERÐ: 43.900.000 KR.**



Glæsilegar og vandaðar 2ja–3ja herbergja íbúðir við Kópavogstún 3–5 fyrir 60 ára og eldri, í 6 hæða lyftuhúsi. Flestar með stæði í bílageymslu. Stutt í samgönguæðar og alla þjónustu s.s. sundlaug, banka, bókasafn ofl. Kópavogstún 3 er tilbúið til afhendingar núna og Kópavogstún 5 í júní/júlí. Íbúðirnar eru fullbúnar með vönduðum sérsmíðuðum innréttingum. Flísar á salerni og þvottahúsgólfi en án annarra gólfefna.

Gert hefur verið ráð fyrir því hægt sé að loka svölum. Traustur byggingaraðili. Sjá nánar á kopavogstun.is.

**www.kopavogstun.is**

PIPAR\TBWA • SÍA

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
Sími 511 3101 / www.101.is
Löggiltur fasteignasali, Kristín Sigurey Sigurðardóttir



Kristín Sigurey Sigurðardóttir
Löggiltur fasteignasali

Nánari upplýsingar og bókanir fyrir skoðun veitir **Daði Hafþórsson sölustjóri** hjá 101 Reykjavík fasteignasölu í síma **820 8103** eða í **dadi@101.is**.



JÁVERK
www.javerk.is



**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson**
skrifar um lífseigar myndasöguhetjur

# Binni og Pinni

Í nóvembermánuði árið 1938 hóf nýtt blað göngu sína í Reykjavík. Það skilgreindi sig sem ópólitískt blað til hvíldarlesturs og dægradvalar, að fyrirmynd danska blaðsins Hjemmet. Það kom út einu sinni í viku og hlaut því lýsandi nafn: Vikan.

Fyrsta tölublað hafði að geyma þýðingar á erlendum smásögum, bókmenntagagnrýni Tómasar Guðmundssonar, fræðandi grein um krabbamein eftir Jónas Sveinsson lækni – og myndasögur. Síðastnefnda efnið var svo sem engin nýlunda fyrir íslenska lesendur. Þannig hafði vikublaðið Fálkinn lengi birt vinsælar sænskar myndasögur um Adamson, þöglan mann með vindil í munnvikinu og stóran hatt.

Vikan bauð hins vegar upp á gamla kunningja úr dönsku blöðunum. Önnur sagan var „Bringing up Father“, sem fjallar um írskan almúgamann sem verður ríkur í happdrættinu og færist upp í yfirstéttina þrátt fyrir að halda fast í ýmsa gamla ósiði. Íslendingar þekktu persónuna undir sínu danska nafni, Gyldenspjæt, en í Vikunni nefndist hún Gissur gullrass.

Hin sagan sem hóf göngu sína í þessu fyrsta blaði Vikunnar var Binni og Pinni, sem einnig er bandarísk og nefnist þar „Katzenjammer Kids“. Í hugum íslenskra lesenda voru óknyttabræðurnir þó ekki bandarískir heldur danskir og nefndust Knoll og Tott. Sögurnar um Binna og Pinna; Knoll og Tott eða Hans og Fritz (eftir því hvort við kjósum íslensku, dönsku eða ensku) nutu sérstakra vinsælda á Norðurlöndum og um áratuga skeið voru sérstök hátíðarhefti gefin út fyrir hver jól sem seldust í bílförmum.

### Þýskir fantar

Sögurnar um Binna og Pinna næra ekki bara fortíðarþrá Íslendinga sem komnir eru til vits og ára, þær skipta líka miklu máli fyrir sögu myndasagnalistarinnar sjálfrar. Katzenjammer-krakkarnir eru nefnilega einhverjar elstu myndasögur í heimi og sá sagnaflokkur sem á sér lengsta samfellda útgáfusögu, en sögurnar verða 120 ára í lok næsta árs.

Forsagan er raunar enn eldri. Árið 1865 sendi þýski myndlistarmaðurinn Wilhelm Busch frá sér myndskreytt ævintýri, sem með góðum vilja mætti kalla myndasögur, um óknyttapiltana Max og Mórits. Sögur þessar voru sjö talsins og einkenndust af biksvörtum húmor, þar sem vinirnir hrekkja samborgara sína af hreinræktuðum skepnuskap, en hefnist rækilega fyrir þegar illskeyttur malari steypir þeim ofan í myllukvörn svo út kemur andafóður.

Sögurnar um Max og Mórits, sem komu út á íslensku árið 1981 í þýðingu Kristjáns Eldjárns, fyrrverandi forseta, nutu frá upphafi mikilla vinsælda í þýskumælandi löndum Evrópu og teljast enn sígildar barnasögur þrátt fyrir kaldrifjaðan boðskapinn. Teikningarnar eru víðkunnar og margir hafa á reiðum höndum vísanir í textann, sem er í bundnu máli.

Bandaríski blaðakóngurinn William Randolph Hearst fregnaði vinsældir þessara þýsku myndasagna á ferðum sínum til Evrópu undir lok nítjándu aldar. Um þær mundir stóð yfir blóðug barátta á bandaríska dagblaðamarkaðnum, þar sem útgáfufélög Hearst annars vegna en ungverska innflytjandans Josephs Pulitzer hins vegar bitust um lesendur.

Framfarir í prenttækni auðvelduðu notkun myndmáls í blöðunum og útgefendur komust að raun um að skopmyndir og myndasögur væru til sérstakra vinsælda fallnar, ekki hvað síst hjá þeim stóra lesendahópi sem hefði takmarkað vald á að lesa ensku.

Guli strákurinn (e. The Yellow Kid) frá árinu 1895 var fyrsta dagblaðamyndasagan og sýndi snoðklipptan almúgastrák úr fátækrahverfum New York í gulum serk. Guli strákurinn og félagar hans sögðu smáskrítlur um allt milli himins og jarðar, jafnt pólitík sem glens á kostnað staðalmynda hinna ýmsu þjóðarbrota í stórborginni.

### Gula pressan

Lesendur gleyptu í sig myndasögurnar um Gula strákinn og sala blaðsins glæddist. Raunar urðu skopmyndir þessar svo vinsælar að farið var að kenna ódýr götublöð við þær og til varð hugtakið „gula pressan“, sem enn lifir góðu lífi.

Gulklædda barnið birtist í blöðum Pulitzers og þurfti Hearst vitaskuld að svara í sömu mynt. Og þar komu Max og Mórits til sögunnar.

Líkindin milli þýsku hrekkjusvínanna og þeirra Hans og Fritz í Katzenjammer-krökkunum eru sláandi. Annar er feitlaginn með slétt svart hár en hinn grennri með ljóst hár sem skagar upp í loftið. Að öðru leyti var hugmyndin svo sem ekki ýkja frumleg. Sögur um tvo hrekkjalóma sem gera skammarstrik eru alþekkt sagnaminni.

Það var tvítugur teiknari af þýskum ættum, Rudolph Dirks, sem fékk það verkefni að kynna grallarana fyrir bandarískum almenningi. Hann skapaði sagnaheim þar sem Hans og Fritz eru tvíburar, þótt býsna ólíkir séu í útliti, sem alast upp hjá stórvaxinni móður sinni og fúlskeggjuðum skipstjóra með óljós fjölskyldutengsl. Í fyrstu flakkaði fjölskyldan um heiminn, en tók sér fljótlega bólfestu á suðurhafseyju.

Allnokkrar aukapersónur koma fyrir í sögunni: ströng kennslukona, ljóshært merkikerti sem etur kappi við bræðurna, þeldökkur héraðshöfðingi og sjóræningjaflokkur, svo nokkrir séu nefndir. Sérhver saga rekur skammarstrik sem oftar en ekki beinist að skipstjóranum og lýkur á að pörupiltarnir eru flengdir eða þeir sleppa með skrekkinn.

> VINIRNIR HREKKJA SAMBORGARA SÍNA AF HREINRÆKTUÐUM SKEPNUSKAP, EN HEFNIST RÆKILEGA FYRIR ...

Eins og nöfnin Hans og Fritz gefa til kynna eiga bræðurnir að vera af þýskum ættum og í sögum Dirks voru ýmsar persónur látnar tala með þýskum hreim. Þá var sjálft heiti myndasagnanna fengið úr þýsku, en Katzenjammer merkir kattabreim í bókstaflegri merkingu en þynnka eða timburmenn í almennu talmáli.

Vinsældir sagnanna urðu miklar og innan fárra ára rötuðu Hans og Fritz bæði á svið og hvíta tjaldið. Áhrifin á myndasöguheiminn voru líka mikil. Þannig var Rudolph Dirks meðal þeirra fyrstu til að notast við talblöðrur í sögum sínum, í stað þess að textinn væri ritaður fyrir neðan hvern myndaramma. Önnur myndasögubrögð, á borð við að láta sögupersónur sjá stjörnur eða tákna hljóð með myndrænum hætti, eins og hrotur með því að sýna sög vinna á viðardrumbi, voru sömuleiðis uppfinningar hans.

### Slegist í dómsölum

En vinsældum fylgja fórnir. Dagblöð Hearsts heimtuðu sífellt nýjar sögur. Þegar teiknarinn Dirks ákvað að taka sér frí til að ferðast um Evrópu með fjölskyldu sinni eftir fimmtán ára þjónustu vildi blaðakóngurinn ekki sjá af mjólkurkúnni og fékk nýjan höfund til starfa. Við tóku langvinn málaferli, sem reyndust afdrifarík fyrir þróun myndasöguiðnaðarins.

Niðurstaða dómstóla varð sú að útgáfufyrirtækið ætti einkarétt á nafni sagnaflokksins og mætti halda útgáfu hans áfram á sínum forsendum. Hins vegar var höfundinum heimilt að vinna áfram með þær persónur sem hann hafði skapað.

Útkoman varð kyndug. Rudolph Dirks hóf að teikna sagnaflokkinn „The Captain and the Kids“ fyrir blaðakónginn Pulitzer, sem innihélt allar aðalsöguhetjur gömlu sagnanna og hélt því áfram fram yfir áttrætt, árið 1958. Þá tók sonur hans við keflinu og hélt áfram með sögurnar í rúma tvo áratugi.

Eftirmaður Dirks í blöðum Hearstssamsteypunnar, Harold H. Knerr, teiknaði hins vegar sögur um sömu persónur og í sama anda undir yfirskriftinni „The Real Katzenjammer Kids“. Stíll höfundanna var svipaður, en Knerr er þó almennt talinn slyngari teiknari á meðan Dirks var snjallari höfundur. Það eru hins vegar sögur þess fyrrnefnda sem íslenskir lesendur Vikunnar kynntust og lærðu að meta.

Harold H. Knerr lést árið 1949, en upp frá því hefur fjöldi höfunda spreytt sig á sögunum. Þær hafa þó tekið furðulitlum breytingum í útliti og efnistökum á þessum tæpu 120 árum. Raunar hafa sumir nýrri höfundanna einfaldað sér vinnuna með því að endurvinna gamlar skrítlur. Af nógu er að taka.

Og enn í dag koma út nýjar sögur um Binna og Pinna. Núverandi höfundur er tæplega níræður að aldri, en lætur þó engan bilbug á sér finna. Hann nefnist Hy Eisman og hefur teiknað myndasögur frá því að Sveinn Björnsson var forseti Íslands. Í hverri viku skilar hann af sér einni stuttri sögu um hrekkjalómana óforbetranlegu og annarri um Stjána Bláa, sem enn í dag bryður spínat og slæst um hjarta Stínu Stangar.




Binni og Pinni úr Vikunni og dönsku blöðunum.



Hinir þýsku Max og Mórits.

**Meðferð við háræðasliti - Tilboð**




**10% afsláttur** af 2 x 30 mín.meðferð
**15% afsláttur** af 3 x 30 mín.meðferð
**20% afsláttur** af 4 x 30 mín.meðferð
Miðast við samfelldan meðferðartíma.

**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

**Snyrtistofan Hafblik**

Ármúla 21, 2. hæð • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com


LEIKJAVIÐBURÐUR ÁRSINS Í DAG Í TÖLVULISTANUM Á SUÐURLANDSBRAUT !
ÚRSLIT TUDDANS
Í CS:GO OG ROCKET LEAGUE
TROPADELEET VS. VECA // TURBODYAD VS.SPEED DEMONS
KOMDU Í TÖLVULISTANN Á SUÐURLANDSBRAUT OG HORFÐU Á BESTU LEIKJASPILARA LANDSINS ETJA KAPPI.
PIZZVEISLA FRÁ ELDSMIÐJUNNI OG MOUNTAIN DEW. SÉRSTAKT ÁHORFENDASVÆÐI MEÐ 84" RISASKJÁ
ROCKET LEAGUE
ÚRSLITALEIKUR HEFST KL. 15:00
„BEST OF SEVEN"
Eld smiðjan
PIZZUVEISLA
KL. 16:00 - 16:30
twitch
TWITCH.TV/GEGTTV
ÚTSENDING HEFST
Á GEGTTV KL. 14:50
CS:GO
ÚRSLITALEIKUR HEFST KL. 16:30
„BEST OF THREE"
FYLGSTU MEÐ Á SNAPCHAT
TÖLVU LISTINN
TOLVULISTINN
84"
PIZZUVEISLA OG RISASKJÁR!
EVE VALKYRIE
oculus
KOMDU OG PRÓFAÐU EVE VALKYRIE MEÐ
OCULUS RIFT Á SUÐURLANDSBRAUT FRÁ KL. 11:00 Í DAG.
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐIR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS




Verð gilda til og með **22. maí** eða meðan birgðir endast




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigursteinn Sigursteinsson**
Skjólbrekku,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 26. maí kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Borgarfjarðar.

**Guðrún Jóhannsdóttir**
**Viggó Sigursteinsson**
**Björgvin Sigursteinsson** **Steinunn B. Hilmarsdóttir**
**Björk Sigursteinsdóttir** **Sigurður J. Sigurðarson**
**og barnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Valgerður K. Sigurðardóttir**
kennari,
Daltúni 28, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 13. maí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 24. maí kl. 15.00.

**Pálmar Sölvi Sigurgeirsson**
**Sigurður Pálmarsson**
**Sigríður Pálmarsdóttir**
**Ingvar Pálmarsson**
**tengdabörn og barnabörn.**





Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Við andlát ástvinar Nærgætni, hlýja og virðing

Áratuga reynsla við útfararþjónustu

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn


Sverrir Einarsson


Kristín Ingólfsdóttir


Hilmar Erlendsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA




Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is




Gunnar Kvaran ásamt hljómsveitinni og Huldu Björk Garðarsdóttur söngkonu.

# Heldur tónleika í minningu kennara síns

**Gunnar Kvaran sellóleikari heldur á morgun, sunnudaginn 22. maí, tónleika í Laugarneskirkju til minningar um Erling Blöndal Bengtsson, kennara sinn og meistara.**

Þetta eru tónleikar helgaðir minningu kennara míns og meistara, sellósnillingsins Erlings Blöndals Bengtssonar. Þegar hann lést fyrir tæpum þremur árum fór ég að hugleiða hvernig ég gæti minnst hans með tónleikum. Ég hef aldrei fundið neinn hentugan ramma utan um þessa tónleika þangað til að mér tókst að semja við Listahátíð um að halda þessa tónleika í minningu hans.

Mér fannst tilvalið að leita til nemenda minna sem eru í raun og veru barnabörn Erlings í tónlistarlegum skilningi. Ég þurfti að velja átta sellóleikara úr stórum hópi af nemendum sem ég hef haft í gegnum 35 ár hér á Íslandi.

Svo fékk ég til liðs við mig yndislega söngkonu, Huldu Björk Garðarsdóttur, sem á að syngja einsöng í einu af þessum verkum. En við flytjum á þessum tónleikum tvö verk eftir Villa-Lobos fyrir átta selló og söngrödd með dásamlegum texta sem Reynir Axelsson hefur þýtt alveg meistaralega. Síðan er Bachianas Brasileiras nr. 1 sem er bara fyrir átta selló, við endum tónleikana á því. Næst verður flutt ein einleikssvíta eftir Bach sem Margrét Árnadóttir sellóleikari flytur og svo er eitt yndislegt lag, sem er katalónskt þjóðlag sem Pablo Casals sellósnillingur gerði heimsfrægt. Hann lék þetta alltaf í lok allra sinna tónleika eftir að hann þurfti að flýja sitt heimaland.

> **Ég vona að fólk flykkist að, því að Erling var búinn að gefa þessari þjóð mikið með list sinni í meira en 60 ár.**

Erling Blöndal Bengtson þarf nú vart að kynna á Íslandi. Móðir hans var íslensk en hann ólst upp í Danmörku. Faðir hans var danskur fiðluleikari og ég varð nemandi hans 1964 og var hjá honum sem nemandi í sjö ár. Á þeim tíma fékk ég það einstæða tækifæri frá honum að gerast aðstoðarkennarinn hans. Það styrkti mig og hjálpaði mér mikið í þeirri köllun sem ég hafði til að verða kennari. Ég kom til Íslands 1980 og hef kennt hérna og spilað síðan.

Ástæðan fyrir þessum verkum er sú að Erling var alveg stórkostlegur flytjandi einleiksverka Bachs. Bæði þessi verk eftir Villa-Lobos tengjast Bach, þess vegna heita þau Bachianas Brasileiras. Hann var sellóleikari sjálfur hann Villa-Lobos og hann samdi þessi tvö verk undir sterkum áhrifum frá Bach. Mér fannst allt prógrammið tengjast Erling. Ég flutti þetta síðasta verk, Bachianas Brasileiras nr. 1, sem nemandi hans undir hans stjórn í Tivoli concert salnum 1968, þannig tengist þetta allt saman Erling. Ég vona að fólk flykkist að, því að Erling var búinn að gefa þessari þjóð mikið með list sinni í meira en 60 ár. Hann kom hingað sem undrabarn 14 ára gamall og síðustu tónleikana sína hélt hann á 75 ára afmælinu sínu. Hann var búinn að koma hingað geysilega oft og halda tónleika. Hann var óskaplega frændrækinn og hélt mikið upp á þetta land. Þegar hann fluttist til Bandaríkjanna þá hafði hann ekkert síður litið á Ísland sem sitt ættland, miklu frekar heldur en Danmörku.“ **stefanthor@frettabladid.is**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Ólafs Árna Thorarensen**
kaupmanns á Siglufirði.

Þakkir til allra þeirra er minntust hans og sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarsviðs Sjúkrahúss Siglufjarðar fyrir ómetanlega og óaðfinnanlega umönnun á Óla síðustu árin. Honum þótti vænt um ykkur öll.

**Ólafur Thorarensen**
**Ragnar Thorarensen** **Sigríður Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Maríu Kristinsdóttur**
handavinnukennara,
áður til heimilis að Kópavogsbraut 11.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar fyrir frábæra umönnun.

**Guðbjörg Jóna Jakobsdóttir** **Þórarinn Helgason**
**Þórður Jakobsson**
**Jón Kristinn Jakobsson** **Guðrún Emilía Danielsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Þórunn Björnsdóttir hefur stjórnað kórnum í 40 ár og sést hér með hópi af hressum kórkrökkum.

# Hafa verið öflug og dugleg í 40 ár

**Skólakór Kársness heldur upp á 40 ára starfsafmæli með tónleikum í Eldborgarsal Hörpu á morgun, sunnudag, klukkan tvö. Fram koma 300 krakkar auk góðra gesta.**

Við erum sem sagt að halda upp á 40 ára starfsafmæli kórsins. Við erum búin að vera mjög öflug og dugleg í 40 ár. Það koma þarna fram 300 krakkar. Það sem mun einkenna þessa tónleika er að við munum byggja þetta á mikilli sönggleði. Við erum með valinkunna hljóðfæraleikara og frábæra gesti með okkur – Emilíönu Torrini, Gissur Pál og Siggu Eyrúnu. Krakkarnir hafa verið að æfa mjög stíft,“ segir Þórunn Björnsdóttir kórstjóri sem mun stjórna kórnum á morgun ásamt Álfheiði Björgvinsdóttur. Skólakór Kársness hefur verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi þessi 40 ár sem hann hefur verið starfandi og margir þekktir tónlistarmenn sem hafa stigið sín fyrstu spor innan kórsins.

„Á efnisskránni verða lög sem hafa notið mikilla vinsælda í kórnum. Þetta eru lög sem hafa verið óskalög. Ég gerði óformlega könnun meðal fyrrverandi nemenda minna og efnisskráin byggist svolítið á því sem þau langar til að heyra, lög sem þau sungu inn í hjörtu landsmanna á sínum tíma. Drengjakórinn mun ráðast á karlakóraperlurnar eins og Hraustir menn og Brennið þið vitar.

> **Við hlökkum mikið til, það verður mikil upphefð fyrir þessa krakka að fá að koma fram í Hörpu. Það er einstakt fyrir svona grunnskólakór að leigja svona stórt og glæsilegt hús.**

Stelpurnar verða með mjög hressileg gospellög. Þetta verða allt hressileg sumarlög og bara skemmtilegt, bæði íslensk og erlend lög.

Við ætlum að enda þetta með samsöng þar sem við munum meðal annars syngja Kópavogslagið og enda þetta með Maístjörnunni, sem hefur fylgt okkur lengi. Við hlökkum mikið til, það verður mikil upphefð fyrir þessa krakka að fá að koma fram í Hörpu. Það er einstakt fyrir svona grunnskólakór að leigja svona stórt og glæsilegt hús. Við erum svo mörg og eigum svo marga góða að, við getum gefið börnunum tækifæri til að koma fram í svona stóru og flottu húsi.“

Tónleikarnir fara fram í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 22. maí klukkan 14.00. Miðaverð er frá 1.500 til 3.000 króna. stefanthor@frettabladid.is

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Konráð Finnsson**

frá Ytri-Á,
til heimilis að Túngötu 7, Ólafsfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Hornbrekku sunnudaginn 15. maí. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju mánudaginn 23. maí kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Slysavarnafélögin á Ólafsfirði.

**Svanhvít Tryggvadóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir — Jón Gunnarsson**
**Finnur Víðir Gunnarsson — Hrefna Magnúsdóttir**
**Bergur Gunnarsson — Rósa María Vésteinsdóttir**
**Gunnar, Svanhvít, Magnús, Gunnar Konráð, Freydís Þóra og Katrín Ösp**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þórdís Jóna Sigurðardóttir**

áður til heimilis að Norðurbrú 5, Garðabæ,

lést 13. maí síðastliðinn á Hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ.

Útförin fer fram frá Garðakirkju, Álftanesi, þriðjudaginn 24. maí kl. 15.00.

**Sigurður Arnór Hreiðarsson**
**Guðrún Erna Hreiðarsdóttir**
**Valdimar Hreiðarsson — Thanita Chaemlek**
**Birna Hreiðarsdóttir — Pétur G. Thorsteinsson**
**Dröfn Hreiðarsdóttir — Ásgrímur Skarphéðinsson**
**Sólveig Sif Hreiðarsdóttir — Ólafur Arnarson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðmundar Guðjónssonar**

óperusöngvara, húsgagnasmiðs og sviðsstjóra hjá RÚV,
Sléttuvegi 19, 103 Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir einstaka umönnun svo og Karlakór Reykjavíkur, eldri félagar.

**Kristín Bjarnadóttir**
**Guðrún Guðmundsdóttir — Grétar J. Unnsteinsson**
**Hafsteinn Guðmundsson — Helga Gylfadóttir**
**Erna Guðmundsdóttir — Kristján Viggósson**
**afa- og langafabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Steinunn Lilja Sigurbjörnsdóttir**

áður til heimilis að Hæðargarði 33,

lést mánudaginn 9. maí á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sóltúns sem sinnti henni af einstakri hlýju og alúð.

**Grétar Hafsteinsson**
**Aðalheiður Hafsteinsdóttir**
**Lilja Hafsteinsdóttir**
**Ólafur Hafsteinsson**
**Guðbjörg Hafsteinsdóttir**
**Atli Hafsteinsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Rósa Sveinsdóttir**

Suðurhlíð 38c,

lést 7. maí síðastliðinn. Útför hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð.

**Jóhannes Tómasson**
**Soffía Jóhannesdóttir, Tómas Heiðar Jóhannesson, Kristín Helgadóttir**
**Rósa Marí Sigmarsdóttir, Jóhannes Helgi Tómasson, Kári Tómasson, Matthías Arnar Tómasson.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Guðjónsson**

Ásholti 2, Reykjavík,

er látinn.
Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Auður Ellertsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Óskar Halldórsson,**

húsgagnabólstrari,
Lyngbergi 39b, Hafnarfirði,

sem lést þann 17. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju þriðjudaginn 24. maí kl. 13.00.

**Helga Jóna Jensdóttir**
**Hrafnhildur Óskarsdóttir — Jens Þórisson**
**Hafdís Óskarsdóttir — Khalil Semlali**
**Helena Óskarsdóttir — Robert Scobie**
**Helga Óskarsdóttir — Christof Wehmeier**
**Valdimar Óskarsson — Lovísa Traustadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

---



Elskuleg móðir mín,

**Kristjana Sigríður Kristjánsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,
Grettisgötu 77, Reykjavík,

lést 12. maí síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 25. maí kl. 13.00.

**Birgir Steingrímsson**

---



Elskulegur sonur minn og bróðir okkar,

**Ívar Árnason**

Austurbrún 6,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 9. maí síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sérstakar þakkir til allra þeirra sem önnuðust hann í erfiðum veikindum.

**Sæbjörg Eiríksdóttir**
**Aldís Árnadóttir — Jón Aðalbjörnsson**
**Iðunn Árnadóttir — Páll Gústafsson**
**Sigurður Árnason**
**Gunnar Gunnarsson — Margrét Karlsdóttir**
**Eiríkur Auðunn Auðunsson — Dóra Kristín Þórisdóttir**
**Örlygur Auðunsson — Brynhildur Guðmundsd.**

---



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Sæmundsdóttir**

Sæviðarsundi 78, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 13. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Þökkum auðsýnda samúð. Starfsfólki endurhæfingardeildar Eirar þökkum við góða umönnun.

**Óttar Karlsson**
**Áslaug Óttarsdóttir — Kristján Sigurjónsson**
**Birta Björnsdóttir — Sveinn Logi Sölvason**
**Brynja Björnsdóttir — Hjörtur Jóhann Jónsson**
**Anna Guðjónsdóttir**
**Herdís Anna, Óttar, Sölvi Brynjar og Jón Egill**

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**7** Óræð særir útkeyrðar (8)
**11** Í huga mér sé ég starf, en hver er sá sem í það ræður? (13)
**12** Ekki frábrugðin tímabundnum geymslum genginna (8)
**13** Klóna danska vegna afmynduðu litabaukanna (11)
**14** Ætli greifar hrærist í úrvalsflokki? (8)
**15** Hlýtur þetta ekki að vera hinn eini sanni meykóngur? (13)
**16** Þá aumum var bjargað úr ösinni (7)
**17** Þrammið eftir brúnni sýnir hve ójöfnuðurinn er mikill (13)
**18** Tímabil ákafrar tortryggni rifjast upp (8)
**19** Þvílíkir fúskfuglar og bögubósar! (7)
**23** Geymi mitt baul í skessu (3)
**25** Sæhneta garnrjúpunnar (9)
**30** Flekklaus hreinsar mannorð sitt (8)
**31** Vandar við hakk síns tíma (9)
**32** Klögum hrifningu á þeim sem við unnum (8)
**33** Viltu athuga hvað þessi fantur vill? (5)
**34** Gerast þá svikul við fláráða (9)
**35** Heppileg fyrirmynd fyrirtækis fyrir keppni (8)
**38** Skyldi það vera við hæfi að hætta við? (5)
**39** Úralfjöll og nágrenni - myntin mun hreinsa þar til (7)
**40** Bil hins gríska risa er fullt af sjó (11)
**41** Boga dreymir um blómakrans (5)
**42** Stikaðu nú í þennan brjálaða svelg (7)
**43** A-stofnanir og betri stofan – þar logar eldur (10)
**44** Þetta er síðasta orðið í þessari gátu (4)

**LÓÐRÉTT**

**1** Með viðeigandi límonaði á pallinum (10)
**2** Má bjóða þér söðulugga, jafnvel besta bitann? (10)
**3** Tími Siríusar og Snata (10)
**4** Að deyja úr ást eða dauðir af sárum sínum? (10)
**5** Þolum útsynning best af öllum sunnanvindum (11)
**6** Ysti bjálkinn riðar, því glefsað var í hann (10)
**7** Y-litningar og brennivín móta klíkur hinna ungu sveina (11)
**8** Refsar létt, því athæfið er engin glæpur (11)
**9** Sá útbreiddi siður að senda fullkomlega framandi sting til Íslands (11)
**10** Tek hinn stærsta úr dys sinni fyrir þann sem mestu skilar (11)
**20** Fattaði snemma hver hinn reglulegi gestur var (7)
**21** Neitum alveg að greina frá hengingum (7)
**22** Ráðum fólki frá því að róa að hættulegum lendingum (7)
**23** Læt drýsla mynda lækjarsóley fyrir tímamótapartí (10)
**24** Varst þar um kyrrt, enda gift og hlýðin (10)
**25** Ullargæslumaður reynist kjörlendi Lubba (10)
**26** Torflengjan hylur niðurskorinn (10)
**27** Um allt sem verður til og breytist (9)
**28** Heyri orðróm meðal fjölkunnugra um fordæðufjöld (10)
**29** Risafiskurinn er efni í margra tíma fyrirlestur (10)
**35** Strönd hinna villtu jarfa (5)
**36** Ætli maður lötri þetta ekki aðeins öðruvísi (5)
**37** Þetta skírlífa guðslamb var hálshöggvið 1830 (5)





Lausnarorð síðustu viku var

**DÝPKUNARSKIP**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Hundadagar** eftir Einar Má Guðmundsson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Katrín Magnúsdóttir, Seltjarnarnesi.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast ákveðin gögn að vestan. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 27. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „21.mai".

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.









# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SKEMMTILEG ÞVINGUN

Spil úr Íslandsmótum ná oft að vera spennandi. Sama á við um spil sem koma fyrir við hefðbundna spilamennsku – í þessu tilfelli sumarbústaðabridge, þar sem kom fyrir mjög áhugavert spil. Í NS sátu Stefán Stefánsson og Guðjón Sigurjónsson. Stefán sat í suður og vakti á tveimur tíglum sem er Flannery sagnvenja, lofar 10-15 punktum, 4 spöðum og 5-6 hjörtum.

**Norður**
♠ 5
♥ K75
♦ KDG109872
♣ 2

**Vestur**
♠ D984
♥ 86
♦ 765
♣ KG43

**Austur**
♠ K1032
♥ DG10
♦ A3
♣ A765

**Suður**
♠ AG76
♥ A9432
♦ -
♣ D1098

Vestur doblaði og Guðjón redoblaði til að sýna styrk í tígli. Austur sagði 2♠ og suður doblaði. Vestur passaði og Guðjón stökk í 5♦. Þeir voru doblaðir og Guðjón redoblaði óhræddur. Útspilið var laufaás, því næst hjartadrottningu sem var drepin á kóng í blindum. Tígulkóng spilað sem var drepinn á ás og hjartagosa spilað. Hann var drepinn á ás og lauf trompað Stefán tók allan tígulinn í blindum nema einn. Í þriggja spila endastöðu var staðan þannig að suður var með AG í spaða og laufdrottningu. Norður var með spaðafimmu, hjartasjöu og tígultvist. Vestur var með D9 í spaða og laufkóng. Austur var með K10 í spaða og hjartatíu. Þegar síðasta tíglinum var spilað var komin þvingun á bæði austur og vestur. Austur henti spaðatíu, og Stefán henti laufdrottningu og vestur var þá þvingaður með hjarta- og spaðavaldið og Stefán vann sitt spil.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Ahues átti leik gegn Leopold í Dresden árið 1903.

**1. Hxf7! Hxf7 2. Dxc7!! Dxc7 3. He8#.** MótX einvígi Hjörvars Steins Grétarssonar og Nigels Short hefst í dag kl. 14 í Salnum í Kópavogi. Allir velkomnir.
**www.skak.is:** EM í Kósovó.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 5 | | 3 |
| | 7 | | | 9 | | 6 | | |
| 8 | | 6 | | | 5 | 9 | 7 | |
| | | 4 | | | 6 | 8 | | 9 |
| | | | 2 | | 8 | | | |
| 1 | | | 4 | | | 3 | | |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| 6 | | | 1 | | 7 | 4 | 5 | |
| 7 | | 8 | | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 5 | | 6 | 1 | | | 4 |
| | | | 8 | | 3 | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 2 | 4 | | | |
| 1 | | 2 | | | | | 4 | |
| 5 | | | | 4 | | | | 7 |
| | | 4 | | | | 9 | 3 | |
| 6 | | | | | | | 8 | |
| | 7 | | | 5 | | | 1 | |
| | 5 | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | 6 | | 1 |
| 5 | | | 4 | | 3 | | | |
| 2 | | | | 8 | | | 5 | 9 |
| | | | | | 4 | 8 | 1 | |
| 7 | | 5 | 6 | | | | | |
| | | 6 | | 9 | 2 | | | |
| 6 | | 8 | 9 | | | 1 | | 4 |
| | | | | | 6 | | | |
| 1 | | 4 | 8 | | | | | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | | 2 | |
| 7 | | | 2 | | | | 5 | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | | 6 | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | | 4 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

# Nú er Iceland Arnarbakka 2 ára og þökkum við fyrir góðar móttökur!

Af því tilefni bjóðum við uppá

## Frábær afmælistilboð í Iceland Arnarbakka

Tilboð gilda eingöngu í Iceland Arnarbakka

2 ára afmæli

**499** kr. pk.
TWISTER
8 STK.

**259** kr. stk.
ICELAND PIZZUR
DEEP PAN OG THIN & CRISPY

**399** kr. pk.
ICELAND KAFFI - MALAÐ
400 G

**199** kr. stk.
ICELAND HEILHVEITI SAMLOKUBRAUÐ 770 G

**249** kr. pk.
PAGEN KANEL GIFLAR 260 G

**149** kr. pk.
GÓU FLÓRÍDABITAR - STÓRIR

**999** kr. pk.
ESJA HAMBORGARAR 115 G - 4 STK. + STÓR BRAUÐ

**199** kr. pk.
DORITOS 170 G - NACHO CHEESE, COOL AMERICAN OG SWEET CHILI

GILDIR AÐEINS LAUGARDAG!
**1000** kr. pk.
DUNKIN DONUTS
6 Í KASSA

**59** kr. stk.
PEPSI, PEPSI MAX, APPELSÍN, MOUNTAIN DEW 330 ML.

**199** kr. pk.
OSTA- OG PAPRIKUSTJÖRNUR
90 G

**Gefum grillaðar pylsur og gos**
milli kl. 14-17 í dag laugardag
(Meðan birgðir endast)

**799** kr. stk.
BEN & JERRY´S
500 ML.

**299** kr. pk.
JARÐABER DRISCOLL´S
250 G

Iceland

Tilboð gilda til sunnudags 22. Maí - Tilboð gilda eingöngu í Arnarbakka og á meðan birgðir endast.

## Konráð og félagar á ferð og flugi 200

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,“ bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | 3 | | | 2 | 6 |
| 2 | | 1 | 5 | | 4 | | 8 | |
| 3 | 5 | | | 8 | 2 | 9 | | 1 |
| 5 | | 8 | | 9 | | 7 | | 2 |
| | 7 | 2 | | | 5 | 4 | | 9 |
| 9 | 4 | 3 | 2 | 7 | | | 5 | 8 |
| | 6 | | | 2 | 9 | 8 | 7 | |
| | | 9 | 6 | | | 2 | | 5 |
| 7 | 2 | | 1 | 5 | | 6 | 9 | |



## Barnavísur

A, b, c, d
A, b, c, d, e, f, g,
eftir kemur h, i, j, k,
l, m, n, o, einnig p,
ætla ég q þar standi hjá.
R, s, t, u, v eru þar næst,
x, y, z, þ, æ, ö.
Allt stafrófið er svo læst
í erindi þessi lítil tvö.
(Höfundur ókunnur)

Fagur fiskur í sjó
Fagur fiskur í sjó,
brettist upp á halanum
með rauða kúlu á maganum.
Vanda, banda,
gættu þinna handa.
Vingur, slingur,
vara þína fingur.
Fetta, bretta,
svo skal högg á hendi detta.
(Höfundur ókunnur)









Óðinn og Sævar eru hér fyrir framan risa osta á Ítalíu.

# Skemmtilegir rólóar og ítalski ísinn góður

Bræðurnir **Óðinn Styrkár** og **Sævar Stormur Þórhallsynir** fluttu nýlega til Mílanó á Ítalíu ásamt foreldrum sínum og litlu systur. Þeir kunna vel við ítalska lífið en sakna helst SS-pylsanna frá Íslandi.

**Nafn og aldur?** Óðinn Styrkár Þórhallsson verður 8 ára í ágúst. Sævar Stormur Þórhallsson er 5 ára.

**Hvernig var að flytja til útlanda?** Ó: Pínu óðruvísi því við gátum ekki strax talað tungumálið.
S: Gaman.

**Voruð þið fljótir að læra ítölsku?** Ó: Já, það tók svona tvo mánuði, núna skil ég allt.
S: Í leikskólanum mínum tala kennararnir ítölsku og ensku.

**Hvernig finnst ykkur að búa á Ítalíu?** Ó: Eiginlega mjög gaman,
S: Stundum gaman, stundum ekki gaman. Stundum skil ég ekki alveg allt – en oftast.

**Hvað er skemmtilegast?** Ó: Veðrið er gott og flestur matur er mjög góður og ísinn líka.
S: Rólóarnir eru mjög skemmtilegir og ég fæ mjög oft gelato.

**Saknið þið Íslands?** Ó: Jáááá stundum, ég sakna Matthildar og íslensku vina minna. En samt á ég fullt af ítölskum vinum líka. Og ég sakna líka SS pulsanna.

S: Já, ég sakna Viktors og vina minna. Besti vinur minn á leikskólanum á Ítalíu heitir Joseph. Ég sakna líka Seltjarnarness stundum.

**Hvað ætlið þið að gera í sumar?** Ó: Fara til Íslands í júlí í smá heimsókn með pabba, og þegar við erum komnir aftur til Mílanó förum við í ferðalag um Ítalíu, þar verður hús með sundlaug. Þá verður mamma í fríi í skólanum.

S: Það er búið að vera sumar svolítið lengi hér, ég ætla samt líka til Íslands og fara í Neslaugina og borða SS pulsur.



Bræðurnir ætla að fara til Íslands í sumarfríinu og í ferðalag um Ítalíu.

## Listaverkið




Ásdís Júlíusdóttir teiknaði þessa mynd.



FATASÖFNUNARÁTAK
RAUÐA KROSSINS
OG EIMSKIPS

RAUÐI KROSSINN
ICELANDIC RED CROSS

SÖFNUNARSTÖÐVAR

- Afgreiðslustöðvar Eimskips Flytjanda
- Endurvinnslustöðvar Sorpu
- Fatasöfnunargámar Rauða krossins

# GERÐU GAGN MEÐ GÖMLUM FÖTUM

Komdu með gömlu fötin þín, skóna, handklæði, rúmföt, gluggatjöld og aðrar vefnaðarvörur, á fatasöfnunarstöðvar Rauða krossins. Allur fatnaður, hvort sem hann er slitinn eða heill, nýtist okkur í hjálparstarfi hérlendis sem erlendis.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðan og norðaustan 3-13 m/s í dag, hvassast við austurströndina og á annesjum fyrir norðan. Skúrir eða slydduél á Norðaustur- og Austurlandi. Í öðrum landshlutum sér víða til sólar, en þó má búast við einhverjum skúrum síðdegis. Hiti 3 til 12 stig, svalast norðaustanlands.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 14° | Oslo 17° | Stokkhólmur 17° | Gautaborg 14° | Helsinki 21° | Þórshöfn 10° | Nuuk 1° |
| London 18° | Amsterdam 21° | París 24° | Berlín 23° | Madríd 25° | Brussel 23° | Róm 25° |
| Boston 14° | New York 14° | Orlando 24° | Moskva 16° | Singapúr 28° | Tókýó 18° | Sydney 15° |




## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **6:06** | **00:08** |
| 3.58m | 0.57m |
| **18:27** | **12:16** |
| 3.81m | 0.51m |
| **Akureyri** | |
| **10:32** | **4:25** |
| 1.28m | 0.37m |
| **22:43** | **16:25** |
| 1.44m | 0.39m |
| **Ísafjörður** | |
| **7:59** | **2:12** |
| 1.77m | 0.24m |
| **20:26** | **14:17** |
| 1.95m | 0.19m |

### Tunglstaða

Vaxandi

98%

Sólarupprás:
03.52

Sólarlag:
22.58

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↘4 | 10° ↑7 | 9° ↑8 | 8° ↑8 | 6° ↘6 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↙6 | 4° ↖6 | 6° ↗6 | 6° ↗11 | 5° →11 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↓4 | 3° ↖2 | 6° ↗10 | 7° ↗6 | 8° ↗11 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↘9 | 5° →8 | 10° ↖7 | 10° ↑7 | 9° ↑8 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° →5 | 10° ↘5 | 10° ↑4 | 9° ↖6 | 7° ↖5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**Við opnum glæsilega nýja verslun í Kópavogi. Óskum eftir duglegu og drífandi starfsfólki, en þó með mikla reynslu af svefni og hvíld.**

Við óskum eftir duglegu og drífandi sölufólki í fullt starf og hlutastarf um helgar í Dorma Holtagörðum og á Smáratorgi. Sömuleiðis viljum við ráða öflugan verslunarstjóra í verslun okkar í Holtagörðum.

Ef þú vilt vinna á líflegum og skemmtilegum vinnustað skaltu ekki hika við að senda umsókn á **vinna.dorma@dorma.is** fyrir 27. maí. Öllum umsóknum verður svarað.

**Umsækjendur skulu:**
- hafa náð 20 ára aldri
- vera stundvísir og heiðarlegir
- búa yfir færni í mannlegum samskiptum
- hafa áhuga á bæði húsgögnum og hönnun

**Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.**

**Reykjavík**
Holtagörðum og
Smáratorgi, 512 6800

**Akureyri**
Dalsbraut 1, 558 1100

**dorma.is**

DORMA

# Á bak við er manneskjan í öllum sínum ljótleika

**Á mánudagskvöld verður leikritið Sími látins manns eftir bandarísku skáldkonuna Söruh Ruhl frumsýnt í Tjarnarbíói í leikstjórn Charlotte Bøving og er sýningin hluti af Listahátíðinni í Reykjavík sem hefst í dag.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Sarah Ruhl er bandarískt leikskáld sem hefur vakið mikla athygli fyrir verk sín á liðnum árum. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna og meðal annars tvívegis verið tilnefnd til Pulitzer-verðlaunanna. Verk hennar takast á við samtíma, samfélag og meðborgara á skemmtilegan máta og það er því gleðiefni að eitt af verkum Söruh Ruhl skuli loksins rata á fjalirnar í íslensku leikhúsi. Á mánudaginn frumsýnir leikhópurinn Blink verkið Sími látins manns, sem var frumflutt í Bandaríkjunum árið 2007, þar sem það fékk strax afar góðar viðtökur.

Charlotte Bøving er leikstjóri uppfærslunnar í Tjarnarbíói og hún segir að hugmyndin að því að takast á við þetta verk sé í raun komin frá Maríu Dalberg, sem er jafnframt framleiðandi og ein af leikurum sýningarinnar, en hún stofnaði umræddan leikhóp árið 2014. „María bjó í New York á sínum tíma og þar fann hún soldið fyrir þessum einmanaleika sem getur fylgt því að búa í stórborg. Þú ert alltaf umkringdur fólki, en samt alltaf einn. Þetta verk, Sími látins manns, höfðaði sterklega til hennar því það fjallar um stelpu sem er soldið einmana og byrjar að lifa í gegnum mann sem er látinn.“

### Að lifa á internetinu

Verkið má skilgreina sem gamanleikrit með alvarlegum undirtóni. Það segir frá ungri konu sem ákveður að svara í síma sem einhver hefur skilið eftir á kaffihúsi og hefur hringt án afláts. Við þetta verður mikil breyting á lífi ungu konunnar en Charlotte segir að umfjöllunarefni verksins sé í raun mjög víðtækt. „Þetta verk fjallar ekki bara um sögu þessarar ungu konu heldur í raun um svo margt sem snertir okkur í nútímasamfélagi. Það er fylgst með þessari konu stíga inn í veröld látins manns og við það kynnumst við í rauninni honum líka og alls konar skrítnum og skemmtilegum persónum úr hans fjölskyldu en leikarar auk Maríu eru þau Kolbeinn Arnbjörnsson, Elva Ósk Ólafsdóttir og Halldóra Rut Baldursdóttir.

Þetta er rammi sögunnar en svo er verkið líka að skoða hvernig við sem manneskjur tengjumst hver annarri og það er eitthvað sem á sífellt sterkara erindi við okkur. Við tengjumst í gegnum netið og símann og alla þessa tækni þannig að það er t.d. allt í einu orðið gamaldags að senda sendibréf. Unga stúlkan verður í raun ástfangin af látnum manni eða öllu heldur ímyndinni sem hann skilur eftir sig. Ímynd sem er spennandi því maðurinn er eðlilega þögull og óræður. Þetta er eins og tvitta þar sem fólk heillast af ímynd en ekki fólki. En svona er þetta í dag. Þegar fólk deyr þá lifir það áfram á internetinu þar sem fólk sendir því afmæliskveðjur einu sinni á ári og annað slíkt.

### Sköpum okkur ímynd

Verkið tekst aðeins á við þetta en svo er þetta líka um hjónabandið. Um það hverju við höldum hvort frá öðru og hvernig við tengjumst.

> EN SVONA ER ÞETTA Í DAG. ÞEGAR FÓLK DEYR ÞÁ LIFIR ÞAÐ ÁFRAM Á INTERNETINU ÞAR SEM FÓLK SENDIR ÞVÍ AFMÆLISKVEÐJUR EINU SINNI Á ÁRI OG ANNAÐ SLÍKT.

Langar okkur í raun til þess að tengjast og vera náin eða er einfaldlega betra að lifa í fjarlægðinni og ímynda okkur hvernig fólk er. Ég held að þetta verk sé að miklu leyti einmitt um það hvað við sýnum og hvað við sýnum ekki.

Hvaða mynd ertu með á Facebook? Hvaða ímynd ertu með? Hvað er þitt brand? Í dag erum við í raun öll að keppast við að markaðssetja okkur og keppast við að varpa fram af okkur ákveðinni ímynd.“

Charlotte segir að verkið eigi ekkert síður erindi inn í samfélag á borð við Ísland eins og það stóra samfélag sem það er sprottið úr. „Þetta verk á alls staðar erindi. Við erum með í höndunum alveg rosalega góða staðfærslu og þýðingu á verkinu þannig að það á ekki að trufla neinn að þetta er bandarískt verk. Það er líka soldill ævintýraheimur með eilítið ýktum og fyndnum persónum. Þær minna mig reyndar aðeins á persónurnar hennar Auðar Övu Ólafsdóttur. Heimurinn er ekki alveg venjulegur. En eins og hjá henni þá er alltaf botn í öllu – sársaukinn er raunverulegur. Það er margt sem gerist á yfirborðinu en á bak við er bara manneskjan í öllum sínum ljótleika að dragnast með alla sína erfiðleika og sársauka.“




Charlotte Bøving, leikstjóri sýningarinnar Sími látins manns, sem verður frumsýnd í Tjarnarbíói á mánudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## GÁRUR AF GÖGNUM

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn í Kötlusal Hótel Sögu miðvikudaginn 25. maí 2016, kl. 8.15–10. Á fundinum verður fjallað um hvernig rannsóknir á stofnuninni og opið aðgengi að þeim hafa nýst með óvæntum hætti víða í samfélaginu. Þá verður sjónum beint að rafrænum menningararfi sem enn á víða í vök að verjast.

**Hægt er að skrá sig á ársfundinn fram að hádegi þriðjudaginn 24. maí á vefsíðu stofnunarinnar: *www.arnastofnun.is***

**Þorsteinn Pálsson,** formaður stjórnar
*Ávarp*

**Guðrún Nordal,** prófessor og forstöðumaður Árnastofnunar
*Starfsemi stofnunarinnar árið 2015*

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir** alþingismaður
*Varðveisla menningararfleifðar á stafrænu formi*

**Bjarki Sveinbjörnsson,** forstöðumaður Tónlistarsafns Íslands
*„... hefur þú heyrt þessa sögu?“*

**Sigríður Rún,** grafískur hönnuður
*Líffærafræði leturs*

**Vilhjálmur Þorsteinsson** hugbúnaðarhönnuður
*Skraflað og málgreint með Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls*

**Guðrún Ingólfsdóttir,** sjálfstætt starfandi fræðimaður
*Á hverju liggja ekki vorar göfugu kellingar. Bókmenning íslenskra kvenna frá miðöldum til 1730.*

**Illugi Gunnarsson** mennta- og menningarmálaráðherra
*Ávarp*

*Að lokinni dagskrá í Kötlusal verður farið að grunni Húss íslenskunnar ásamt mennta- og menningarmálaráðherra.*

# Trampólín

## og varahlutir í trampólín





**Keyrum trampólínið heim að dyrum á höfuðborgarsvæðinu án endurgjalds.**

### Dæmi um stærð og verð

10 feta (3,06m) Trampólín ásamt öryggisneti og tröppu **34.990,-**

12 feta (3,66m) Trampólín ásamt öryggisneti og tröppu **42.990,-**

14 feta (4,26m) Trampólín ásamt öryggisneti og tröppu **52.990,-**

16 feta (4,88m) Trampólín ásamt öryggisneti og tröppu **64.990,-**

**Eigum til flesta varahluti í allar stærðir trampólína.**

- Gormar
- Hoppudýnan
- Gormahlífar
- Öryggisnet fyrir innan eða utan gormana
- Allar festingar
- Vindfestingar





TRAMPÓLÍN.IS

Hokkí & Sport • www.trampolin.is • Faxafen 8 (2.hæð) • S. 588-9930

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
POWERSÝNING KL. 22:00
X-MEN APOCALYPSE
TILBOÐ KL 2
TILBOÐ KL 1:50
ANGRY BIRDS
BAD NEIGHBOURS 2
CIVIL WAR
TILBOÐ KL 1:50
RATCHET & CLANK

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 4, 7, 10(P) |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 1:50, 3:50 |
| ANGRY BIRDS ENS.TAL | 5:50 |
| ANGRY BIRDS 3D ÍSL.TAL | 2, 4:15 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 8, 10 |
| CAPTAIN AMERICA | 7, 10 |
| RATCHET & CLANK | 1:50 |

SAMBÍÓIN
KEY & PEELE
KEANU
KITTEN, PLEASE.
ROLLING STONES
HITFIX
ROGEREBERT.COM
NEW YORK POST
78%
X-MEN APOCALYPSE
Frábær rómantísk gamanmynd frá leikstjóra Pretty Woman og Valentine's Day
MOTHER'S DAY

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| KEANU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| KEANU VIP | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
